**ARINBJÖRN MARINÓSSON**

*Skemmtilegt að bjóða í dýrindis grillveislur*

matur helgin

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**ÚTIVERA**

*Unglingar spreyta sig á Gufuskálum*

Sérblað um útivist

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

30. maí 2008 — 145. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

**Umkringdur varnartröllum**



Þorsteinn Joð verður vel varinn á EM í sumar.

FÓLK 50

**Fyrsta heilsulindin**

Baðhúsið fagnar fimmtán ára starfsafmæli.

TÍMAMÓT 30



**Keyra á fullum krafti**

Ísland mætir Argentínu í kvöld í fyrsta leiknum af þremur í forkeppni ÓL 2008.

ÍÞRÓTTIR 46

FÖSTUDAGUR

**Eru hnakkarnir á útleið?**

Hverjir eru best og verst klæddu menn landsins?




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULOFT** Í dag verður yfirleitt hæg suðvestlæg átt. Leifar af úrkomu eystra framan af degi en fer að rigna vestan til seint í dag eða kvöld. Hiti 10-16 stig.

VEÐUR 4






**EFTIRSKJÁLFTANNA BEÐIÐ** Í Hveragerði biðu þau Frosti Gylfason, Sonja Björg Fransdóttir, Guðbjartur Fransson, Erna Margrét Magnúsdóttir og Ósk Guðvarðardóttir ásamt fjölskyldum sínum frekari eftirskjálfta stóra skjálftans sem skók landið í gær. Margir Hvergerðingar brugðu á það ráð að gista í tjöldum, tjaldvögnum eða fellihýsum við heimili sín eða á tjaldsvæðinu í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á þriðja tug slasaðir eftir harðan Suðurlandsskjálfta

**Jarðskjálfti sem mældist 6,3 á Richter skók jörð skammt frá Hveragerði á fjórða tímanum í gær. Tilkynnt var um minniháttar meiðsl á fólki. Mikið tjón varð á innanstokksmunum og víða varð tjón á byggingum.**

**JARÐSKJÁLFTI** Á þriðja tug manna leitaði til heilsugæslu vegna minniháttar meiðsla eftir að jarðskjálfti sem mældist 6,3 á Richter-kvarða reið yfir Suðurland í gær. Í gærkvöldi var ekki vitað til þess að fólk hefði slasast alvarlega.

Skjálftinn, sem telst til Suðurlandsskjálfta, varð klukkan 15.46 í gær. Sérfræðingar Veðurstofu Íslands sögðu í gærkvöldi að um tvo skjálfta hefði verið að ræða.

Talið er að sá fyrri hafi komið þeim síðari af stað, og þeir riðið yfir svo gott sem samtímis. Sá fyrri átti upptök sín undir Ingólfsfjalli, um fimm kílómetrum austsuðaustan við Hveragerði. Meginskjálftinn varð hins vegar um þremur kílómetrum vestar, sunnan við Hveragerði.

Mikið tjón varð á innanstokksmunum í Hveragerði, á Selfossi og víðar, segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Þá varð talsvert tjón á húsum á svæðinu og víða komu sprungur í veggi.

„Það er ekkert heilt. Ekkert,“ sagði Sveinn Ingvason, íbúi í Hveragerði, um heimili sitt eftir skjálftann. „Bara allt í einum allsherjar graut.“

Heilsugæslustöðin í Hveragerði var rýmd vegna skemmda svo læknar og hjúkrunarfólk þurftu að gera að sárum slasaðra utandyra. Þá voru fleiri stofnanir rýmdar, þar með talið vistheimili aldraðra og fangelsið að Litla-Hrauni. Um tíu manns voru sendir til Reykjavíkur til aðhlynningar, en gert var að sárum annarra á staðnum. Yfir 300 björgunarsveitarmenn frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg flykktust á vettvang fljótlega eftir skjálftann. Björgunarsveitarmenn fóru á milli húsa, á sveitabæi og í sumarhús til að kanna hvort þörf væri á aðstoð.

Fólk í nágrenni skjálftans var beðið um að halda sig utandyra fram á kvöld af ótta við harða eftirskjálfta. Um klukkan 20 bárust þær upplýsingar frá Veðurstofunni að ólíklegt væri að skjálfti af svipaðri stærðargráði riði yfir aftur. Fólki var í kjölfarið leyft að snúa aftur í hús sem ekki skemmdust. Ekki var talið óhætt að gista í skemmdum húsum.

Fjöldahjálparstöðvar Rauða kross Íslands voru settar upp í Hveragerði, Selfossi, Þorlákshöfn og víðar. Þar var boðið upp á mat og gistingu, segir Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri útbreiðslusviðs hjá RKÍ.

Almannavarnir tilkynntu í gærkvöldi að leik- og grunnskólar í Árborg yrðu lokaðir í dag.

Aragrúi minni eftirskjálfta fylgdi skjálftanum. Þeir stærstu voru á bilinu 3,5 til 4 á Richter. Eitthvert tjón varð á Óseyrarbrú og Ölfusárbrú, sem og á slitlagi á vegum. Talið er að kostnaður við viðgerðir á vegum og brúm geti hlaupið á tugum milljóna króna.

Ekki varð tjón á veitumannvirkjum Orkuveitu Reykjavíkur eða Landsvirkjunar. - bj / sjá síður 4 til 10




**SKJÁLFTASVÆÐIÐ** Upptök skjálftans voru mjög nærri þéttbýli.

Móðir skreið í geðshræringu í átt að sofandi syni sínum meðan allt hrundi í húsinu:

## Skápur féll sentimetra frá höfði drengsins

„Það fyrsta sem ég hugsaði var litli strákurinn minn sem svaf í hjónarúminu. Ég var að prjóna inni í stofu þegar stóri skjálftinn kom af öllu afli. Ég hljóp af stað en datt strax á gólfið. Ég skreið síðustu metrana á meðan allt hrundi í húsinu og brotnaði í kringum mig. Þegar ég kom inn til Ásgeirs hafði stór tvöfaldur fataskápur hrunið yfir rúmið þar sem hann svaf,“ segir Lísa Ásgeirsdóttir, íbúi að Borgarhrauni 20 í Hveragerði.

Svona upplifði Lísa andartökin á meðan Suðurlandsskjálftinn reið yfir síðdegis í gær. Hún veit að litlu munaði að Ásgeir litli, sem er eins og hálfs árs gamall, meiddist alvarlega. „Plöturnar úr skápnum lágu aðeins sentimetra frá höfðinu á honum þegar ég kom inn til hans. Ég reif hann upp úr rúminu og stóð í dyragættinni á meðan skjálftarnir kláruðust.“ Lísa segist hafa orðið mjög hrædd en öðru máli gegndi um þann stutta, sem skemmti sér hið besta. Það eina sem hann hafði um málið að segja var „rugga meira, rugga meira“.



**LÍSA OG ÁSGEIR** Fataskápur hrundi yfir rúmið þar sem Ásgeir svaf. Aðeins munaði sentimetrum að þungar plöturnar lentu á höfði drengsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Lísa og eiginmaður hennar, Hjalti Allan Sverrisson, tóku þá ákvörðun að best væri að dvelja ekki í húsinu næstu daga. Lísa hringdi því í vinafólk sitt sem sótti hana austur fyrir fjall. Faðir hennar keyrði þau mæðginin síðan á Grundarfjörð seint í gærkvöldi, en þaðan er Lísa ættuð.

„Við ætlum að vera heima á Grundarfirði yfir helgina og jafna okkur. Síðan kíkjum við á skemmdirnar, en það skiptir ekki máli. Strákurinn minn slapp og það er fyrir öllu.“ - shá

## SPURNING DAGSINS



*Jónas, ertu svona ljónheppinn?*

**„Þetta var algjör grís!“**

Jónas Ragnar Halldórsson antíksali lenti í því að tveimur styttum af austurlenskum ljónum var stolið af honum. Hann fann þau hins vegar aftur á uppboði í útlöndum.

Rúmlega fertugur karlmaður dæmdur í Hæstarétti fyrir kynferðisbrot:

# Fimm ára fangelsi fyrir brot gegn þremur ungum stúlkum

**DÓMSMÁL** Anthony Lee Bellere, rúmlega fertugur karlmaður, hefur verið dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur ungum stúlkum. Dómurinn var kveðinn upp í Hæstarétti, sem þyngdi fangelsisrefsingardóm mannsins, sem kveðinn hafði verið upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, um eitt ár. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur, frá 200 þúsund krónum upp í eina milljón króna. Stúlkurnar þrjár voru á aldrinum tólf til sextán ára þegar maðurinn braut gegn þeim með margvíslegu mjög grófu athæfi.



**HÆSTIRÉTTUR** Þyngdi fangelsisrefsinguna um eitt ár.

Maðurinn neitaði sök en Hæstiréttur sakfelldi hann fyrir brotin. Litið var til þess að hann er síbrotamaður. Þá var brotavilji hans einbeittur. Brot hans beindust að ungum reynslulitlum stúlkum, sem hann beitti blekkingum til að komast í samband við. Það gerði hann á spjallrásum á netinu.

Maðurinn var einnig ákærður fyrir vörslu á barnaklámi og þjófnað. Hann játaði á sig þjófnaðinn en neitaði barnaklámsvörslunni. Hann var sakfelldur fyrir þá þætti ákærunnar. - jss

Framboðsbaráttan vestra:

## Obama hyggur á Íraksferð

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama staðfesti í gær að hann væri að íhuga að fara í heimsókn til Íraks.

Obama vísaði á bug sem „pólitískri brellu“ tilboði Johns McCain, forsetaframbjóðanda Repúblikanaflokksins, um að þeir færu saman í slíka heimsókn. McCain og Obama beina æ meir spjótum hver að öðrum frá því Obama fór með afgerandi hætti fram úr Hillary Clinton um útnefningu Demókrataflokksins. Obama vantar nú aðeins 45 kjörmenn upp á að tryggja sér tilskilinn meirihluta, alls 2.025 kjörmannaatkvæði, á flokksþingi demókrata í ágúst. - aa

Fjögurra ára fangelsi:

## Nauðgaði ölvaðri konu

**DÓMSTÓLAR** Andrzej Kisiel hefur verið dæmdur í Hæstarétti í fjögurra ára fangelsi fyrir nauðgun. Hann braut gegn konu með því að hafa við hana samræði og notfærði sér að hún gat ekki spornað gegn athæfinu sökum ölvunar.

Hæstiréttur segir, að talið sé sannað að maðurinn hafði samræði við konuna en frásögn hans um að hún hafi viljað þýðast hann án nokkurs aðdraganda eða orðaskipta þótti ótrúverðug. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að um hrottafengna árás á kynfrelsi konunnar var að ræða. Maðurinn var dæmdur til að greiða 1,5 milljónir króna í miskabætur. - jss

Hraðsendingarsmyglið:

## Annþór neitar alfarið sök

**DÓMSMÁL** **Ákæra var í gær þingfest á hendur fjórum mönnum sem gefið er að sök að hafa smyglað til landsins 4,6 kílóum af amfetamíni og um 600 grömmum af kókaíni frá Þýskalandi.**

**Tveir sakborninganna, Annþór Kristján Karlsson og Tómas Kristjánsson, neita alfarið sök. Tómas var starfsmaður hraðsendingarþjónustu sem nýtt var til smyglsins. Ari Gunnarsson neitar því að hafa skipulagt smyglið en játar að hafa miðlað upplýsingum. Jóhannes Páll, bróðir Ara, játar allar sakargiftir.** - sh

**DÓMSMÁL**

### Sýknaðir af fíkniefnasmygli

Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms um að tveir menn, sem grunaðir voru um að hafa flutt 3.778 grömm af kókaíni til landsins árið 2006, skuli sýknaðir. Kókaínið var í bíl, sem fluttur var hingað inn í landið.

# Unnustan komin til Kaupmannahafnar

**Íslendingurinn sem stunginn var í Kaupmannahöfn er á batavegi. Unnusta hans er komin til hans en von var á félaga hans, sem varð vitni að árásinni, til Íslands í gær. Búast má við að maðurinn liggi á sjúkrahúsi fram yfir helgi.**

**DANMÖRK** Ragnar Davíð Bjarnason, Íslendingurinn sem var stunginn fyrir utan söluturn í Kaupmannahöfn í vikunni, er enn á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn en er allur að koma til. Unnusta Ragnars Davíðs er komin til hans til Kaupmannahafnar en von var á félaga hans, Róbert Arnarsyni, til Íslands í gærkvöld. Róbert var viðstaddur þegar Ragnar Davíð var stunginn.

Þórir Jökull Þorsteinsson sendiráðsprestur heimsótti Ragnar Davíð í gær og segir að hann sé sjúklingslegur en allur að koma til. Ragnar Davíð var stunginn sjö sinnum í maga, bak og handlegg. Hann fékk tvö göt á magasekk, sauma þurfti saman í smáþörmum og varð Ragnar Davíð að gangast undir aðgerð aðfaranótt miðvikudags. Búast má við að hann verði á sjúkrahúsinu fram yfir helgi.

Ekki hefur náðst í Ragnar Davíð á sjúkrahúsinu en þar segir hjúkrunarfólkið að hann vilji ekki tala við blaðamenn. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru þeir félagar, Ragnar Davíð og Róbert, ósáttir við umfjöllun íslenskra fjölmiðla af árásinni, sérstaklega er Ragnar Davíð ósáttur við að rifjað hafi verið upp að hann hafi verið dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir tilraun til manndráps og árás árið 2000.

Fréttablaðið hefur einnig heimildir fyrir því að þeir séu ósáttir við þá mynd sem þeir telja að gefin hafi verið að þeir hafi átt upptökin að átökunum með kynþáttafordómum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins segja þeir að Ragnar Davíð hafi átt samtal um þjóðarstolt og þjóðararf sem hafi svo leitt til þessa afdrifaríka misskilnings.




**FYRIR UTAN SJOPPUNA** Ragnar Davíð Bjarnason varð fyrir líkamsárás við söluturninn Bobbys Kiosk í vikunni. Starfsmaður Bobbys Kiosk sagði að meintir árásarmenn væru ekki við vinnu í gær en sagðist ekki mega ræða líkamsárásina.

Starfsmaður í Bobbys Kiosk neitaði að tjá sig um málið í gær. Í dönskum fjölmiðlum hefur komið fram að árásarmaðurinn hafi verið sautján ára starfsmaður í söluturninum Bobbys Kiosk við járnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn. Hann og 21 árs gamall félagi hans hafi verið látnir lausir síðdegis á miðvikudag. Þeir hafi borið við nauðvörn þar sem Íslendingurinn hafi verið með kynþáttafordóma.

Jón Bjartmarz, yfirmaður alþjóðadeildar hjá lögreglunni, segir hugsanlegt að málið komi á borð íslenskrar lögreglu ef danska lögreglan óski samstarfs. Hann kveðst ekki vita til þess að slík beiðni hafi komið inn á borð alþjóðadeildar. ghs@frettabladid.is

Íbúðalánasjóður:

## Þriggja mánaða vanskil aukast

**VIÐSKIPTI** **„Þessar tölur bera augljóslega með sér að vanskil eru að aukast, en þetta er langt frá því versta sem við höfum séð,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.**



**GUÐMUNDUR BJARNASON**

**Vanskil hjá sjóðnum hafa aukist jafnt og þétt undanfarna mánuði. Miðað er við þriggja mánaða vanskil. Í febrúar voru 1,3 prósent lántakenda í vanskilum við sjóðinn en nú er hlutfallið komið upp í 1,6 prósent. Þetta þýðir að yfir 750 manns eru í vanskilum við Íbúðalánasjóð. Í desember árið 2004 voru um tvö þúsund lántakendur í vanskilum við sjóðinn.** - ikh

Herforingjastjórnin í Búrma:

## Fólkið þarf ekkert súkkulaði

**BÚRMA, AP** Herforingjastjórnin í Búrma segir að fólk á neyðarsvæðum landsins þurfi ekki á neinum „súkkulaðistykkjum“ að halda frá alþjóðlegum hjálparstofnunum.

Fólkið geti sem hægast bjargað sér á eigin spýtur og lifað af „fersku grænmeti, sem vex villt á ökrunum, og prótínríkum fiski úr ánum“.

Stjórnin lofaði fyrir fáeinum dögum Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að hleypa alþjóðlegu hjálparstarfsfólki inn á óseyrarsvæði Irrawaddy-fljótsins, þar sem fellibylurinn Nargis olli hvað mestum skaða í byrjun mánaðarins. Meðal hjálpargagna, sem dreift hefur verið til bágstaddra, eru orkurík súkkulaðistykki. - gb





Þú sparar á Orkustöðvunum

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.orkan.is

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!


Reiðir foreldrar í Kína tortryggja stjórnvöld:

# Stjórnvöld sökuð um spillingu

**KÍNA, AP** Íbúar á jarðskjálftasvæðunum í Kína hafa óspart látið reiði sína í ljós og saka stjórnvöld um spillingu sem hafi átt þátt í því hve alvarlegt tjónið varð af jarðskjálftanum 12. maí.

Þótt æðstu leiðtogar þjóðarinnar hafi áunnið sér lof frá íbúum landsins fyrir skjót viðbrögð ríkir tortryggni, einkum gagnvart embættismönnum heima í héraði, bæjum og sýslum sem verst urðu úti.

Mest er reiði foreldra þeirra tíu þúsund barna sem talið er að hafi farist í skjálftanum. Flest börnin létust vegna þess að skólabyggingar hrundu.

Í gær mátti sjá lögreglubifreið, sem reiður múgur hafði velt um koll. Um síðustu helgi lagðist embættismaður á hnén og grátbændi reiða foreldra um að leggja ekki fram kvartanir til æðri yfirvalda vegna skólabygginga, sem sagðar eru hafa verið svo illa byggðar að þær þoldu ekki skjálftann.

Á mánudaginn skýrðu stjórnvöld frá því að fjölskyldur sem misstu barn sitt af völdum jarðskjálftans fengju undanteknngu frá eins barns-reglunni. Reglan var sett til að hafa hömlur á fólksfjölgun í Kína, og kveður á um að hver fjölskylda megi aðeins eignast eitt barn, og er sársauki foreldranna þeim mun meiri að þau hafa ekki mátt eignast annað barn en það sem þau misstu.



**REIÐIR FORELDRAR** Foreldrar sem misstu börn sín í jarðskjálftanum hafa gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir lélegar skólabyggingar. NORDICPHOTOS/AFP

Talið er að meira en áttatíu þúsund manns hafi farist í skjálftanum. Fimm milljónir misstu heimili sitt. - gb

1908 2008

Hafnarfjörður hundrað ára

*Við hristumst af gleði...*

# Heimboð í Hafnarfjörð

## Afmælishátíð 29. maí - 1. júní

## FÖSTUDAGUR 30. MAÍ 2008

**12:00 FRÍSKANDI FJÖR Á THORSPLANI**
Glæsileg dagskrá fyrir ungt fólk þar sem settir verða upp hjólabrettarampar á Strandgötunni svo gestir geti spreytt sig í þessari fjörlegu íþrótt. Graffiti sýning verður einnig á svæðinu en verkin eru unnin í kjölfar Graffiti námskeiða sem ÍTH stendur fyrir. Að auki verður boðið upp á dansatriði á sviði og plötusnúður þeytir skífum.

| | |
|---|---|
| 12:00 | Brettasvæði opnar |
| 14:00 | Krakkarnir koma saman á Thorsplani |
| 14:30 | Human Beat Box |
| 14:45 | Stelpuband Jennýjar og Tinnu taka nokkur lög |
| 15:00 | Grillveisla – Pylsur og Egils Mix |
| 15:00 | Dansskóli Hafnarfjarðar sýnir Hipp Hopp atriði |
| 15:15 | Rappararnir Sammi Lauf og Lilfish taka lagið |
| 15:30 | Beatur & Marlon taka beat með krökkunum |
| 15:45 | Beatur lokar dagskrá á plani og plötusnúður spilar fram til klukkan 18:00 á meðan gestir spreyta sig á hjólabrettarömpum og skemmta sér í leiktækjum |

**17:00 OPNUN VÍKINGAGÖTU**
Víkingagatan verður opnuð með pompi og prakt við Viking Hotel. Fjöldinn allur af víkingum verður á svæðinu og skapa skemmtilega stemmningu.
Í veitingahúsinu Fjörunni verður framreiddur sérstakur afmælismatseðill alla helgina og í Fjörugarðinum verða Víkingaveislur eins og þær gerast bestar. Hljómsveit Rúnars Þórs leikur fyrir dansi til klukkan 03:00 föstudag og laugardag. Gylfi Ægisson mun verða sérstakur gestur á dansleiknum á föstudagskvöld.

**18:00 OPNUN BOOKLESS-BUNGALOW – VESTURGÖTU 32**
Sögu erlendu útgerðarinnar í upphafi 20. aldar verða gerð skil í Bungalowinu sem hefur verið endurbætt sem sýninga- og móttökuhús bæjarins

**21:30 BÍLABÍÓ VIÐ FLENSBORG**
Einstök bílabíóstemmning: Hin alkunna dans- og söngvamynd Grease verður sýnd á risaskjá. Allir kannast við myndina en það eru fáir sem hafa fengið tækifæri til að njóta hennar á þennan hátt. Stúkusæti verða á staðnum svo að gestir þurfa ekki að örvænta ef enginn bíll er til ráðstöfunar. Félagar úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar mæta á svæðið í fullum Grease-skrúða og taka nokkur spor. Aðgangur ókeypis.

**23:00 MIÐNÆTURDJAZZ Í HAFNARBORG**
**STÓRTÓNLEIKAR AÐ HÆTTI BJÖSSA THOR, PAPA JAZZ OG FÉLAGA.**
Fjöldi þekktra listamanna treður upp og boðið verður upp á léttan jazz. Meðal þeirra sem koma fram á þessum tveggja tíma tónleikum eru: Björgvin Halldórsson, Andrea Gylfadóttir, Ragnheiður Gröndal, Margrét Eir, Björn Thoroddsen, Guðmundur Steingrímsson, Hjörleifur Valsson, Eyjólfur Þorleifsson, Jón Rafnsson og Steingrímur Guðmundsson. Tónleikunum „útvarpað" til neðri hæðar Hafnarborgar sem býður þeim sem ekki komast að á efri hæð hússins notalega kaffihúsas

*Sjáumst!*

FABRIKAN | Ljósm: Lárus Karl Ingason

**VIÐBURÐIR SEM STANDA ALLA AFMÆLISHÁTÍÐINA**
Ljóð sjöttu bekkinga eru til sýnis víðs vegar um um bæinn
Leikskólabörn sýna verk sín í
búðargluggum og í stofnunum miðbæjarins
Málverkasýningar – Ljósmyndasýningar
Fjölbreyttar og áhugaverðar sýningar og uppákomur
á söfnum bæjarins
Tilboð í verslunum og á veitingastöðum





## LAUGARDAGUR 31. MAÍ 2008

**10:00 SKÓGARGANGA Í GRÁHELLUHRAUNI**
Lagt verður af stað frá bílastæðinu við Kaldárselsveg á móti hesthúsunum í Hlíðarþúfum kl. 10.00. Leiðsögumaður verður Jónatan Garðarsson. Að göngu lokinni verður boðið upp á hressingu í höfuðstöðvum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Selinu.

**11:00 OPNUN GÚTTÓ**
Í Gúttó verður sett upp sýningin *FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR* þar sem hlutverki þessa sögufræga húss verða gerð skil. Sýningin er samstarfsverkefni Byggðasafnsins og Listar og sögu ehf.

**11:00 LÍF OG FJÖR Í STRANDGÖTUNNI**
Strandgatan iðar af lífi allan daginn og fjöldi uppákoma setur svip sitt á svæðið. Meðlimir frá Þjóðahátíð líta við klukkan 14:00 og 16:00 en þess á milli verða lifandi skemmtiatriði í göngugötunni. Götulistamenn verða á ferðinni og Fimleikafélagið Björk leiðir skemmtilegt hópatriði í götunni.
Bókasafnið og Þjónustuver Hafnarfjarðar hafa opið til klukkan 17:00.

**12:00-18:00 ÞJÓÐAHÁTÍÐ ALÞJÓÐAHÚSSINS Í ÍÞRÓTTAHÚSINU VIÐ STRANDGÖTU**
Alþjóðasamfélagið á Íslandi ljóslifandi. Komið og njótið fjölbreytileikans í samfélaginu okkar! Frábær hátíð þar sem sögurnar, takturinn, bragðið og litadýrð ólíkra menningarheima birtast í fjölþjóðlegum skemmtiatriðum.

**13:00-16:00 BARNADAGSKRÁ Á THORSPLANI**
Snæfríður og Stígur úr Stundinni okkar skemmta börnunum og stjórna fjölbreyttri barnadagskrá á Thorsplani. Meðal dagskrárliða er brúðuleikhús, söngur, dans, glens og gaman. Börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og því um að gera að líta við á Thorsplani. Að lokinni dagskrá spilar plötusnúður skemmtileg barnalög.

**14:00 FH- HAUKAR - BARÁTTAN UM FJÖRÐINN !!!**
FH-ingar og Haukar hafa lengi barist um hylli Hafnfirðinga og verið bæjarfélaginu til sóma. Nú er komið að því að valdir leikmenn þessara félaga eigist við í þrautum sem reyna á hug og hönd fyrir framan Fjörðinn í miðbæ Hafnarfjaðrar. Bráðfjörug og spennandi keppni sem gaman verður að fylgjast með.

**14:00 UPPBOÐ Á ANTIKMUNUM Í STRANDGÖTUNNI.**
Glæsilegt antik og listmuna uppboð í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar. Hartnær hundrað munir verða boðnir upp og verður uppboðið haldið innan sem utandyra við ANTIKBÚÐINA, ef veður leyfir.

**14:00 HEILLANDI HEIMAR Í HELLISGERÐI**
Stórskemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna í glæsilegu umhverfi Hellisgerðis. Mikil áhersla verður lögð á lifandi umhverfi með tónlist, umhverfishljóðum og skemmtilegum uppákomum.

**15:00 ÓRAFMÖGNUÐ STEMNING Í KIRKJUM BÆJARINS**
Tæplega tveggja klukkustunda tónleikar með úrvali listamanna. Hér ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Allir tónleikarnir hefjast á sama tíma og höfða til gesta á öllum aldri.

**VÍÐISTAÐAKIRKJA:**
Ragnheiður Gröndal
Magnús Kjartansson
Lay Low

**HAFNARFJARÐARKIRKJA:**
Védís Hervör og félagar, Ólöf Arnalds,
*Rotturnar*: Margrét Eir, Regína Ósk & Heiða
Ellen Kristjánsdóttir

**FRÍKIRKJAN:**
Alda Ingibergsdóttir
Frank Aarnick og hörpuleikari
Guido Baumer og Aladar Rácz, miðevrópskur jazz

**16:00 ÍSLENSKA KVIKMYNDIN *STIKKFRÍ* SÝND Í BÆJARBÍÓI**

**17:00 - 23:00 HAFNARFJÖRÐUR ROKKAR Á VÍÐISTAÐATÚNI**
Stórglæsilegir tónleikar fyrir alla fjölskylduna sem fram fara á Víðistaðatúni. Hinir einu sönnu Simmi & Jói verða kynnar.

Margir af færustu tónlistarmönnum landsins koma fram:
Naflakusk, Vicky Pollard, Bermúda, Veðurguðir, Megas, Eurobandið, Baggalútur, Sammi BigBand, Sprengihöllin, Sálin og Björgvin Halldórsson.

Léttar og ferskar veitingar frá Kokkunum verða til sölu. Á Víðistaðatúni verða einnig útigrill þar sem tónleikagestir og fjölskyldur geta mætt með pylsur eða annað til að grilla.

*Hlökkum til að sjá þig!*

Ítarlegri dagskrá allra daganna má finna á www.hafnarfjordur.is

# SUÐURLANDSSKJÁLFTI

Hólmavík gekk í bylgjum:

## Galdrakústur tókst á flug

**Stóri jarðskjálftinn í gær fannst vel á Ströndum að því er fram kemur á strandir.is.**

**„Á galdrasafninu var hópur fólks að skoða sýninguna þegar jarðskjálftinn reið yfir. Húsið gekk í bylgjum og galdrakústurinn féll á gólfið.**

**Var gestum nokkuð brugðið þegar hann tókst á flug. Afar sjaldgæft er að jarðskjálfti láti finna fyrir sér á Hólmavík,“ segir um áhrif skjálftans á strandir.is.**

- gar



**VIÐ HALLGRÍMSKIRKJU** Starfsmenn kirkjunnar héldu í fyrstu að vinnupallar utan á turni hennar væru að hrynja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í kaffihléi þegar skjálftinn varð:

## Vinnupallarnir skulfu duglega

Guðmundur Ingjaldsson, verkstjóri hjá Ístaki, segir mikið lán að allir starfsmenn fyrirtækisins sem vinna að viðgerðum á turni Hallgrímskirkju hafi verið í kaffi þegar skjálftinn reið yfir.

Því hafi enginn verið á vinnupöllum utan á turninum, sem skulfu duglega. Hann segir vinnupallana vel festa og engar skemmdir hafi hlotist af skjálftanum. Vissulega hefði getað verið óþægilegt að vera uppi á pöllunum þegar skjálftinn reið yfir. Ístaksmenn létu þó allar viðvaranir um eftirskjálfta sem vind um eyru þjóta og héldu vinnu sinni áfram utan á kirkjuturninum.

- ovd



**NÁTTÚRUVAL** Náttúran kaus að hrista þennan stærðarinnar gufugleypi niður úr sérútbúinni þakplötunni í eldhúsinu hjá Sigmundi Guðnasyni við Heiðmörk í Hveragerði. Eldavélarplatan mölbrotnaði fyrir vikið. Í baksýn má hins vegar sjá hillu með ýmsum smámunum sem högguðust ekki í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# „Það er ekkert heilt“

**Leitun er að heimili í Hveragerði sem ekki varð skjálftanum að bráð. Skemmdir á innbúi voru víða gríðarmiklar og flatskjáir jafnt sem fjölskyldumyndir lágu eins og hráviði um flest gólf. Bæjarbúar segjast aldrei hafa upplifað annað eins.**

„Það er ekkert heilt. Ekkert,“ sagði Hvergerðingurinn Sveinn Ingvason um heimili sitt eftir skjálftann. „Bara allt í einum allsherjar graut.“ Sveinn tábrotnaði þegar skjálftinn feykti honum út um útidyrnar og á stéttina fyrir utan, um leið og hann reyndi að flýja innanstokksmunina sem rigndi yfir hann.

Sveinn er aðeins einn ótalmargra Hvergerðinga sem urðu fyrir miklu tjóni í skjálftanum. Það var mál manna að ekkert heimili hefði sloppið við skemmdir, og flest hefðu orðið afar illa úti. Blaðamaður heimsótti tug heimila í bænum og alls staðar mátti sjá húsgögn á víð og dreif um gólfin, sem yfirleitt voru nær þakin glerbrotum. Fjölskyldumyndir, flatskjáir, ísskápar, ómetanlegir listmunir og persónulegir munir voru meðal þess sem lá eins og hráviði um flestöll gólf.

Hvarvetna í bænum mátti sjá fólk á gangi og annar hver húsgarður var þéttsetinn. Fólk hlýddi enda kalli lögreglu og almannavarna og hélt sig að mestu utandyra á meðan óttast var að annar stór skjálfti kynni að ríða yfir.

„Þetta var bara hryllingur,“ sagði Hrönn Waltersdóttir, eigandi verslunarinnar Gallerí smiðja í Sunnumörk. Í versluninni mátti vart sjá óbrotna vöru. „Ég hugsa að megnið af þessu sé ónýtt,“ segir Hrönn, sem forðaði sér hratt út úr versluninni þegar ósköpin dundu yfir, en sneri skömmu síðar aftur til að bjarga því sem bjargað varð.

Hvergerðingar voru sammála um að skjálftinn í gær hefði fundist mun sterkar í bænum en Suðurlandsskjálftinn árið 2000. Flestir sögðust aldrei hafa upplifað neitt í líkingu við þetta. stigur@frettabladid.is



**TÁBROTINN AF JARÐSKJÁLFTA** Sveinn Ingvason rétt náði í skottið á lækninum og lét lappa upp á sig áður en læknirinn þurfti að hverfa á Selfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FJÓSIÐ OPIÐ** Engar skepnur eru geymdar í fjósinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjósveggur hrundi til grunna:

## Fjósið opnaðist

Gamalt fjós við bæinn Gljúfurárholt í Ölfusi, skammt austan Hveragerðis, laut í lægra haldi fyrir íslenskum náttúruöflum í gær. Þykkur fjósveggurinn hrundi til grunna í skjálftanum, svo innviðin blöstu við forviða skepnunum, sem eflaust voru því fegnar að vera ekki inni. Unnið er að því að rífa fjósið hinum megin, svo segja má að náttúran hafi tekið af manninum ómakið.

- sh



**ALLT Á FLOTI ALLS STAÐAR** Mildi var að enginn varð undir flöskufarginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Flöskugler hrúgaðist upp:

## Áfengið flæddi

**Starfsmönnum Vínbúðarinnar í Hveragerði var brugðið þegar vínflöskur og bjórdósir tóku að titra úr hillum og niður á gólf. Þeim tókst með naumindum að forða sér undan því sem starfsmennirnir kalla „flóðbylgju“. Fyrr en varði hafði myndast haugur af glerbrotum á gólfinu og áfengið flæddi um allt, og hafði tekið á sig ráðandi lit rauðvínsins. Og áfengisstækjan fyllti öll vit í versluninni, „Það svífur bara á mann hérna,“ sagði Ósk Sveinsdóttir afgreiðslustúlka.**

- sh

S: 455 6300

HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM · FRÁ 1106

www.holar.is

Hágæða háskólanám

ferðamálafræði - viðburðastjórnun
fiskeldisfræði - sjávar- og vatnalíffræði
hestafræði og reiðmennska

UMSÓKNARFRESTUR: 1. JÚNÍ !!

## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÚRKOMA Á LEIÐINNI**

Nú með morgninum er víða nokkuð bjart á vestanverðu landinu. Það er þó ekki það sem koma skal þar sem úrkomuloft nálgast úr vestri. Úr því fer að rigna seint í dag. Í nótt gengur það yfir á austanvert landið og þar má búast við vætu fram eftir degi á morgun.



**Á MORGUN** 3-10 m/s.

**SUNNUDAGUR** 5-13 m/s, hvassast suðvestan til síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 24° |
| Ósló | 24° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 23° |
| London | 20° |
| París | 23° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Berlín | 30° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 21° |
| Basel | 23° |
| Eindhoven | 23° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Landsliðslæri á grillið

OPIÐ til 20 alla daga



## Landsliðslæri

Grilllambalæri í samstarfi við landslið matreiðslumeistara. Til að ná fram besta bragði sem völ er á notum við ferskar kryddjurtir, hvítlauk, sítrónusafa og sítrónubörk. Til að toppa marineringuna notum við ferskan chillipipar og gourmet olíu sem gefur lærinu frábæra áferð og betra bragð.

25% afsláttur

Grilllæri Hagkaupa
1.498 kr/kg
Verð áður 1.998.-



35% afsláttur við kassa
1.819 kr/kg
Merkt verð 2.799.-

**Piri Piri kjúklingabringur**
- kryddlegnar



20% afsláttur við kassa
679 kr/pk
Merkt verð 849.-

**Siggi sterki** 175g 2 stk.
- ungnautahamborgarar m/ brauði



30% afsláttur við kassa
1.119 kr/kg
Verð áður 1.598.-

**New Orleans svínarif**



30% afsláttur við kassa
Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt
2.449 kr/kg
Verð áður 3.498.-

**Nauta Entrecoté**



## Spennandi nýjungar tilbúnar beint á grillið!



**Myllu heimilisbrauð**
- brauðið sem allir á heimilinu vilja




**Fruit Factory**
- nýpressaðir ávextir




**TGI Friday´s snakk**

Gildir til 1. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SUÐURLANDSSKJÁLFTI

Skipið nötraði stafna á milli:

## Sjómenn fundu skjálftann vel

„Þetta var nákvæmlega eins og að skrúfan væri að fyllast af drasli,“ segir Árni Sigurðsson, skipstjóri á frystitogaranum Arnari HU-1 sem staddur var tvær sjómílur norðvestur af Garðskaga þegar skjálftinn reið yfir.

„Ég hef lent í að fá í skrúfuna á skipinu og þá nötrar það allt,“ segir Árni, sem um tíma hélt jafnvel að skipið væri að taka niðri. „Það voru bara högg og læti og skipið nötraði stafna á milli.“ Þetta ástand hafi varað örskamma stund en þeir hafi verið á leið til Reykjavíkur á sjö til átta mílna hraða. „Ég er búinn að vera á sjó í 45 ár en ég hef aldrei lent í neinu svona.“ - ovd

Allri framleiðslu tappað á gler:

## Skjálfti slapp í skjálftanum

**„Ég var staddur inni í brugghúsi og fann mjög hressilega fyrir þessu,“ segir Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri brugghússins Ölvisholts.**

**Allri framleiðslu brugghússins, bjórnum Skjálfta, er tappað á glerflöskur en Bjarna sýnist ekkert hafa skemmst, hvorki hús, tæki né framleiðsla. „Það voru starfsmenn við vinnu þegar skjálftinn reið yfir og fyrst og fremst erum við nú ánægðir með að enginn slasaðist. Okkar hugur er hjá því fólki sem hefur lent í slysum og eignatjóni.“ Bjarni segir skjálftann í gær vera mun fjær Ölvisholti en skjálftann árið 2000.** - ovd

Sýslumaðurinn á Selfossi:

## Var ekki feigur

„Ég hafði aldeilis heppnina með mér,“ sagði Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, þegar blaðamaður hitti hann fyrir utan skrifstofu sína í gær. „Ég stóð upp og fór frá skrifborði mínu til að ljósrita nokkra pappíra og aðeins andartaki síðan kom skjálftinn og ljósakrónan fyrir ofan skrifborðið fór niður. Hefði ég ekki farið að ljósrita væri ég líklegast þarna,“ sagði hann og benti á sjúkrahúsið sem er skammt frá sýslumannsskrifstofu. - jse



**ÓLAFUR H. KJARTANSSON**

# Sjúkrahúsið á Selfossi rýmt

**Fjörutíu manns voru fluttir út í bíla meðan verið var að meta hættuna á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Tuttugu manns leituðu á sjúkrahúsið vegna meiðsla sem þeir urðu fyrir í skjálftanum.**

Ákveðið var að rýma Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi síðdegis í gær meðan verið var að meta hvort öruggt væri fyrir sjúklinga og aðra vistmenn að vera þar inni. Um fjörutíu manns voru á stofnuninni og voru þeir fluttir í sjúkrabíla, rútur og aðrar bifreiðar meðan verið var að meta ástandið.

Um kvöldmatarleytið var síðan tekin ákvörðun um að flytja fólkið inn í gamla hluta byggingarinnar en mikið er um glerglugga á nýja hlutanum, sem gæti reynst hættulegur ef annar stór skjálfti gengi yfir.

Að sögn Arnars Þórs Guðmundssonar læknis leituðu um tuttugu manns læknisaðstoðar á Selfossi í gær. „Það voru nokkrir með beinbrot og svo hafði einn brennst nokkuð þegar hann fékk á sig sjóðandi heita matarolíu þegar skjálftinn reið yfir,“ sagði Arnar Þór.



**GUÐRÚN ÍDA STANLEYSDÓTTIR**

„Ég hafði hlakkað til að koma heim en ég var að koma frá Skotlandi. Ég var svo rétt komin í anddyrið þegar skjálftinn kom og ég fékk skápinn á höndina meðan ég hélt mér við dyrastafinn,“ sagði Guðrún Ída Stanleysdóttir, sem beið eftir aðhlynningu þegar blaðamann bar að en hún var líklegast handarbrotin. „Hann var svo kröftugur að það fór allt um koll, meira að segja píanóið, og það þarf eitthvað að ganga á svo það fari á hliðina. En eins og ég hlakkaði til að fara heim hef ég enga löngun til að fara heim til mín núna ef þetta eru viðtökurnar sem maður fær.“

Mikið tjón var innanstokks víða á Selfossi en einnig sá blaðamaður hús sem hafði sigið og var gólf sem og veggir skakkir. jse@frettabladid.is



**SJÚKLINGAR FLUTTIR AF SJÚKRAHÚSINU Á SELFOSSI** Flytja þurfti um fjörutíu manns af Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi í rútur, sjúkrabíla og aðra bíla eftir jarðskjálftann í gær en um kvöldmatarleytið gátu allir farið inn aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pólverjum á Selfossi var afar brugðið við jarðskjálftann:

## Gista í sendibílnum

„Við erum ekki vön svona ósköpum, þetta gerist ekki á okkar heimaslóðum,“ sagði Pólverjinn Marcel Sochon sem sat með fjórum samlöndum sínum fyrir utan heimili sitt á Selfossi þegar blaðamann bar að um kvöldmatarleytið í gær. „Ég ætla að sofa í bílnum, það kemur ekki annað til mála,“ sagði þá Karolina Slowikowska og benti á stóran sendiferðabíl sem var þar skammt hjá. Sem betur fer er hann stór því hinir þrír höfðu sömu áætlun.

„Við Karolina vorum að vinna í Bónus þegar jarðskjálftinn varð og það hrundi úr hillunum og allt fór í rúst,“ sagði Iwona Lisowska. Þeim þótti mikið til rólyndis Selfyssinga koma við þessar aðstæður. „Fólkið hérna er greinilega vant þessu,“ sagði Marcel.

Til allrar hamingju var tiltölulega heillegt innanstokks hjá fjórmenningunum, sem búa allir saman. - jse



**KEMUR EKKI TIL GREINA AÐ GISTA HEIMA** Þeirra beið nótt í bílnum. Hér sitja þau utan við heimili sitt: Iwona, Karolina, Maciel og Mariusz Krymski. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FORSETAHJÓNIN Á VETTVANGI** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff komu á skjálftasvæðið í gær. Þau voru í neyðartjaldi sem sett hafði verið upp á Selfossi laust fyrir klukkan ellefu í gær. Siggeir Pálsson úr Björgunarsveitinni Suðurnes sýndi þeim aðstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BRÚÐKAUPSNÓTTIN EFTIR IAN McEWAN

HJARTASKERANDI




„Hjartaskerandi – ekkert annað orð fær þessari sögu lýst.“
– Washington Post

„Enn eitt meistaraverk eftir Ian McEwan.“
– Sunday Express

„Einstaklega áhrifamikil saga sem kremur í manni hjartað.“
– Information

Þýðandi: Uggi Jónsson

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK


Víða varð tjón innandyra á Selfossi:

## Lán að skjálftinn kom ekki síðar

„Það er guðsmildi að skjálftinn varð ekki nokkrum klukkutímum síðar en raun varð. Þá hefðum við eflaust verið fyrir framan sjónvarpið og fengið þetta hlass á okkur,“ sagði Friðrik Friðriksson rafvirki þegar hann sýndi blaðamanni inn í sjónvarpsherbergi sitt.

Þar höfðu hillustæður þar sem sjónvarpið var og aragrúi af bókum farið um koll. „Þá værum við nú ekki hér að tala við þig,“ bætti Ragnheiður Ágústsdóttir kona hans við. Bæði voru þau við vinnu þegar skjálftinn kom, hann í Ljósafossvirkjun en hún á skrifstofu Rauða krossins.

Inni í borðstofu höfðu einnig skápar og hillur farið um koll. Myndir, styttur og aðrir munir lágu í brotum á gólfinu. „Maður vill helst ekki vera heima hjá sér við svona aðstæður, það er hræðilegt að sjá þetta,“ bætti hún við. - jse



**ALLT Í RÚST** Hjónin Friðrik og Ragnheiður segja það mikla mildi að jarðskjálftinn hafi ekki komið nokkrum klukkustundum síðar. Til dæmis hefði farið illa ef þau hefðu verið fyrir framan skjáinn sem var í þessari hillustæðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


916 HAFA LÁTIST
í umferðinni á 40 árum*
*á tímabilinu frá 26. maí 1968 til 26. maí 2008.
UMFERÐAR RÁÐ
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
VEGAGERÐIN
UMFERÐARSTOFA

## SUÐURLANDSSKJÁLFTI

# Skjálfti upp á 6,3 fannst á sjó og landi

Richter-kvarðinn var fundinn upp af Charles Richter og Beno Gutenberg árið 1935 og er notaður til að mæla styrk jarðskjálfta. Hvert stig í hækkun á kvarðanum gefur þrítugföldun. Ef styrkur einhvers skjálfta er gefinn upp sem 5 stig á Richter, svo að dæmi sé tekið, þá er skjálfti upp á 8 stig 30 sinnum 30 sinnum 30 eða 27 þúsund sinnum orkumeiri en sá fyrri.

Skjálftar urðu 17. og 21. júní árið 2000, upp á 6,5 og 6,6 á Richter, en árið 1912 reið yfir Suðurland jarðskjálfti sem var 7,0 á Richter. Árið 1896 urðu fimm skjálftar, á bilinu frá 6,5 upp í 6,9 stig, á svæðinu frá Landssveit vestur í Ölfus.




## SUÐURLANDSSKJÁLFTAR - ANNÁLL

| 1200 | 1300 | 1400 | 1500 | 1600 | 1700 | 1800 | 1900 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1294** Geysir er talinn verða til. | **1308**<br>**1311** 52 bæir féllu.<br>**1339**<br>**1370** 12 bæir lögðust í rúst en sex manns létust.<br>**1389**<br>**1391** | | **1546**<br>**1581** | **1613**<br>**1618**<br>**1624**<br>**1630** Þrír jarðskjálftar um veturinn og létust sex.<br>**1633** Landskjálftar á Suðurlandi, stóð allan veturinn.<br>**1657**<br>**1658** Tveir miklir jarðskjálftar.<br>**1663** Jarðskjálftar á Reykjanesskaga. Kleifarvatn nálægt Krísuvík minnkaði.<br>**1671** Um sumarið varð mikill jarðskjálfti í Grímsnesi og í Ölfusi.<br>**1706** Miklir jarðskjálftar frá 28. janúar til 20. apríl. | **1732**<br>**1734** 7 til 8 manns létust.<br>**1749**<br>**1752**<br>**1754**<br>**1784** Hinn 14. og 16. ágúst þessa árs dundu yfir einhverjir þeir mestu jarðskjálftar sem dunið hafa á Ísland á síðari tímum. Hundruð bæja hrundu í þessum hörmungum. Voru jarðskjálftar einna harðastir í Árnessýslu og Rangárvallasýslu en þó einkum og sér í lagi í Árnessýslu. Árið Árið 1789. Skjálftar í Árnessýslu. | **1808**<br>**1828** Mikils jarðskjálfta vart í Fljótshlíð.<br>**1829** Mikill jarðskjálfti. Upptök við Heklu.<br>**1896** Harðasta jarðskjálfthrina á Suðurlandi. Fimm skjálftar á tólf dögum, 6,5 til 6,9 á Richter-kvarða. | **1912** 8. maí. Mældist 7,0 á Richter. | **2000** Skjálftahrina lík þeirri sem varð 1896.<br>17. júní. Stærsti kippurinn mældist 6,5 á Richter.<br>21. júní við Hestfjall. Mældist 6,6 á Richter.<br>**2008** Jarðskjálfti að styrk 6,3 á Richter. |

### JARÐSKJÁLFTAHRINAN ÁRIÐ 1896

Harðasta jarðskjálfthrina á Suðurlandi sem heimildir eru til um. Hófst hinn 26. ágúst þessa árs og lauk 10. september. Fyrsti skjálftinn olli gríðarlegu tjóni. Í skjálftunum urðu margar fjölskyldur í Árnes- og Rangárvallasýslu heimilislausar. Fyrsti skjálftinn átti upptök sín í Landssveit. Annar skjálftinn kom daginn eftir og átti upptök sín á svipuðum slóðum. Í báðum þessum skjálftum mynduðust miklar sprungur sem enn má sjá við bæina Flagbjarnarholt og Lækjarbotna.

Hinn 5. september reið harður skjálfti yfir með upptök vestar á svæðinu eða á Skeiðum. Fjórði skjálfti reið yfir 6. september og fimmti og síðasti skjálftinn sem olli tjóni varð þann 10. september en hann átti upptök sín í Gaulverjabæjarhreppi, austur af Selfossi.

Alls hrundu í skjálftanum 1.309 bæjarhús og 2.383 fjárhús, eða 3,692 hús alls.

Töluvert minni jarðskjálfti en árið 2000:

# Upptök skjálftans miklu nær þéttbýli

„Þessi skjálfti er aðeins minni en skjálftarnir árið 2000 en það sem máli skiptir er að upptök þessa skjálfta eru mun nærri byggð og því verður fólk svona illilega vart við jarðhræringarnar," segir Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur.

Jarðskjálftinn í gær mældist 6,3 á Richter-kvarða en skjálftarnir tveir sem riðu yfir árið 2000 með fjögurra daga millibili mældust 6,5 og 6,6 á Richter-kvarða.



**MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON** Jarðeðlisfræðingur.

Magnús Tumi segir að Suðurlandsskjálftar hafi í gegnum tímann ætíð komið í hrinum og því megi líta svo á að skjálftinn í gær og árið 2000 séu hluti af sömu jarðskjálftahrinunni. „Árið 1912 var í fyrsta skipti mældur Suðurlandsskjálfti og hann var 7,0 á Richter. Honum tengjast jarðhræringar árið 1896 þegar fimm skjálftar frá 6,5 til 6,9 riðu yfir á nokkrum dögum."

Magnús Tumi telur ekki ólíklegt að fleiri skjálftar komi næstu daga en tekur jafnframt fram að þeir gætu orðið eftir nokkur ár eða áratug, þó að þeir teljist hluti af atburðum síðustu ára. **- shá**

Starfsfólk í Turninum, hæstu byggingu á Íslandi, hljóp út þegar skjálftinn reið yfir:

# Hæsta bygging Íslands sveiflaðist

„Þetta var alveg rosalegt og ég hélt að byggingin væri að fara á hliðina," segir Ágúst Einþórsson, konditorimeistari á veitingastaðnum Turninum við Smáratorg, sem er á tveimur efstu hæðum hæstu byggingar á Íslandi.

Ágúst var staddur á nítjándu hæð hússins ásamt rúmlega tuttugu öðrum starfsmönnum þegar hann fann bygginguna sveiflast mikið til. „Ég stóð hérna og þá fór allt að hristast svo ég spurði strákana hvort þeir fyndu eitthvað."

Ágúst segir suma hafa reynt að halda andlitinu og verið eftir uppi á meðan aðrir hafi hlaupið til og forðað sér út. „Einhverjir hlupu niður tröppurnar alveg í losti á meðan aðrir stóðu uppi og héldu „kúlinu"." Þá hafi fjöldi annarra starfsmanna í húsinu einnig hlaupið niður stigann.

„Menn voru pottþétt alveg þrælhræddir," segir Ágúst en bætir við að skjálftinn hafi gengið yfir á nokkrum sekúndum og þá hafi fólk komið aftur upp.

Hann hafði ekki heyrt af neinum skemmdum í húsinu. Starfsfólki hafi verið sagt að byggingin væri ein sú sterkbyggðasta á Íslandi. „Svo við getum alveg andað rólega," segir Ágúst, sem viðurkennir að hafa sjálfur verið mjög hræddur og verið meðal þeirra sem hlupu út. „Ég var alveg skíthræddur og hljóp bara beint niður. Ég veit ekki hvernig þetta hefði endað ef skjálftinn hefði verið meiri." **- ovd**



**Á 19. HÆÐ Í SKJÁLFTANUM** Ágúst Einþórsson, konditorimeistari í Turninum, hljóp út í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HREIN GÆÐI






## SUÐURLANDSSKJÁLFTI

Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík, sat í kirkjuskipinu:

# Brestir heyrðust í kirkjunni

Jarðskjálftinn fannst vel í Grindavík og nágrenni, að sögn Elínborgar Gísladóttur sóknarprests. Elínborg sat í kirkjuskipinu í Grindavík þegar skjálftinn kom. Hún segir að hávaðinn hafi verið mikill og skjálftinn hafi fundist mjög vel.

„Það kom mjög mikill hávaði og svo eins og bylgja. Ljósakrónur og ljósin fóru að sveiflast mikið og svo heyrðust brestir í húsinu,“ segir Elínborg. Hún býr í fjölbýlishúsi við Suðurhóp í Grindavík og segir að flestir sem hún hafi hitt hafi fundið skjálftann. „Hann fannst mjög vel hér í húsunum, sérstaklega ef fólk var inni í húsi,“ segir Elínborg og bætir við að hlutir hafi þó ekki færst úr stað.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að jarðskjálftinn hafi fundist þar. „Þetta var reyndar mjög hóflegt. Menn veltu fyrir sér hvort þeir væru með svimakast eða hvort þetta væri skjálfti en svo sáum við ljósakrónu hér inni hjá okkur, það var góð hreyfing á henni merkilegt nokk,“ segir hann.

Árni segir að skjálftinn hafi almennt fundist í Reykjanesbæ, þótt bærinn sé á þéttri grágrýtishellu, sem er öðruvísi en á sprungusvæðinu við Grindavík. Í Reykjanesbæ sé mjög sjaldgæft að menn finni fyrir jarðskjálfta. Þeir sem voru á ferð í bílum á Reykjanesbrautinni urðu ekki varir við skjálftann. - ghs



**LJÓSAKRÓNUR SVEIFLUÐUST** „Ljósakrónur og ljósin fóru að sveiflast mikið,“ segir Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík, um jarðskjálftann.




Lögreglan á Ísafirði var í síðdegiskaffi í skjálftanum:

# Skjálftinn fannst vestur á fjörðum

Jarðskjálftinn fannst á lögreglustöðinni á Ísafirði. „Við sátum hérna inni í kaffistofu og vorum að fá okkur síðdegiskaffi þegar það byrjaði allt að rugga hérna en það var ekki mjög mikið, rétt aðeins eins og stóllinn hafi verið laus í liðunum,“ segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum. Lögreglumennirnir voru inni á kaffistofunni, tveir sitjandi, einn stóð og hallaði sér upp að skáp og svo aðrir sem voru standandi.

Önundur segir að þeir sem hafi setið hafi fundið fyrir skjálftanum og sömuleiðis sá sem hallaði sér upp að skápnum en hinir ekki.

Íbúar á Vestfjörðum hafa ekki haft samband við lögregluna vegna skjálftans enda segir Önundur að hann hafi verið mjög vægur. „Ef maður hefur verið í jarðskjálfta áttar maður sig á að þetta var jarðskjálfti en það er mjög sjaldgæft að finna jarðskjálfta alla leið hingað til Ísafjarðar,“ segir hann.

Lárus Valdimarsson, starfsmaður í Netheimum á Ísafirði, fann fyrir jarðskjálftanum. „Það byrjaði allt að titra inni í versluninni hjá okkur. Mig rámar í að þetta hafi verið svipað og var í Suðurlandsskjálftanum á sínum tíma,“ segir hann og telur að jarðskjálfti finnist helst á Eyrinni á Ísafirði. „Það svæði hentar væntanlega betur fyrir svona bylgjur þannig að þegar allt sveiflast finnur maður titring,“ segir hann. - ghs



**FANNST GREINILEGA Á ÍSAFIRÐI** Íbúar Ísafjarðar fundu margir fyrir skjálftanum sem skók landið í gær.



**FALLTURNINN** Gekk þrátt fyrir stóra skjálftann.

Húsdýragarðurinn:

# Tækin gengu þótt jörð skylfi

Leiktækin í Húsdýragarðinum í Laugardal gengu áfram síðdegis í gær þrátt fyrir öfluga Suðurlandsskjálftann í gær.

„Við vorum ekkert hrædd við þetta enda eru tækin sett upp út frá ítrustu kröfum um festingar og annað,“ segir Valdimar Guðlaugsson, starfsmaður Húsdýragarðsins. „Skjálftinn fannst til dæmis varla við fallturninn, sem á að þola sextíu metra vind á sekúndu. Hann er ekki á föstu heldur er púði undir honum og hann á að vera pottþéttur. Við fylgdust mjög vel með og tækin hreyfðust varla nema skipið sem ekki var í gangi.“ - gar



Dómur fallinn í Eþíópíu:

# Mengistu hlaut dauðadóm

**EÞÍÓPÍA, AP Hæstiréttur í Eþíópíu dæmdi í gær Mengistu Haile Mariam, fyrrverandi einræðisherra landsins, til dauða. Einnig voru átján fyrrverandi samstarfsmenn hans dæmdir til dauða. Mengistu hafði áður verið dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir þjóðarmorð, en þeim dómi var áfrýjað.**

**Mengistu var hrakinn frá völdum árið 1991 eftir sautján ára harðstjórn sem kostaði þúsundir manna lífið. Hann býr nú í makindum í nágrannalandinu Simbabve, og þykir öruggur um að verða ekki framseldur þaðan meðan Robert Mugabe er þar við stjórn.** - gb

Bretar hvetja olíuframleiðsluríki heims til að koma á jafnvægi á olíumörkuðum:

# Bretar auka olíuvinnslu í Norðursjó

**LONDON, AP** Bresk stjórnvöld hafa veitt heimildir til olíuvinnslu á tveimur nýjum borholusvæðum í Norðursjó. Var þetta gert í tilraun til þess að hvetja olíuframleiðsluríki heims til að gera það sem í þeirra valdi stendur til að koma á meira jafnvægi á orkumörkuðum heimsins.

Áformað er að framleiðsla geti hafist á hinum nýju olíuvinnslusvæðum á fyrri hluta næsta árs. Alls er talið að vinnanleg olía þar sé um fimmtíu milljónir fata.

Breski forsætisráðherrann Gordon Brown hvatti við þetta tækifæri hin þrettán aðildarríki OPEC til að auka útflutning olíu til að stemma stigu við stöðugri hækkun olíuverðs. Brown tók aftur á móti fram að hann styddi ekki tillögu Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta um að Evrópusambandsríkin tækju sig saman um að veita tímabundinn skattaafslátt af eldsneyti, þrátt fyrir háværmótmæli vörubílstjóra og fleiri aðila sem hækkun eldsneytisverðs kemur illa við.

Í grein sem Brown skrifaði í The Guardian sagði hann bestu langtímalausnina vera þá að gera hagkerfið sem óháðast jarðefnaeldsneyti. Öll lönd yrðu að draga úr notkun slíkra orkugjafa og taka sig á í orkusparnaði. Hann sagði að olíuverðsprengingin ætti að vera efst á dagskrá leiðtogafundar G8-hóps mestu iðnríkja heims í Japan í sumar. - aa



**ÓLGA** Frá mótmælum vörubílstjóra í Lundúnum. Díselolía er nú dýrust í Bretlandi og Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VIKA 17**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Er nú líka Jónsdóttir



„Ég kom til Líberíu á mánudaginn eftir langt og óþægilegt flug," segir Charlotte sem nú hefur bætt „Jónsdóttir" við nafn sitt. Faðir hennar er Íslendingur og segist hún hafa bætt þessu við þar sem henni finnist það íslenskara. „Hér er allt mjög grænt og fallegt en höfuðborgin Monróvía er mjög illa farin, skítug og ónýtar byggingar minna á hversu stutt er síðan grimmilegt borgarastríð stóð í landinu. Munaðarleysingjaheimilið kallast „The Alfred and Agnes memorial", eftir foreldrum annars stofnanda þess en þrjú barnabörn stofnendanna reka heimilið í dag. Á miðvikudag byrjuðu byggingaverkamennirnir að grafa fyrir grunni heilsugæslustöðvarinnar. Þeir eru ótrúlegir, vinna frá morgni til kvölds í miklum hita og raka."

Rachid Benguella:

### Dásamar Sólheima



„Mér finnst að allir Íslendingar ættu að heimsækja Sólheima og kynnast því hvað það er góður staður," segir Rachid, sem með batnandi veðri er duglegri að fara austur fyrir fjall þar sem konan hans vinnur. „Sólheimar er góður staður til að heimsækja. Þar er fallegt kaffihús og gott gistihús. Fyrst þegar ég kom þangað var ég hissa að sjá hvað fólkið er sjálfstætt. Mér finnst frábært að sjá hvernig fólk býr þarna saman en áður hélt ég að fatlað fólk gæti ekki gert allt það sem ég sé það gera á Sólheimum. Fólk lifir þar eðlilegu lífi, býr í sínum eigin húsum og vinnur fyrir því sem það langar í. Staðurinn er svo friðsæll og ég held að hann sé einn sá besti í heimi."

Algirdas Slapikas:

### Ekki góðar minningar



„Nú skelfur jörðin," segir Algirdas, sem man vel eftir skjálftunum sumarið 2000. „Við vorum þá einmitt nýflutt til Íslands. Það var sterkari skjálfti en þessi sem var núna en þetta vekur ekki upp góðar minningar. Við vissum ekki hvað við áttum að gera þar sem við höfðum ekki lent í neinu svona áður enda eru aldrei jarðskjálftar í Litháen. Núna var ég í vinnunni, ljósin hreyfðust í loftinu og það var ekki góð tilfinning að vera þarna inni. Á svo stuttum tíma getur maður nánast ekkert gert. Maður fattar að þetta er jarðskjálfti og þá er hann búinn."




**KJÖRKASSINN**



*Eiga stjórnvöld að biðjast afsökunar á hlerunum á kaldastríðsárunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 62,5% |
| Nei | 37,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fannst þú jarðskjálftann í gær?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Nokkur viðamikil og umdeild þingmál bíða afgreiðslu Alþingis í september:

# Þingmenn þurfa að vinna í sumar

**ALÞINGI** Tugir frumvarpa urðu að lögum í gær og í gærkvöldi, á síðasta þingdegi vorþings.

Líkt og jafnan sömdu stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar um þinglok og meðferð helstu hitamála.

Varð úr að meðal stórra mála sem hlutu afgreiðslu voru skólamál og auðlindamálið en frumvörp um sjúkratryggingar og innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins var frestað. Verður unnið í þeim báðum í sumar en málin eru mikil að efni og vöxtum.

Við atkvæðagreiðslu um sjúkratryggingamálið, þar sem því var vísað til meðferðar nefndar á ný, sagði Álfheiður Ingadóttir VG að áfangasigur hefði unnist.

Matvælalöggjöf ESB komst aldrei út úr sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd en veigamikil andstaða var við málið, bæði utan og innan þings. Er ætlunin að nefndarmenn vinni málið áfram í sumar og hafi við störf sín samráð við bændur og aðra hagsmunaaðila.

Þá ætla formenn stjórnmálaflokkanna að freista þess að ná saman í sumar um lausn á deilum um eftirlaunalög þingmanna og ráðherra.

Alþingi kemur saman 1. september og starfar í tíu daga. **- bþs**



**LAGT Á RÁÐIN** Arnbjörg Sveinsdóttir og Einar Már Sigurðarson á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sló öryggisvörð með flösku:

# Ákærður fyrir árás við 10-11

**DÓMSMÁL** Tuttugu og þriggja ára karlmaður játaði fyrir dómi í gær að hafa slegið öryggisvörð í höfuðið með glerflösku fyrir utan 10-11 í Austurstræti í apríl. Ákæra fyrir stórfellda líkamsárás var þingfest í héraðsdómi.

Öryggisvörðurinn hlaut lífshættulega áverka af árásinni og lá á gjörgæsludeild dögum saman. Hann höfuðkúpubrotnaði við höggið auk þess sem stór slagæð í heilahimnu fór í sundur sem olli því að það blæddi lífshættulega inn á heila hans. Nokkuð hefur verið um ryskingar manna við öryggisverði í versluninni upp á síðkastið. **- sh**

Vörukarfa ASÍ:

# Mesta hækkunin í Hagkaupum og Nóatúni

**VERÐKÖNNUN** Mest hækkun á vörukörfu ASÍ milli vikna var í stórmörkuðunum Hagkaupum og Nóatúni. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá ASÍ.

Í Hagkaupum hækkaði verð körfunnar um 2,1 prósent á milli þriðju og fjórðu viku í maí. Rekja má þá hækkun að mestu til hækkana á verði kjötvara og grænmetis og ávaxta. Í Nóatúni hækkaði verð körfunnar um 1,9 prósent milli vikna.

Valda hækkanir á verði grænmetis og ávaxta þar mestum breytingum, en einnig hækkun á kjöt- og mjólkurvörum. Í Samkaupum –Úrvali hélst verð körfunnar nánast óbreytt milli vikna. **- kg**

Umsækjandi um stöðu forstjóra Varnarmálastofnunar:

# Ráðherra rökstyðji ráðningu Ellisifjar

**STJÓRNSÝSLA** Bjarni Vestmann, sendifulltrúi hjá utanríkisráðuneytinu, hefur óskað eftir rökstuðningi utanríkisráðherra fyrir ráðningu Ellisifjar Tinnu Víðisdóttur í stöðu forstjóra nýrrar Varnarmálastofnunar.



**ELLISIF TINNA VÍÐISDÓTTIR**

Bjarni sóttist einnig eftir stöðunni og hélt sig eiga mikla möguleika á að hljóta hana.

„Ég taldi að ég væri ansi líklegur kandídat eftir áralanga reynslu í öryggis- og varnarmálum, bæði í diplómatísku starfi og á alþjóðlegum vettvangi, innan NATO, í norrænu samstarfi og auk þess í hermálastarfi," segir Bjarni. Hann bendir á að hann hafi um tíma verið í hermálanefnd NATO, tekið þátt í verkefnum sem tengdust flugvöllunum í Pristína og Kabúl og þar að auki í þrjú ár verið staðgengill skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Alls spanni reynsla hans af öryggis- og varnarmálum vel á annan áratug, en hann hafi verið viðriðinn málaflokkinn allt frá því að hann hóf störf á varnarmálaskrifstofu um áramót 1991 og 1992. Bjarni fól lögmanni sínum að senda erindi til ráðuneytisins þar sem rökstuðnings er óskað. Bréfið var sent á þriðjudag og ráðuneytið hefur tvær vikur til að bregðast við því. **- sh**



**Á SJÓ** Breytingar á kvótakerfinu eru í farvatninu, að sögn sjávarútvegsráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Kvótakerfið verður fært í átt að áliti SÞ

**Við breytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu í átt að áliti mannréttindanefndar SÞ verður álitið túlkað mjög þröngt. Þeir sem kærðu fá ekki skaðabætur.**

**ALÞINGI** Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið verður lagað að áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá í haust.

Álitið kveður á um að kerfið stangist á við jafnræðisreglur.

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir að ákveðið stjórnarsáttmálans um sérstaka athugun á reynslunni af kerfinu og áhrifum þess á þróun byggða verði útvíkkað. Við verkið verði jafnframt horft til álits mannréttindanefndarinnar auk stjórnarskrár Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu og þeirra dóma sem fallið hafa um kerfið.

„Við ætlum okkur að vera með kerfi sem stenst þessa skoðun," sagði Einar í samtali við Fréttablaðið eftir umræðu á Alþingi í gær um viðbrögð stjórnvalda við áliti nefndarinnar.

Hann lagði áherslu á að hugsanlegar breytingar yrðu að samrýmast hagsmunum sjávarútvegsins sem atvinnugreinar.

Einar er þögull um hverjar breytingarnar kunni að verða og vill fátt segja um hvaða tímaramma stjórnvöld setja sér til verksins. Hann kveðst þó telja víst að breytingarnar komi fram á kjörtímabilinu.

Áhöld eru uppi um hvernig túlka beri álit mannréttindanefndarinnar og er Einar í þeim hópi manna sem telja álitið óskýrt. „Það er gallinn við það og af þeim ástæðum tel ég að það beri að túlka niðurstöðuna mjög þröngt."

Í máli Einars í umræðunni kom fram að íslenska ríkið teldi ekki forsendur til að greiddar yrðu skaðabætur til þeirra tveggja manna sem á sínum tíma fóru með málið fyrir mannréttindanefndina. **bjorn@frettabladid.is**

## ÞINGFORSETI SETTI OFAN Í VIÐ GRÉTAR MAR

Í umræðunum hafði Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, uppi „fullkomlega óviðurkvæmileg" orð, að mati Einars Más Sigurðarsonar þingforseta.



**GRÉTAR MAR JÓNSSON**

Grétar sagði sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra vera mannréttindaníðinga, hann sagði það skýlausa kröfu að ríkisstjórnin segði af sér þar sem hún treysti sér ekki til að virða mannréttindi, hún hefði skítlegt eðli og það væru pólitískar druslur sem höguðu sér eins og hún. Einar K. Guðfinnsson kveðst ekki kippa sér upp við orð Grétars. Hann hafi með málflutningi sínum í þinginu skapað sér þá stöðu að orð hans séu talin mjög léttvæg. „En hitt verðum við að hafa í huga að hann er löglega kjörinn þingmaður og fulltrúi síns flokks í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og þar með talsmaður í þessum málaflokki þannig að meðan ekki kemur annað fram verð ég að líta þannig á að þetta sé málflutningur sem hugnast þeim flokki og það kann að vera íhugunarefni fyrir það fólk sem hefur stutt þann flokk," sagði Einar.





Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur

Brúðkaupsveisla Jóakims:

## Drottning send út að reykja

**DANMÖRK** Í brúðkaupsveislu Jóakims Danaprins á dögunum varð brúðguminn að biðja móður sína, Margréti Þórhildi drottningu, að fara út til að svala reykingafíkn sinni. Þjónarnir í veislunni hótuðu því að leggja niður störf ef áfram yrði reykt við veisluborðið.

Þetta hefur fréttavefurinn seoghoer.dk eftir heimildarmanni sem var í veislunni að því er greint er frá á politiken.dk. Að öllu jöfnu kvað ekki vera bannað að reykja í konunglegum matarboðum, þrátt fyrir að nærri ár sé liðið síðan reykingafólki í Danmörku var samkvæmt lögum almennt gert að reykja utandyra. - aa

Skortur á næturvörslu og öryggisþjónustu á dvalarheimili aldraðra á Djúpavogi:

# Vantar peninga í næturvaktir

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki hefur reynst unnt að halda uppi næturvöktum á dvalarheimilinu aldraðra á Djúpavogi þar sem ekki hafa fengist fjárveitingar til þess. Þetta segir Lilja Aðalsteinsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands sem rekur heimilið.

Lilja segir að heilbrigðisstofnunin hafi tekið við rekstri dvalarheimilisins um áramót 2007-2008 af sveitarfélaginu.

„Sveitarfélagið rak dvalarheimilið á daggjöldum, en gafst upp á rekstrinum því þetta var svo dýrt,“ segir Lilja. „Heilbrigðisstofnun Austurlands er rekin á fjármunum sem ákveðnir eru á föstum fjárlögum en ekki daggjöldum. Við gerðum ráð fyrir að þar yrði fjárhæð eyrnamerkt rekstri tiltekins fjölda rúma á dvalarheimilinu.“



**DJÚPIVOGUR** Beðið er fjármuna til að hægt sé að manna næturvaktir á dvalarheimilinu.

Lilja segir að þjónusta á dvalarheimilinu hafi verið aukin eftir að Heilbrigðisstofnunin tók við rekstrinum, þótt enn vanti upp á. Áður hafi vaktir einungis verið til klukkan níu á kvöldin en bætt hefði verið við þær þannig að nú séu þær til hálf tólf á virkum dögum og ellefu um helgar.

„En við sjáum okkur ekki fært að fjölga vöktum frekar fyrr en við værum búin að fá fjármuni á fjárlögum til að reka næturvaktir á heimilinu,“ segir Lilja og telur þá þjónustu kosta tíu til tólf milljónir króna á ári. - jss


Toys R Us

KOMDU Á RISASTÓRA OPNUNARHÁTÍÐ OKKAR Á AKUREYRI ÞANN 30. MAÍ KL. 10

SUNNUDAGINN 1. JÚNÍ OPIÐ 10-18

Pirates of the Caribbean

521825
PIRATES BLACK PEARL
Fjarstýrt skip sem getur siglt áfram og afturábak og sem hefur raunsæislegar "skipshreyfingar". Með Jack Sparrow-fígúru. 46 sm. Má ekki nota í vatni. Þarf 4 C-rafhlöður og 1 D-rafhlöðu.
Venjulegt lágvöruverð er 5.999

1/2 VIRÐI 2.999 SPARIÐ 3.000 50 STK

Pirate Expeditions

521924
SKIP KAPTEINS RANKS
55 sm langt skip með fallbyssu sem hægt er að skjóta með, 4 sjóræningjar og sleggjuhákur fylgir. Þarf 2 C-rafhlöður.
Venjulegt lágvöruverð er 5.999

1/2 VIRÐI 2.999 SPARIÐ 3.000 50 STK

playmobil

112668
SJÓRÆNINGJASKIP (4290)
Farðu í návígi við óvininn og skjóttu fallbyssukúlum. Með fígúrum, vopnum og miklum aukabúnaði. Þarf 1 C-rafhlöðu.
Venjulegt lágvöruverð er 13.999

1/2 VIRÐI 6.999 SPARIÐ 7.000 100 STK

222303
MARGRA HÆÐA BÍLASTÆÐAHÚS
Með lyftu, bensíntanki, bílskúr og þvottastöð. Fyrir bíla að stærð 1:43. 78 x 70 x 50 cm.
Venjulegt lágvöruverð er 4.899

2.999 SPARIÐ 1.900

Picooz

181250
PICOOZ SMÁÞYRLA
Innrautt handstjórntæki. Flýgur upp, niður og snýr. Fyrir notkun innan- og utandyra. Með innbyggðri endurhlaðanlegri rafhlöðu sem hleðst upp í gegnum handstjórntækið. 25 mínútna hleðsla = 6 mínútna flugtími. 17 sm. Þarf 6 C-rafhlöður. Veldu á milli margra gerða.
Venjulegt lágvöruverð er 3.399

1.999 SPARIÐ 1.400 250 STK

Walking Bratz Cloe

Við getum labbað í alvörunni!

124574/4644
BRATZ GANGANDI CLOE/YASMIN OG HUNDUR
Notar 3 E-rafhlöður.
Venjulegt lágvöruverð er 4.899

EINSTAKT VERÐ FRJÁLST VAL 2.299 SPARIÐ 2.600

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði. Við gerum fyrirvara á hugsanlegar prentvillur og vörur hafi selst upp.

OPNUNARTÍMAR AKUREYRI
Mánudaga-Föstudaga 10 - 18.30
Laugardaga 10 - 17
Sunnudaga 12 - 17

Tilboðin á þessari blaðsíðu gilda meðan birgðir endast eða til 1. júní

Það er ekki hægt að versla í gegnum póstkröfu hjá okkur.

AKUREYRI, GLERÁRTORG. SÍMI 461 4500



AGA GASOL HEIM
Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Alla daga frá 10 til 22

AGA Gasol

Linde Gas AGA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# FERÐAD

**NÚ ERU VERSLANIR N1 STÚTFULLAR AF FJÖLBREYTTUM VARNINGI FYRIR FERÐALAGIÐ Í SUMAR. KOMDU Í HEIMSÓKN OG NÝTTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ Á FERÐADÖGUM N1.**




**VERÐHRUN**
~~35.900,-~~
**29.900,-**
Garmin Nuvi 710W
893 010-00657-38

## GPS

GARMIN



Garmin Nuvi 250W
893 010-00656-02
Verð
**25.900,-**



Garmin Legend HCx eTrex
893 010-00629-01
Verð
**19.900,-**



Garmin Navigator
893 010-00422-01
Verð
**34.900,-**



Garmin Nuvi 250
893 010-00621-02
~~21.900,-~~
Tilboð
**19.900,-**

## Radíó

YAESU



Yaesu VX-2200
VHF bílstöð
128 rása
850 VX-2200
Verð
**36.900,-**



Yaesu HX-370E
VHF handstöð
40 rása, vatnshelt
850 HX-370E
Verð
**28.900,-**



Þráðlaus bakkmyndavél
875 JB-3700
Verð
**44.900,-**

## Bón



Turtle Wax
Hreinsir fyrir mælaborð og stuðara



Turtle Wax
Dekkjahreinsir



Turtle Wax
Felguhreinsir

Turtle Wax
**25%**
**AFSLÁTTUR**



Turtle Wax
Hraðbón



Turtle Wax
Eðalbón

**N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9** **N1 verslanir um allt land:** Hafnarfirði, Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Keflavík, Selfossi og Höfn.



AGAR!
N1
VERÐHRUN
Farangursbox
820 731616
34.900,-
Tilboð
21.900,-
MONT BLANC
12 volt
Fjöltengi í kveikjara
093 RPPS223
Verð
1.399,-
Samlokugrill 12v
093 RPDF168
Verð
2.490,-
Hárblásari 12v
093 RPSC818
Verð
2.349,-
Blandari 12v
093 MPSC876C
Verð
5.456,-
Ferðavörur
Dekkja-viðgerðarsett f/ jeppa
664 210215
Verð
5.976,-
Ketill m/ flautu
909 31436
Verð
2.490,-
VARTA
Neyslugeymir
580 813010000
26.899,-
Tilboð
19.900,-
Loftdæla, 12v í tösku m/fylgihl.
202 PMAC13
Verð
11.900,-
Ferðavörur
Sólarsella 85W
846 SM340K
91.561,-
Tilboð
74.900,-
Framlengingar-spegill
908 3000
10.900,-
Tilboð
7.900,-
Nefhjól
909 79841
Verð
2.900,-
Ferðavörur
Ruslafötusett
909 47051
3.190,-
Tilboð
2.490,-
Vatnsbrúsi 12 ltr, með krana
909 77560
Verð
1.190,-
Kista fyrir fellihýsi og tjaldvagna
134 TB240038T
29.798,-
Tilboð
19.900,-
N1
Verslun
OPIÐ 8-18 VIRKA DAGA OG 10-14 LAUGARDAGA
WWW.N1.IS
N1 - Meira í leiðinni

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu?*
2. *Hvaða íslenska hljómsveit heldur tónleika í Cavern-klúbbnum í Liverpool á laugardagskvöld?*
3. *Hvað nefnist söluturninn í Kaupmannahöfn þar sem ungur Íslendingur var stunginn á þriðjudagskvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

SHA efnir til mótmæla á Austurvelli klukkan fimm í dag:

# Condoleezza prófi pyntingar

**MÓTMÆLI** „Vatnspyntingar eru eitt mest æpandi dæmi um það hvernig mesta herveldi samtímans, sem flaggar lýðræðisgildum í gríð og erg, notast við pyntingaraðferðir frá miðöldum í sinni hernaðarstarfsemi,“ segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga (SHA). Samtökin efna til mótmæla á Austurvelli klukkan 17 í dag í tilefni heimsóknar Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til landsins.

Stefán segir SHA ætla að bjóða Condoleezzu, íslenskum ráðamönnum og gestum og gangandi að prófa vatnspyntingar á eigin skinni. „Vatnspíningarbekkurinn er aðferð sem bandarísk stjórnvöld hafa ekki viljað viðurkenna sem pyntingaraðferð. Þeir kjósa að kalla þetta óhefðbundnar yfirheyrsluaðferðir, þótt mannréttindasamtök og nær öll ríki heims skilgreini þetta sem hreinar pyntingar. Fólk hefur gjarnan tengt þetta við alræðisstjórnir og slíkt, en þessu eru okkar bandamenn að standa fyrir. Ég held að það sé öllum hollt að sjá hvernig þessu er beitt og geta þá tekið afstöðu til þess hvort þetta séu pyntingar eða vatnsleikfimi.“



**MÓTMÆLI** Stefán Pálsson vonar að Condoleezza Rice láti sjá sig á Austurvelli í dag.

Stefán segist vona að Condoleezza láti sjá sig. Henni sé í það minnsta formlega boðið að taka þátt. **- kg**

Norsk-íslenska síldin:

## Útbreiðsla svipuð og í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Útbreiðsla norsk-íslenskrar síldar austar af landinu er svipuð og á síðasta ári, er niðurstaða árlegs rannsóknaleiðangurs Hafrannsóknastofnunar á útbreiðslu síldar og kolmunna. Nú mælast 1,4 milljón tonn af síld við Ísland, sem er milljón tonnum minna en í fyrra.

Mælingar frá Færeyjum benda þó til að síst minna af síld sé á ferðinni nú en í fyrra. Eins og í fyrra heldur síldin sig sunnar og vestar en hún gerði áður. Stofninn er í góðu ástandi og er hrygningarstofninn talinn vera um tólf milljónir tonna. Kvóti Íslendinga er 220 þúsund tonn. **- shá**



**MANOUCHEHR MOTTAKI** Írakski utanríkisráðherrann er gagnrýninn á stefnu bandamanna í Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðstefna um Íraksmál:

## Misráðin stefna Bandaríkjanna

**STOKKHÓLMUR, AP** Utanríkisráðherra Íraks gagnrýndi í gær „misráðna stefnu“ Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Írak og vísaði ábyrgðinni á ástandinu í landinu til þeirra.

Manouchehr Mottaki tjáði alþjóðlegri ráðstefnu í Stokkhólmi um málefni Íraks einnig að Írakar sjálfir, með hjálp grannþjóða, hefðu leikið veigamikið hlutverk í enduruppbyggingu í landinu frá því innrásin var gerð vorið 2003. Í sjónvarpsútsendingu frá fundinum sást bandaríski utanríkisráðherrann Condoleezza Rice ranghvolfa í sér augunum og hrista hausinn er Mottaki talaði. Rice kemur til Íslands í dag. **- aa**

Ísland og Litháen:

## Aukið samstarf gegn glæpum

**LÖGREGLUMÁL Ákveðið hefur verið að efla samvinnu Íslands og Litháens á sviði löggæslumála. Mun það samstarf meðal annars taka til baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi.**

**Þetta var ákveðið á fundi sem Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri átti í vikunni með hinum litháíska starfsbróður sínum, Telycenas Vizgirdas. Fundur þeirra fór fram í Vilnius, höfuðborg Litháens.**

**Á fundinum voru margvísleg lögreglumálefni rædd. Ákvörðun in um samstarf felur til að mynda í sér gagnkvæm skipti á upplýsingum milli landa.** **- jss**

### LEIÐRÉTTING

**Ofþyngd ekki offita**

Í Fréttablaðinu í gær var viðtal við dr. Katherine Flegal um samband heilsu og þyngdar. Þar var mishermt að engin tengsl væru milli offitu og hjartasjúkdóma. Hið rétta er að engin tengsl eru milli ofþyngdar og hjartasjúkdóma. Beðist er velvirðingar á mistökunum.



**ÓSPRUNGIN KLASASPRENGJA** Í Líbanon fannst þessi klasasprengja ósprungin, ein margra sem liggja árum saman stórhættulegar almennum borgurum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ríki heims hætti að nota klasasprengjur

**Mikill og víðtækur stuðningur við alþjóðasamning um bann við klasasprengjum eykur þrýsting á þau ríki sem enn ætla að framleiða og nota þessi vopn. Endanleg gerð samningsins verður kynnt á Írlandi í dag.**

**ÍRLAND, AP** Nýr alþjóðasamningur um bann við klasasprengjum verður kynntur á Írlandi í dag. Samningurinn felur það í sér að aðildarríki hans heita því að nota aldrei klasasprengjur eða framleiða þær, eiga þær, geyma þær eða útvega þær nokkru öðru ríki.

Þær sprengjur, sem nú eru til í vopnabúrum ríkjanna, skulu eyðilagðar innan átta ára.

„Þetta er mjög sterkur og metnaðarfullur texti sem enguaðsíðurfékksamþykkiþjáöllumsendinefndunum,“ sagði Michael Martin, utanríkisráðherra Írlands.

Fulltrúar frá 111 ríkjum heims hafa setið á ráðstefnu í Dublin í tæpar tvær vikur til að reka smiðshöggið á samningaviðræður sem hófust í Noregi fyrir rúmu ári. Reiknað er með að samningurinn verði undirritaður í Ósló í desember.

Sex ríki tóku þó ekki þátt í samningaviðræðunum og ætla ekki að vera aðilar að samningnum. Þetta eru Bandaríkin, Rússland, Kína, Ísrael, Indland og Pakistan, en þetta eru einmitt þau sex ríki sem helst framleiða eða nota klasasprengjur.

Martin segir að jafn víðtækur stuðningur við samninginn, eins og náðist á ráðstefnunni í Dublin, muni þó tvímælalaust vera mikill þrýstingur á þessi sex ríki, sem stóðu utangarðs, um að draga verulega úr og jafnvel hætta alveg notkun og framleiðslu þessara umdeildu vopna.

Samningstextinn gengur þó ekki jafn langt og fyrri drög, þar sem ákvæði var um að aðildarríki samningsins mættu ekki hafa hernaðarlegt samstarf við ríki sem ekki undirrita hann.

Bandaríkin börðust hart gegn því að slíkt ákvæði yrði í samningnum, meðal annars með þeim rökum að þá yrði erfitt ef ekki ómögulegt að sinna sameiginlegum friðargæslustörfum.

Komið hefur fram sú gagnrýni á samninginn að í honum séu of nákvæmar skilgreiningar á klasasprengjum, sem geri ríkjum áfram kleift að framleiða og nota smærri klasasprengjur en þar er gert ráð fyrir. Þannig nægir að klasasprengjur séu með færri en tíu smásprengjur innanborðs, sem hver er innan við fjögur kíló á þyngd, til þess að þær falli utan samningsins.

gudsteinn@frettabladid.is

### ÍSLENSK STJÓRNVÖLD FAGNA BANNINU

Íslensk stjórnvöld fagna alþjóðlegu samkomulagi um að banna klasasprengjur, að því er fram kemur í fréttatilkynningu sem utanríkisráðuneytið sendi frá sér í gær.

„Ísland hefur frá upphafi stutt gerð alþjóðlegs samnings gegn klasasprengjum og tekið þátt í samningaferlinu,“ segir í tilkynningunni. Fulltrúi Íslands á ráðstefnunni í Dublin var Guðmundur Eiríksson sendiherra.

„Mannúðarsjónarmið eru meginástæðan fyrir því að íslensk stjórnvöld leggjast gegn notkun klasasprengja. Engar klasasprengjur eru til á Íslandi, en íslensk stjórnvöld hafa kostað hreinsun á svæðum sem eru menguð af klasasprengjum með hreinsunaraðgerðum sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar.“

Sprengjusveitin hefur undanfarið verið við störf í Líbanon, en klasasprengjur hafa meðal annars verið notaðar í Afganistan, Írak, Kosovo, Nagorno-Karabakh og Víetnam.

**Matvælafyrirtæki: Bann á litarefni**

**Bann við notkun á rauðu litarefni úr gerjuðum hrísgrjónum**

Litarefnið (e: colour red yeast rice, fermented rice) er framleitt með sveppagerjun á hrísgrjónasterkju og er kröftugt rautt litarefni. Litarefnið er framleitt í Kína en dreifingaraðilar í Evrópu eru m.a. frá Hollandi, Þýskalandi og Austurríki.

Dreifing á litarefninu og notkun þess í matvælaframleiðslu er algjörlega bönnuð. Matvælastofnun vil koma því á framfæri til innflytjanda og matvælavinnslur í landinu að einungis má nota litarefni sem eru viðurkennd í matvælaframleiðslu og eru merkt með E- númerum. Sjá nánar á heimasíðu Matvælastofnunar um leyfileg litarefni.

MATVÆLASTOFNUN




GOTT FÓLK

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ

# STELPUDEILDIN Á SKJÁ*EINUM* HEFST Í DAG



HOW TO LOOK GOOD NAKED | SECRET DIARY OF A CALL GIRL | HEY PAULA | KIMORA: LIFE IN THE FAB LANE | RACHAEL RAY | EUREKA | BRITAIN´S NEXT TOP MODEL | THE EVIDENCE | STYLE HER FAMOUS







## VERTU MEÐ OKKUR Í SMÁRALINDINNI OG SNÚÐU LUKKUHJÓLI SKJÁ*SEINS*

Vertu með okkur í Smáralindinni og snúðu lukkuhjólinu. Meðlimir í Merzedes Club stjórna lukkuhjólinu í dag og taka lagið. Lukkan snýst öllum í hag og allir fá vinning.
**Í aðalvinning í þessari viku eru glæsilegir símar frá Símanum.**

Lukkuhjólið verður opið á föstudögum milli kl. 16.30-18.30 og á laugardögum milli kl. 13.00-15.00 í júní.

JOHN FRIEDA COLLECTION | FORLAGIÐ | BÍÓHÚSIN | Kristall | SUZUKI

STELPUDEILDIN Á SKJÁ*EINUM*



BJÖLLUSPIL Indverskur hindúi leikur á bjöllu í helgiathöfn í Bhadarkali-musterinu í Amritsar á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Krafinn skýringa og persónuskilríkja vegna greiðslu 145 þúsund króna í reiðufé:

# Upplifði sem persónunjósnir

**NEYTENDUR** Maður sem krafinn var upplýsinga um uppruna peninga sem hann notaði til að greiða 145 þúsund króna reikning hjá SP fjármögnun er ósáttur við aðfarirnar.

„Ég upplifði þetta sem perónulegar njósnir af grófustu sort,“ segir Börkur Hrólfsson leiðsögumaður. Hann greiddi af bílaláni sínu með reiðufé í gærmorgun og var gert að framvísa skilríkjum og skýra af hvaða bankareikningi hann hafi tekið peningana.

Hann segir það hafa reynst ómögulegt, peningarnir hafi ekki komið beint af reikningi. Hann sé einn af þeim sem greiði alltaf með reiðufé, og hafi safnað peningunum saman áður en hann fór með þá til að greiða af bílaláni sínu.



REIÐUFÉ Skýra þarf hvaðan peningarnir koma sé ætlunin að greiða reikninga yfir 100 þúsund krónum með reiðufé.

„Ég var tregur til að gefa þetta upp, mér finnst þeim ekki koma reikningunum mínum við,“ segir Börkur. Hann hafi þó að endingu gefið upp einn af bankareikningum sínum til að leysa málið, þó að féð hafi ekki verið komið þaðan.

Pétur Gunnarsson, forstöðumaður fjármálasviðs hjá SP fjármögnun, segir fyrirtækið verða að fylgja lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Krafist er skýringa og persónuskilríkja þegar reiðufé er notað til að greiða reikninga yfir 100 þúsund krónum. Hægt er að rekja greiðslur með kortum og ávísunum og því þarf ekki að veita sömu skýringar í slíkum viðskiptum.

- bj

Útlendingastofnun:

# Nýr forstjóri

**STJÓRNMÁL Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, mun gegna embætti forstjóra Útlendingastofnunar meðan á fæðingarorlofi Hildar Dungal, skipaðs forstjóra, stendur. Hún verður í orlofi frá 1. júní næstkomandi til 31. maí 2009. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti Hauk í embættið og greindi frá því í gær.**

**Kristrún Kristinsdóttir, sem verið hefur skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu og hefur haft aðsetur í Brussel undanfarin ár, mun leysa Hauk af í starfi skrifstofustjóra einkamála- og borgarskrifstofu.**

- jse




TÓNLISTARVIÐBURÐUR

Píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson heldur tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð, þriðjudagskvöldið 3. júní.

Víkingur Heiðar vann frækinn sigur í einleikarakeppni Juilliard-tónlistarskólans í New York fyrr á þessu ári og hefur vakið mikla aðdáun í tónlistarheiminum á síðustu misserum. Á efnisskránni eru verk eftir Beethoven, Brahms, Chopin og Ólaf Axelsson. *Tónleikarnir eru til minningar um Birgi Einarsson.*

Tónleikarnir hefjast kl. 20.
Miðaverð: 2.000 kr. / 1.500 kr.
Forsala í Landsbankanum Fjarðabyggð og Egilsstöðum.
Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Kirkju- og menningarmiðstöðin Fjarðabyggð

Alcoa Fjarðaál ALCOA er styrktaraðili Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar



Markaðurinn alla daga

vísir Fyrstur með fréttirnar!


# Stjórnvöld þurfa aðhald

**Bandaríski mannréttindafrömuðurinn Bill Burton segir þá sem unna frelsi og mannréttindum aldrei mega sofna á verðinum gagnvart misbeitingu valds.**

**MANNRÉTTINDAMÁL** William J. Burton, betur þekktur sem Bill Burton, hefur sem lögfræðingur og hugsjónamaður staðið vaktina á vanþakklátum vettvangi mannréttindabaráttu bæði innan Bandaríkjanna og ekki síður á alþjóðavísu í yfir hálfa öld. Síðarnefnda hlutverkið hefur hann fyrst og fremst unnið sem formaður samtakanna AAICJ (American Association for International Commission of Jurists), sem hafa síðan árið 1977 staðið árlega fyrir ráðstefnu þar sem saman er stefnt mannréttindafulltrúum utanríkisráðuneyta fjölda landa.

31. slíka ráðstefnan fór fram í Reykjavík í lok síðustu viku, í boði utanríkisráðuneytisins. Þangað mættu fulltrúar þrjátíu landa til að ræða framkvæmd mannréttindastefnu Vesturlanda. Ráðstefnurnar eru ávallt lokaðar og skoðanaskiptin sem þar fara fram eru trúnaðarmál svo að í samtali við Fréttablaðið vildi Burton ekki skýra frá neinum niðurstöðum að öðru leyti en því að að hann sagði býsna mikinn einhug ríkja meðal ríkisstjórna þátttökuríkjanna um þessi mál. Jafnvel fulltrúi Bandaríkjastjórnar hafi ekki talað á verulega öðrum nótum en aðrir fulltrúar.

Burton viðurkennir hins vegar að sem Bandaríkjamaður talandi fyrir mannréttindum á alþjóðlegum vettvangi sé hann orðinn vanur því að hafa stöðugt ástæðu til að skammast sín fyrir framgöngu eigin ríkisstjórnar, einkum og sér í lagi í stjórnartíð núverandi ríkisstjórnar undir forystu George W. Bush forseta.

Hann segir sig og samherja sína í liði þeirra sem beita sér fyrir því að Bandaríkjastjórn framfylgi samviskusamlega virðingu fyrir mannréttindum í stjórnarstefnunni, bæði innanlands en sérstaklega þó í utanríkisstefnunni, vonast til að viss áfangasigur vinnist er hæstiréttur Bandaríkjanna birtir úrskurð sinn í máli hinna umdeildu sér-herdómstóla fyrir fangana í Guantánamo-búðunum á Kúbu. Því máli skutu mannréttindasinnar til réttarins í von um að hann liðsinnti þeim í að koma Guantánamo-föngunum undir lögsögu bandaríska réttarkerfisins.

Almennt séð segir Burton að það sé skylda hvers unnanda frelsis og lögvarinna réttinda einstaklingsins að sofna ekki á verðinum gagnvart misbeitingu ríkisvalds. Réttarríki sé grundvöllur siðmenningar en dæmin sanni að stöðugt þurfi að verja það.



BILL BURTON Á yngri árum varð Burton þekktur sem lögmaður og málsvari mannréttinda í tímamótadómsmálum vestra. Hann hefur í áratugi beitt sér fyrir að mannréttindi séu hluti af utanríkisstefnu allra siðaðra landa. FRÉTTABLAÐIÐ/AA

audunn@frettabladid.is


HAPPY HOUR

2 FYRIR EINN

rex REYKJAVIK ICELAND

AUSTURSTRAETI 9. 101 REYKJAVIK ICELAND
WWW.REX.IS E-MAIL: REX@REX.IS









60PC45

60" Plasma sjónvarp

Upplausn 13366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200 cd/m²
Svartími 0,001 ms

50PC51

50" Plasma sjónvarp

Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m²
Svartími 0,001 ms
100Hz

# SJÁÐU EM Í LG







42PT85

42" Plasma sjónvarp

Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m²
Svartími 0,001 ms
100Hz
Stafrænn móttakari
160GB upptökudiskur

42LT75

42" LCD sjónvarp

Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m²
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari
160GB upptökudiskur







37LT75

37" LCD sjónvarp

Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m²
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari
160GB upptökudiskur

32LC56

32" LCD sjónvarp

Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450 cd/m²
Svartími 7 ms
Stafrænn móttakari

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Lífið er gott

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.800 **-0,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 214
**Velta:** 2.074 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KAUPÞING** | +0,52% | **BAKKAVÖR** | -3,17% |
| **FØROYA BANKI** | +0,32% | **ATLANTIC AIRWAYS** | -1,16% |
| **SPRON** | +0,22% | **STRAUMUR** | -0,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,98 +0,00% ... Bakkavör 33,60 -3,17% ... Eimskipafélagið 20,50 -0,24% ... Exista 10,12 +0,10% ... Glitnir 17,55 -0,28% ... Icelandair Group 20,55 +0,00% ... Kaupþing 781,00 +0,52% ... Landsbankinn 25,50 -0,20% ... Marel 95,10 +0,00% ... SPRON 4,61 +0,22% ... Straumur-Burðarás 11,40 -0,87% ... Teymi 3,31 +0,00% ... Össur 98,10 -0,1%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Bónusar í skugga fjármálakrísu

Starfsfólk í bresku fjármálalífi fékk 12,6 milljarða punda, jafnvirði 1.800 milljarða íslenskra króna, í bónusgreiðslur á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er hálfum milljarði punda meira en í fyrra og eru hæstu greiðslur sem sést hafa þar í landi til þessa. Hæstu greiðslurnar lentu í vösum verðbréfamiðlara hjá fjárfestingarbönkum og vogunarsjóðum, að sögn breska blaðsins Daily Telegraph. Greiðslurnar þykja skjóta skökku við í skugga lausafjárþurrðarinnar sem skekið hefur fjármálamarkaði frá í fyrrasumar.



### Hagnaður frá fyrri hluta síðasta árs

Mervyn King, seðlabankastjóri Bretlands, hefur jafnframt gagnrýnt greiðslurnar harðlega og sagt að þær þjóni ekki hagsmunum bankanna. Breskir fjölmiðlar segja greiðslurnar tilkomnar vegna hagnaðartöku starfsfólks í fjármálageiranum á fyrri hluta síðasta árs. Þá hafði lausafjárþurrðin ekki bitið í bækur fjármálafyrirtækja. Ef til vill þarf ekki stórkostlega spámenn til að segja fyrir um að bónusgreiðslur nái tæpast sömu hæðum alveg á næstunni.

## Seðlabankastjórinn hættir

Frederic Mishkin, einn bankastjóra bandaríska seðlabankans, sagði upp störfum í fyrradag.

Mishkin skrifaði skýrslu um íslensk efnahagsmál og stöðu fjármálafyrirtækja í bankakreppunni hér fyrir tveimur árum ásamt dr. Tryggva Þór Herbertssyni, þá forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Viðskiptaráð, sem réð hann til starfa, greiddi honum tíu milljónir króna fyrir, að því er segir í umfjöllun Wall Street Journal í gær. Það er tveimur milljónum meira en hann fékk samanlagt fyrir fimm önnur verk.

Mishkin hættir hjá seðlabankanum í byrjun ágúst og mun snúa sér að kennslu í hagfræði á ný. **- jab**

# Samkeppniseftirlit vaki yfir BYKO

„Þetta er ótrúleg ósvífni. Það er ekkert mál að ræða við viðskiptavini sína og semja um svona hluti. En svona einhliða sending er mér ekki að skapi," segir Pétur Georg Guðmundsson, framkvæmdastjóri Litavers.

BYKO hefur sent birgjum og þjónustuaðilum bréf þar sem þeim er tilkynnt um að greiðslufrestur hafi verið lengdur og framvegis verði reikningar greiddir 60 dögum eftir lok úttektarmánaðar. Reikningar munu hingað til hafa verið greiddir um 20 dögum eftir lok úttektarmánaðar. Byko segir í bréfinu að lengri frestur taki gildi frá og með úttektarmánuði í júní og gildi fyrir BYKO, Intersport, ELKO og Húsgagnahöllina.

Pétur Georg segist ekki vera í miklum viðskiptum við BYKO og því þori hann að vekja athygli á málinu. Hins vegar hafi hann rætt við sex birgja sem eigi mikilla hagsmuna að gæta í viðskiptum við fyrirtækið, sem ekki þori að tjá sig af ótta við að missa viðskipti.



**ÚR VERSLUN BYKO** Birgjar eru óánægðir með einhliða ákvörðun fyrirtækisins um að lengja greiðslufrest.

Pétur Blöndal alþingismaður segir að svona einhliða tilkynning sé skrítin í samskiptum fyrirtækja. „Annað hvort er þetta dónaskapur eða menn telja sig hafa slíka yfirburðarstöðu á markaði að geta komið svona fram. Samkeppniseftirlitið á að vaka yfir svona málum myndi ég halda."

„Aðilum á markaði er opið að beina til okkar erindum en þetta mál hefur ekki komið til okkar kasta enn sem komið er," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Hvorki náðist í fjármálastjóra né forstjóra BYKO við vinnslu fréttarinnar.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir að þar á bæ séu ekki teknar einhliða ákvarðanir um greiðslufrest. „En auðvitað reynum við að semja um sem lengstan frest í þessu árferði." **- ikh**




# ALÞJÓÐAFJÁRMÁL

**Ráðstefna á vegum Rannsóknarstofnunar í fjármálum við HR þriðjudaginn 10. júní kl. 11:00, Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofu 101**

| | |
|---|---|
| 11:00 | Setning ráðstefnunnar |
| 11:05 | Richard Portes, London Business School: The euro as an international currency: Costs and benefits for the euro area |
| 12:00 | Léttur hádegisverður |
| 12:25 | Hélène Rey, London Business School: Valuation effects and external assets |
| 13:20 | Kai Truempler, London Business School: Carry trades and monetary policy: Implications for exchange rate dynamics |
| 14:15 | Kaffihlé |
| 14:40 | Friðrik Már Baldursson, Reykjavik University: Inflation targeting: The Icelandic experience |
| 15:35 | Gauti Eggertsson, Federal Reserve Bank of New York: The US financial crisis |
| 16:30 | Ráðstefnuslit |

Tekið er við skráningum í skraning@ru.is.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK




**ÚR VERSLUN OASIS** Verslanir Haga og N1 standa í samningum við Borgun um lækkun á þóknun seljenda vegna American Express-greiðslukortsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hafna margfaldri kreditkortaþóknun

**SVÞ gagnrýna háa söluþóknun og uppgjörstíma nýrra American Express-greiðslukorta. Forstjóri Borgunar segir gagnrýnina óviðeigandi. Hagar vilja semja.**

„Það er andstætt góðum viðskiptaháttum að lauma kortum inn á markaðinn með þeim hætti sem hér virðist hafa verið á hafður," segir í bréfi Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), sem félagsmenn fengu í hendur um miðjan mánuðinn.

Bréfið fjallar um nýlega útgáfu American Express-greiðslukorta. Samtökin gagnrýna að þessi kort séu aðeins gerð upp mánaðarlega auk þess sem söluþóknun sé tvötil fjórföld á við það sem algengast sé hér á markaði. Þá er miðað við það sem almennt gildir um Mastercard og Visa-kort.

„Út af fyrir sig er ekkert við því að segja að kort sem ber svo mikið af fríðindum sé gefið út, en afstaða SVÞ er sú að korthafar eigi að greiða fyrir þau fríðindi en ekki söluaðilar [...]," segir í bréfinu.

Kvartað hafi verið undan þessu við samtökin.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir að tekið sé við kortinu í verslunum Haga. Þar á meðal eru Karen Millen, Útilíf, Oasis og fleiri. „Við stöndum í samningum við Borgun vegna þessara korta. Þóknunin er hærri en á öðrum kortum og ekki mikið svigrúm fyrir því." Hann segir líklegt að samningum ljúki á allra næstu dögum. „Það er aðkallandi að klára þetta."

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, sem rekur Bílanaust, bensínstöðvar og fleira, segir að ekki sé hægt að sætta sig við þau kjör sem boðin voru á kortinu. „Við erum að fara yfir þessi mál og bíðum þess að Borgun geri okkur tilboð sem við sættum okkur við."

Málið er einnig til skoðunar hjá Norvik, sem rekur fjölmargar verslanir hérlendis.

Haukur Oddson, forstjóri Borgunar, sem gefur kortið út, segir að um tuttugu seljendur hafi haft samband við fyrirtækið en enginn hafi sagt upp samningum. Rætt sé við aðila um kjör en samningar við hvern og einn séu trúnaðarmál. „En okkur þykir afar óviðeigandi að samtök eins og SVÞ veitist gegn einni vöru á markaði."

**ingimar@markadurinn.is**

# Evra í Kauphöllina fyrir nóvemberlok

„Undirbúningur hjá öllum er í fullum gangi. Við stefnum að því að þessi viðskipti hefjist 24. nóvember," segir Einar Sigurjónsson, forstjóri Verðbréfaskráningar.

Alþingi hefur samþykkt lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Þau eru forsenda þess að hægt verði að eiga viðskipti með hlutabréf í evrum. Til stóð að þessi viðskipti hæfust í lok september í fyrra, þegar Straumur-Burðarás hugðist umskrá bréf sín í evrur. Seðlabankinn gerði athugasemdir við fyrirkomulagið og taldi að lagastoð vantaði til þess að lokauppgjör færi í gegnum stórgreiðslukerfi annarra en Seðlabankans.



**KAUPHÖLLIN** Stefnt er að því að viðskipti með hlutabréf í evrum hefjist í lok nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við unnum þetta hratt til þess að eyða lagaóvissunni. Það hefur nú tekist," segir Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra. **- ikh**


Office1 Superstore
TIL HAMINGJU AKUREYRINGAR
VIÐ OPNUM NÝJA VERSLUN Á GLERÁRTORGI Í DAG
Allt að 50% afsláttur
*Fartölvur frá 39.900 !
*Aðeins í Office1 Skeifunni og Glerártorgi
Allt að 67% afsláttur
*Stafrænar myndavélar frá 4.990 !
*Aðeins í Office1 Skeifunni og Glerártorgi
Fullt af tilboðum á Glerártorgi um helgina!
30% afsláttur
af öllum fartölvutöskum
15% afsláttur
af öllum blek- og dufthylkjum!
Airis USB minnislyklar
512MB - 999
1GB - 1.899
2GB - 3.399
4GB - 4.899
30% afsláttur
Vandaðar borgarbækur frá Wallpaper
- London, Kaupmannahöfn, Mílanó, París, Róm, New York, Sydney og fullt af öðrum borgum 1295 kr mínus 30%afsláttur
...um land allt!
Fyrirtækjaþjónustan
Í fyrirtækjaþjónustu Office 1 starfa einstaklingar með mikla þekkingu á skrifstofu- og rekstrarvörum. Endilega hafðu samband og fáðu upplýsingar um viðskiptakjör og þjónustuvalmöguleika.
Hringdu og pantaðu í síma 550 4111
Pantanir: 550 4111 • Fax 550 4101 • www.office1.is • pontun@office1.is
*Tilboðin gilda frá 30.maí-1.júní eða á meðan birgðir endast
Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði
office1.is

## Sparaðu með Brimborg
### Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

# Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði.

**Mazda5 Advance**

2,0i 146 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 187 g/km 7 manna
Eyðsla í blönduðum akstri 8,3 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.130.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 49.982 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 422.445 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 35.810 kr. á mánuði.

**Ford Fusion Trend**

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,5 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.050.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 35.810 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 280.210 kr.
5 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

## Bensínverðvernd Brimborgar




# ur skilað r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

# Brimborgar á nýjum bílum:

Tilboð. Rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði.

**Volvo S60 SE m/leðri**

2,0T 180 hö 240 Nm sjálfskiptur 4 dyra
$CO_2$ losun 202 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 10,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 5.272.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 725.969 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði.

**Citroën C5 Exclusive**

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur 5 dyra
$CO_2$ losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.250.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.500 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 464.768 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Suðurland lék á reiðiskjálfi.

## Mikið eignatjón en ekki manntjón

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Náttúruöflin minntu á sig í gær þegar snarpur jarðskjálfti skók Suðurland. Þegar kraftar náttúrunnar birtast jafn áþreifanlega og raun bar vitni í gær verður ljóst hversu lítils mannskepnan má sín í raun gagnvart þeim ógnarkrafti.

Maðurinn getur hins vegar haft áhrif á framvindu mála í kjölfarið með réttum viðbrögðum. Í gær kom enn á ný skýrt í ljós hvernig opinberir aðilar, eins og lögregla og heilbrigðisstarfsfólk annars vegar og sjálfboðaliðar hins vegar, vinna saman eins og ein heild þegar mikið liggur við. Tekið var á móti fólki í fjöldahjálparstöðvum við grunnskóla í Hveragerði og á Selfossi og í Þorlákshöfn. Fjölmennt björgunarlið mannaði allar þessar stöðvar þar sem boðið var upp á mat og drykk, áfallahjálp stóð þeim til boða sem það vildu þiggja og ráðstafanir voru gerðar til að hýsa fólk í tjöldum yfir nóttina þótt til þess kæmi ekki. Í raun er ótrúlegt hversu skilvirkt sjálfboðaliðastarf í landinu er. Hægt er að smala saman fólki til hjálpar á ótrúlega skömmum tíma eins í ljós kom í gær. Þeim verður seint fullþakkað sem eru tilbúnir að setja eigin hagsmuni til hliðar og aðstoða meðborgara sína.

*Þeim verður seint fullþakkað sem eru tilbúnir að setja eigin hagsmuni til hliðar og aðstoða meðborgara sína.*

Miklu skiptir að upplýsingum sem komið geta að notum sé miðlað til þjóðarinnar með fumlausum og skýrum hætti þegar atburðir eins og jarðskjálftinn í gær eiga sér stað. Þar bera ríkisfjölmiðlarnir sérstaka skyldu samkvæmt lögum. Í gær brást ríkisútvarpið skjótt við, á meðan sjónvarp allra landsmanna, sem ætti að vera leiðandi sem miðstöð hagnýtra upplýsinga, varð á eftir einkareknu stöðinni með útsendingu í tengslum við jarðskjálftann. Það ætti að vera stjórnendum þar á bæ umhugsunarefni.

Ljóst er að eignatjón af völdum jarðskjálftans í gær er mikið. Í Hveragerði stóð til dæmis varla steinn yfir steini í þeim húsum sem blaðamaður Fréttablaðsins kom inn í. Það mun taka næstu daga og vikur að leggja mat á umfang tjónsins. Í framhaldinu munu svo viðbrögð skýrast, bæði hjá tryggingafélögum og opinberum stofnunum.

Atburðir eins og jarðskjálftinn í gær valda jafnan mikilli geðshræringu. Allir geta lýst því hvar þeir voru staddir þegar þeir fundu snarpan jarðskjálftakippinn og mörgum er verulega brugðið jafnvel þótt ekkert gerist í umhverfi þeirra annað en að jörð hristist í nokkrar sekúndur. Margar af þessum sögum snúast svo um það hversu litlu munaði að illa færi, barn yrði ekki undir bókahillu, eða kona fyrir fyrir sjónvarpi eða leirtaui sem mölbrotnaði við fall. Ekkert er eðlilegra en að vera brugðið þegar jörðin hristist undir fótum manns.

Fyrir mestu er þó vitanlega að ekki varð mannskaði að þessu sinni og þau slys sem urðu á fólki voru ekki alvarleg. Þegar upp er staðið skiptir það öllu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hið óbreytanlega breytist

Miðað við umræðu um kvótakerfið, og þá sérstaklega af hendi þeirra sem eru því hvað hlynntastir, hefði mátt halda að ekki væri nokkur möguleiki á að breyta því. Í framhaldi af úrskurði Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna upplýsti Einar K. Guðfinnsson svo að kerfinu yrði breytt á kjörtímabilinu, þó svo ekki væri upplýst hvernig þær breytingar verða. Einhvern tíma hefðu væntanlegar breytingar á kvótakerfinu náð forsíðum og að verða fyrsta frétt. En eins og með svo margar fréttir frá í gær mátti hún víkja fyrir jarðskjálftafréttum.



### ... skalf af reiði

Á bloggsíðu sinni segir Magnús Þór Hafsteinsson að samflokksmaður hans, Grétar Mar Jónsson, hafi fundið réttu orðin í ræðu sinni á þingi til að skammast út í sjávarútvegsráðherra af því að hann ætli ekki að gera neitt vegna úrskurðar mannréttindanefndarinnar; „Og Ísland skalf af reiði.“ Það voru jú allir uppteknir af jarðskjálfta í gær.



### Náði ekki sex á Richter

Það voru fleiri en sjávarútvegsráðherra sem voru óheppnir með tímasetningar, en fjölmargir, að venju, sendu inn fréttatilkynningar til fjölmiðlanna með ósk um birtingu. Einn þeirra var Jón Gerald Sullenberger, sem var að láta vita að hann hefði opnað vefsíðuna baugsmalid.is, þar sem birt eru sum af þeim gögnum sem liggja fyrir í Baugsmálinu, auk vísana í skrif annarra í fjölmiðlum og vefmiðlum. Eflaust áhugavert efni, en því miður Jón, það voru bara allir með hugann við annars konar skjálfta.

svanborg@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




## Hverjir biðjist afsökunar?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Hlerunarmálið

Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans og framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins, krefst þess í Morgunblaðinu 27. maí, að núverandi dómsmálaráðherra biðji sig og ýmsa aðra afsökunar, vegna þess að dómarar veittu lögreglu að beiðni ýmissa fyrrverandi dómsmálaráðherra heimild til að hlera síma þeirra við ýmis tækifæri árin 1949-1968. Hann segir, tilefnið til hlerananna hafa verið óljóst: Hætta á óspektum.

Krafa Kjartans er fráleit. Í fyrsta lagi var þetta ætíð heimild, ekki aðgerð. Ósannað er, að símar hafi verið hleraðir (þótt það sé líklegt í langflestum dæmanna). Í öðru lagi var heimildin jafnan veitt af dómara, sem bar þá á henni ábyrgð. Í þriðja lagi var tilefnið oftast langt frá því að vera óljóst. Sósíalistaflokkurinn, og fyrirrennari hans, kommúnistaflokkurinn, hikuðu ekki við að beita ofbeldi, þegar þeir töldu þess þurfa, enda höfðu þeir það beinlínis á stefnuskrá sinni. Forystumenn þeirra lutu fyrirmælum frá stærsta einræðisríki heims og þáðu þaðan stórfé til baráttu sinnar, eins og sést af Moskvuskjölunum.

Dæmin, sem allir þekkja, eru Gúttóslagurinn 9. nóvember 1932 og óeirðirnar á Austurvelli 30. mars 1949. Í bæði skiptin reyndu kommúnistar með ofbeldi að koma í veg fyrir lýðræðislegar ákvarðanir. Fjöldi lögregluþjóna hlaut alvarleg meiðsl í þessum átökum, sumir varanleg örkuml. Mörg fleiri dæmi eru til. Kommúnistar gerðu aðsúg að bæjarstjórninni 30. desember 1930 og hleyptu upp fundi hennar. Fjórir forsprakkar óspektanna voru handteknir daginn eftir. Þá hugðust kommúnistar safna liði og freista þess að taka þá með ofbeldi úr fangageymslum, en lögreglu barst njósn af þeirri fyrirætlan, svo að þeir hættu við.

Sósíalistar ruddust margir saman inn í Sjálfstæðishúsið 22. september 1946, þegar rætt var um Keflavíkursamninginn, og reyndu að hleypa upp fundi. Þeir veittust síðan utan húss að Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni, er þeir gengu að Alþingishúsinu, og varð lögregla að vernda þá. Aftur gerðu sósíalistar aðsúg að Ólafi og Bjarna 29. mars 1949, þegar þeir gengu úr Alþingishúsinu eftir umræður um aðild að Atlantshafsbandalaginu, og varð lögregla enn að vernda þá. Þjóðviljinn skoraði beinlínis á sósíalista á forsíðu 25. mars 1949 að hindra, að aðild að Atlantshafsbandalaginu yrði samþykkt. Næstu ár voru óeirðirnar á Austurvelli öllum í fersku minni.

Kommúnistaflokkurinn leyndi því hvergi, að hann væri reiðubúinn til valdbeitingar, gerðist þess þörf. Í stefnuskrá Sósíalistaflokksins frá 1952 segir líka: „Afstaða flokksins er „díalektísk,“ og það merkir: Hann metur valdbeitingu eftir þýðingu hennar í hinni sögulegu þróun.“ Höfundur stefnuskrárinnar, Brynjólfur Bjarnason, hótaði andstæðingum sínum lífláti í umræðum um Atlantshafssáttmálann, eins og lesa má í Alþingistíðindum 1948, dálki D 283. Áratugum saman hafði Þjóðviljinn í heitingum við þá, sem vildu varnarsamstarf við vestrænar þjóðir eða leyfðu sér að efast um stjórnarfar í ríki Stalíns: Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors væru landsölumenn og föðurlandssvikarar. Jan Valtin væri „þýskur lygari“, Max Eastman „grímulaus fasisti“, Arthur Koestler „falsspámaður“, Viktor Kravtsénkó „drykkjusjúklingur“.

Þeir, sem ættu að biðjast afsökunar, eru íslenskir kommúnistar og sósíalistar, sem voru á mála hjá erlendu einræðisríki, beittu margsinnis ofbeldi og reyndu jafnan að öskra niður andstæðinga sína með ókvæðisorðum.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Taktu tilboðsblaðið með þér í Bónus.

## Sama verð um land allt !




KS ferskt lambafillet
**aðeins 2498 kr./kg.**




KS frosinn lambabógur
**489 kr./kg.** MERKT VERÐ 699 KR./KG.




KF einiberjakryddað lambalæri
**1198 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




KF villikryddaðar lambalærissneiðar
**1398 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




KF kofareyktu sveitabjúgun
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




KS frosnar lambalærissneiðar
**aðeins 1198 kr./kg.**




Íslenskir tómatar í lausu
**aðeins 198 kr./kg.**




Ali ferskur svínabógur
**aðeins 498 kr./kg.**




**NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS**
**769 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

**NF LAXABITAR BEINLAUSIR**
**698 kr./kg.**
MERKT VERÐ 998 KR./KG.




## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GERÐU ÞÍNA EFTI




Myllu hvítt samlokubrauð
770g **aðeins 79 kr.**




Bónus flatkökur
5 stk. **79 kr.**




Bónus rækjusalat
200g **98 kr.**

## FERSKUR KJÚKLINGUR
## 30-50% AFSLÁTTUR




Bónus ferskir kjúklingavængir
**150 kr./kg.** MERKT VERÐ 298 KR./KG.




Bónus ferskir kjúklingaleggir
**349 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.




Bónus fersk kjúklingalæri
**349 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.




Bónus ferskur kryddaður kjúklingur í
álbakka **539 kr./kg.** MERKT VERÐ 899 KR./KG.




Bónus ferskar kjúklingabringur
**1398 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




Frosnar ungnautalundir
**2879 kr./kg.** MERKT VERÐ 3598 KR./KG.




Nautaveisla ferskt nautahakk
**698 kr./kg.**




Nautaveisla ferskir nautagrillborgarar
4 stk m/brauð **298 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30




4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Kókos og engifersúpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

**6.490 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*



PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot



Stoltur grilleigandi sem grillar allt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Grillar oftast nautalundir

***Arinbjörn Marinósson, verðandi viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík, er mikill grillari. Arinbirni þykir fátt skemmtilegra en að bjóða vinum og vandamönnum í dýrindis grillveislur.***

Arinbjörn fékk fyrir nokkrum árum glæsilegt grill í afmælisgjöf sem hann hefur notað allar götur síðan, jafnt á veturna sem og á sumrin. „Þetta er alvörugrill sem ég hef notað mjög mikið. Þær eru ófáar steikurnar sem hafa verið grillaðar á því og sumarið í ár verður engin undantekning,“ segir Arinbjörn.

Oft er mikið um dýrðir þegar Arinbjörn bregður sér út í garð og kveikir á grillinu. Það er þó eitt sem hann grillar hvað oftast og það eru nautalundir með salsasósuívafi. „Ég er alltaf að skoða grilluppskriftir á netinu og þess háttar og rakst á þessa uppskrift og hef verið duglegur að grilla hana síðan. Það sem þarf í réttinn er fimm hundruð grömm af nautalundum, einn fjórði bolli af sítrónusafa, vatn og tvær matskeiðar af olíu. Síðan má ekki gleyma einni krukku af salsasósu. Þetta eru ekki margir hlutir og því auðvelt að grilla og matreiða réttinn,“ segir Arinbjörn og lýsir því næst aðferðinni.

„Best er að byrja kvöldið áður því nautalundirnar þurfa að marinerast. Byrjið á að taka fram skál og setjið í hana sítrónusafann, salsasósuna og olíuna og blandið vel saman. Leggið síðan nautalundirnar ofan í skálina og látið þær liggja yfir nóttina. Svo þegar á að fara að grilla eru nautalundirnar teknar úr skálinni og settar beint á grillið. Nautalundirnar eru auðvitað grillaðar eftir smekk,“ útskýrir Arinbjörn. Með nautalundum á svo að bera fram ferskt og gott salat og ekki er verra að skola þeim niður með góðu rauðvíni.

„Mjög mikilvægt er að þrífa grillið vel eftir hverja notkun. Með því endist það auðvitað lengur og minni hætta er á því að maturinn fái eitthvað óþarfa bragð af einhverju sem hefur setið fast eftir síðustu notkun.“

*mikael@frettabladid.is*

nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI
**Barnamatseðill**
206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki.
207. Kjúklingaleggir með soðnum hrísgrjónum.
208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
209. Djúpsteiktur fiskur með hrísgrjónum, karrýsósu eða súrsætri sósu.

NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



**Tómatar** eru ekki bara hollir, heldur eru þeir bragðgóðir og fallegir á diskinn. Rauði liturinn er áberandi í salötum og skreytir matardiskinn fallega.










Girnilegt nesti fyrir fullorðna fólkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hollt og gott að heiman

***Nesti getur verið góður kostur fyrir þá sem þurfa að vera allan daginn að heiman, í skóla eða vinnu, og vilja vera vissir um að þeir séu að borða hollan og góðan mat.***

Með því að taka með okkur nesti í vinnuna getum við bæði sparað okkur pening og stjórnað því betur hvað við borðum. Holt og gott nesti þarf ekki að vera svo flókið og ekki sakar ef við getum útbúið nokkurn veginn eins nesti fyrir alla í fjölskyldunni.

Þórir Bergsson, yfirkokkur á Grænum kosti, er áhugamaður um heilsusamlegt líferni og þá sérstaklega hvað varðar börnin. Hann lærði í Danmörku en hefur starfað á Grænum kosti síðastliðin þrjú ár þar sem áherslan er á hollan mat og grænmetisfæði. Hér að neðan eru uppskriftir að hollu og einföldu nesti fyrir bæði börn og fullorðna.

## Kartöflusalat

*fyrir tvo fullorðna*

500 g kartöflur skornar í bita
nokkrar grænar baunir
ólífur
steinselja
tómatar
salt og pipar
Hægt er að setja fleiri hluti í salatið eftir vild.

Gott er að baka kartöflurnar kvöldinu áður með ólífuolíu og salti. Öllu blandað saman næsta morgun og sett í nestisbox. Auðvelt er að gera þetta salat barnvænt með því að sleppa því sem börnunum finnst ekki gott.

## Brauð



1 bolli hvítt spelt
1 bolli gróft spelt
2 msk. vínsteinslyftiduft
smá salt
½ bolli sesamfræ
½ bolli kókós
250 ml ab-mjólk
250 ml heitt vatn

Öllum þurrefnum blandað saman. Ab-mjólk og vatni blandað út í þurrefnin með höndunum. Smá olíu bætt út í eftir smekk. Þetta er sett í brauðform með bökunarpappír og bakað í 30 mínútur við 190 gráðu hita.

## Hummus

1 dós af kjúklingabaunum frá Himneskri hollustu eða 150 g forsoðnar baunir
30 g tahini
1 tsk. salt
sítrónusafi úr ½ sítrónu
smá pipar
heilt hvítlauksrif
½ dl ólífuolía

Allt sett í matvinnsluvél. Söxuð steinselja blönduð í síðast. Gott á brauðið. Ávextir skornir í bita og sett í salat. Hér þarf aðeins að nota hugmyndaflugið.








**Hvíld er mikilvæg.** Um helgar ætlum við okkur oft svo mikið en ekki gleyma að nýta helgarnar í hvíld, þær eru oft eini tíminn sem við höfum til að hlaða batteríin fyrir vinnuvikuna.

# Barnaleikir í aðalhlutverki

***Sumardagskrá Árbæjarsafns hefst sunnudaginn 1. júní. Þá verða dyrnar opnaðar að nær öllum húsum safnsins og leiðsögumenn í tilheyrandi búningum taka á móti gestum með bros á vör.***

Venju samkvæmt býður Árbæjarsafn upp á fjölbreytta dagskrá í allt sumar. Safnið verður opnað formlega sunnudaginn næstkomandi, hinn 1. júní, og síðan taka við nokkrar áhugaverðar sýningar næstu sunnudaga.

„Fyrsta sýning sumarsins nefnist Faldafeykir og er á handverksdaginn, 8. júní. Hún fjallar um íslenska faldbúninginn og er í samvinnu við Heimilisiðnaðarfélagið. Síðan tekur við sýning í gömlu kaþólsku kirkjunni sem einnig er þekkt sem gamla ÍR-húsið. Húsið nefnist nú Landakot og þar verður opnaður hápunktur sumarsins, „Komdu að leika“, 15. júní. Sú sýning fjallar um leiki og leikföng reykvískra barna á 20. öld en einnig er á kórloftinu saga hússins sem nefnist „Í húsi Krists og kappleikja“,“ segir Guðbrandur Benediktsson, deildarstjóri miðlunar hjá Minjasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni og nefnir einnig fornbíladaginn 6. júlí, harmónikkuhátíð 20. júlí og heyannir 27. júlí.

„Árbæjarsafn er gamalgróin stofnun, rúmlega hálfrar aldar gömul, og í hugum margra ein af perlum Reykjavíkur. Við hvetjum því borgarbúa og aðra til að koma til okkar á sunnudaginn og njóta sýninganna í sumar í þessu fallega umhverfi sem hér er að finna,“ segir Guðbrandur, sem minnist einnig á ljúffengar veitingar í Dillonshúsi sem matgæðingarnir Marentza Poulsen og Pálína Vagnsdóttir bjóða í sumar.

Safnið er opið alla daga frá klukkan 10 til 17. Sjá nánar á www.minjasafnreykjavikur.is *rh@frettabladid.is*



Sumarið gengur í garð á sunnudaginn í Árbæjarsafni þar sem fjölbreytt og spennandi dagskrá er fram undan að sögn Guðbrands Benediktssonar, deildarstjóra miðlunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





Hápunktur sumarsins er sýningin „Komdu að leika“ sem verður 15. júní.


Hljómsveitin Feðgar skemmtir.

Veitingahúsið er opið frá 11:30-15:00 & 18:00-22:00

Ráin

Reykjanesbæ • Hafnargötu 19 • Sími: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.





Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið






Tenerife

10. eða 24. júní

frá kr. 49.990

- í 2 vikur

**Frábært sértilboð**
Cristian Sur & Tenerife Sur
2 vikur - góð gisting





**Síðustu sætin!**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Tenerife í júní. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Í boði er gisting á góðum íbúðahótelum, Cristian Sur eða Tenerife Sur, sem eru mjög vel staðsett í Los Cristianos. Stutt frá ströndinni og hringiðunni í hinum skemmtilega Los Cristianos bæ. Gríptu tækifærið og skelltu þér í frí á frábærum kjörum.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í íbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 saman í stúdíóíbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Hymer Eriba Moving 435 hjólhýsi. Árg. 2006. Lítið notað. S: 5681931 - 6931931

Hobby Hjólhýsi til sölu, staðs. í Þjórsárdal. Nýtt Fortj. og pallur. S. 8445290

Weltbummler 555 TE hjólhýsi til sölu árg 06. Sólarsella, sjónvarpsloftnet, cd/dvd spilari. Reyklaust hús. Verð kr 2.800.000 Uppl í síma 6605905

## Fellihýsi



Fleetwood E1 2008 árg. Fylgihlutir: Fortjald, sólarsella, grjótgrind, ryðvörn. Gott verð Uppl S: 699 2804/896 3052

Til sölu Palomino Colt 9Ft 2004 mjög vel með farið :fortj.2gask.svefntj.grjótgr. truman miðst.rafm.opnun kr 850þ s8942841

Coleman Cheyenne 02, hækkað, sella, fortjald, innb-hljóðkerfi. Verð-1milljón. s.6630000

Fleetwood Laramie, árg. 2004, 10 ft. + geymslubox til sölu, lítið notað. Sólarsella, fortjald, útvarp,CD og WC. Engin skipti. Verð 1.180.000, uppl. sími 8426550

## Tjaldvagnar



Til sölu þessi frábæri camper sem hefur verið í notkun í 2 sumur. Aðeins 350 kg og sterkur sem tröll. Lofttjakkar lyfta þaki. 220 v hleðslutengin og fl. sem er til bóta frá frumgerðinni. Sjón er sögu ríkari verð 1.450.000. ( tilboð ) Upplýsingar á maggi@flp1.is og 822 8244.

Óska eftir að kaupa snyrtilegan tjaldvagn með fortjaldi sem opnast til hliðar fyrir 150 þúsund. Linda 6968446 lindholm@khi.is

## Vinnuvélar

**Til Sölu**
Komatsu PW200. 20 tonna hjólagrafa. Tvískipt bóma. Sléttar og tenntar skóflur og hraðtengi. Ekin 500 tíma. árgerð 2007. Upplýsingar í síma 660 8500.

## Bátar



Terhi MoreFun vatnabátur með kerru til sölu. Mjög stöðugur og góður fjölskyldubátur. Verð 320 þ. Uppl. í 664-1961 / geitastekkur@gmail.com

5,5 tonna bátur til sölu. Tilboð. Uppl. í s. 846 1937 / 568 1586.

## Hjólbarðar




Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálku og bleytu. Styttri hemlunarvegalengd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

4 stk 155R13 á felgum á 10þ. 2 stk. 175/70 13" á 3 þ. 2 stk. 155/70 13" á 3 þ. 20" flottar álfelgur á 20 þ. 2 stk. 235/65 17" á 8 þ. 3 stk 265/70 16" á 12 þ. ofl. S. 896 8568.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Atilö
Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif ✶ Hreingerningar
Teppahreinsun ✶ Gluggaþvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
✶ ✶ ✶ ✶ ✶
Létt viðhald á eignum
fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599
Gólfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum.
www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Flutningsþrif og regluleg þrif í fyrirtækjum. Ástu-Svæði . S. 848 7367.

**Vy-þrif ehf.**
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

## Garðyrkja




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554 1989 www.gardlist.is.

Tökum
GARÐINN
í gegn!
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáfellingar
Beðahreinsanir
Garðaúðanir
Garðsláttur
Hellulagnir
Sólpallasmíði
Sláttumenn
Sími 846 0864

Nú er rétti tíminn til að gera garðinn kláran fyrir sumarið. Tökum að okkur allt sem þarf að gera fyrir garðinn þinn. Traust og falleg þjónusta. Sláttumenn garðaþjónusta. S. 846 0864.










**1988 - 2008**
Áreiðanleg og persónuleg í 20 ár. Þaulvant starfsfólk, það sama ár eftir ár. Úrvals tæki og kunnátta við notkun þeirra. Ef þú vilt pottþéttan aðila í garðvinnuna ertu á réttum stað. Skoðið heimasíðuna, gardarbest.is, s. 565 1400 & 698 9334. gardarbest@gardarbest.is

Túnþökusala
Oddsteins
Túnþökur og
túnþökurúllur
til sölu í garðinn eða
sumarbústaðinn!
Steini S. 663 6666

Lóðaþjónusta
Hellur
Sláttuverk
Vönduð vinnubrögð
ÓDÝRT!
Garðsláttur, hellulagnir,
þökulagnir,
beðahreinsun.
Eitrum f. túnfíflum.
Öll almenn garðvinna.
S. 696 1775
& 863 3492



Getum tekið að okkur húsgrunna, stóra sem smáa sem og aðra jarðvinnu. Fljót og góð þjónusta. Stálás ehf S: 860-2610 stalas@simnet.is




Sælugarðar ehf.
- allt fyrir garðinn
• Garðsláttur
• Beðahreinsun
• Trjáklippingar
• Trjáfellingar
• Þökulagnir
• Hellulagnir
• Sólpallar
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

DAXVERK
Hellulagnir - Jarðvinna
Leitið tilboða.
S: 698-0098
email: dax@dax.is

**Trjáklippingar**
Trjáklippingar, garðaúðun, plöntuskipulagning garða. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

**Ert þú að byggja?**
Tökum að okkur alla vinnu við grunna og lóðir. Þekking og þjónusta í sérflokki. Hausverk ehf. S. 899 0957.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 823 4924.

ÚÐI ehf - Garðúðun. Örugg þjónusta í 35 ár Úði ehf - Brandur Gíslason, skrúðgarðameistari Sími 553 2999.

**Garðeigendur ATH!**
Klippum tré og runna. Fellum einnig tré og fjarlægjum. Vanir menn. S. 691 9022.

**Garðeigendur!**
Klippum tré og runna. Fellum einnig tré og fjarlægjum. Vanir menn. S. 82 131 82

**Garðyrkja**
Úðun, klipping, mold, sláttur, felli tré og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

**FELLUM TRÉ.**
Fellum tré og klippum runna. Snyrtileg og fagleg vinnubrögð. Uppl. gefur Magnús í s. 695 1918.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




ÍSLANDSMÁLUN
Þakmálun !!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF
Upplýsingar gefur Einar í s. 891 6999.

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Málið ehf. S. 896 5758.

**Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum í sumar. Tökum að okkur þök og alla málningarvinnu. S. 694 9626, Kristján.

Þrælvanur málari ætlar að bæta við sig verkum í sumar. Vönduð og öguð vinnubrögð. Tilboð eða tímavinna. Uppl. s. 897 2318

**NÚNA ER KOMIÐ AÐ VIÐHALDI !!!**
Almennar viðgerðir, öll málningarvinna. Traust vinnubrögð, sanngjarnt verð. Uppl. gefur Magnús í s. 695 1918.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Húsaviðhald




# ÞJÓNUSTA




# TIL SÖLU

SELLOFAN POKAR-UMSLÖG
eftir þínu sniði, umhverfisvæn lausn.
SELLOPLAST sf
sellofan umhverfisvænar umbúðir
Nánari upplýsingar í s. 554-0870 / 861-6595

# FÖSTUDAGUR

30. MAÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS




## Hverjir eru best & verst klæddu karlmenn Íslands?

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Auðunn Blöndal grínisti*



„Ég geri ráð fyrir að taka því rólega í kvöld og safna kröftum fyrir annað kvöld, gæti þó verið að ég kíkti í bíó. Mamma verður fimmtug á sunnudaginn en hún heldur upp á afmælið á laugardagskvöldið. Sunnudagurinn mun síðan væntanlega fara bara í þynnku og afslöppun.“

# E-label verslun í viku

„Sniðin í sumarlínunni okkar eru aðsniðnari en vetrarlínan en upp á síðkastið höfum við fengið margar fyrirspurnir frá viðskiptavinum okkar um hvort væri hægt að máta fötin,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri E-label, en fram til þessa hefur línan einungis verið seld á netinu til að halda verðinu í lágmarki. „Við ákváðum því að opna svokallaða „pop-up store“ á Laugavegi 25 að erlendri fyrirmynd og verða við óskum viðskiptavina okkar,“ segir Ásta en pop-up store eru verslanir sem skjóta upp kollinum án fyrirvara og eru aðeins opnar í einhvern ákveðinn tíma. Hægt verður að fá E-label frá deginum í dag og fram til 6. júní. Í tilefni af opnuninni verður boðið upp á léttar veitingar og fyrirsætur úr auglýsingaherferðinni verða á svæðinu.

*bergthora@frettabladid.is*



Ásta og Ási, en Ási er aðalhönnuður E-label. Hægt er að skoða hönnunina á www.e-label.is.

## fréttir



### FÁ AÐ BYGGJA Í FOSSVOGI

Kærustuparið Svava Johansen og Björn Sveinbjörnsson í Sautján fengu loksins leyfi hjá skipulagsstjóra til að reisa steinsteypt einbýlishús við Kvistaland 12 í Fossvogi. Beiðni þeirra um að fá að byggja á lóðinni hefur legið hjá embættinu í allan vetur en í vikunni fengu þau loksins jákvætt svar. Húsið verður engin smásmíði, 491 fm, en það er stjörnuarkitektinn Pálmi Kristinsson sem á heiðurinn að því. Nú er ekkert annað í stöðunni en að rífa húsið sem stendur á lóðinni svo hægt sé að hefjast handa.


FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000


*Þórdís Þorleifsdóttir, Ingunn Jónsdóttir og Lilja Kristjánsdóttir opna ljósmyndasýninguna Egglost*

# Ófrjósemi og fósturmissir á mynd

Egglost er ljósmyndasýning sem verður opnuð á b5, Bankastræti 5, sunnudaginn 8. júní en sýningin er samstarfsverkefni Ingunnar Jónsdóttur vöruhönnuðar, Lilju Kristjánsdóttur ljósmyndanema og Þórdísar Þorleifsdóttur útlitshönnuðar. „Við vildum skapa okkur vettvang til að vinna saman og þetta varð útkoman. Upphaflega kynntumst við í gegnum vinnuna okkar þar sem við nálgumst verkefnin frá ólíkum áttum og fundum stax að okkur langaði að gera eitthvað meira saman,“ segir Þórdís Þorleifsdóttir. Ljósmyndaserían Egglost fjallar um þungunarerfiðleika eins og fósturmissi og ófrjósemi en þær sækja innblásturinn bæði í eigin reynsluheim og heim annarra nákominna. „Ljósmyndirnar eru farvegur til að koma þessum tilfinningum á framfæri. Verkið Egglost lýsir þrautargöngu vonar og vonbrigða, eyðunni í hjartanu og tilfinningum eins og von, þrá, bið, missi og sorg,“ segir Þórdís og bætir því við að verkefnið hafi í upphafi haft annan útgangspunkt en hugmyndavinnan svo þróast út í þetta. Spurð að því hvort verkin verði til sölu segir hún að svo sé en sýningin er fyrst og fremst hugsuð sem sköpunarverk.

*martamaria@365.is*



Þórdís Þorleifsdóttir, Ingunn Jónsdóttir og Lilja Kristjánsdóttir ætla að opna sýninguna á b5 þann 8. júní næstkomandi.
MYND/VALLI






# Kastar sér ólétt um öll gólf

„Já svona, maður bara gerir eins maður getur,“ segir leikkonan Birgitta Birgisdóttir sem vakið hefur mikla athygli í sýningunni Mamma mamma sem sýnd er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Birgitta kastar sér þar um öll gólf og leikur af miklum krafti. Er það nokkuð merkilegt í ljósi þess að hún er ófrísk af fyrsta barni hennar og eiginmanns hennar Örvars Smárasonar, komin tæpa sex mánuði á leið. „Þetta er mikil keyrsla bæði andlega og líkamlega. Ég viðurkenni að þetta er ekki eins auðvelt og þetta var á frumsýningu,“ segir Birgitta og bætir við: „Það er þó ekki sjálfgefið að maður geti gert eitthvað svona á meðgöngu. Ég er mjög heppin hvað það varðar.“ Í verkinu leika, ásamt Birgittu, þær María Ellingsen, Magnea Björk Valdimarsdóttir og Þórey Sigþórsdóttir, en það er leikhópurinn Opið út sem setur upp verkið sem leikstýrt er af Charlotte Bøving. Mamma mamma er eftir leikhópinn sjálfan og unnið upp úr reynslusögum kvenna. „Það er einblínt mikið á móðurhlutverkið í verkinu og það eiga allir að geta tengt sig við þetta. Bæði konur og karlar, Það var til dæmis einn maður sem kom til okkar eftir sýningu og sagði okkur að hann hefði ekki einungis klappað ekki fyrir okkur, heldur líka fyrir mömmu sinni vegna þess sem hún gekk í gegnum fyrir hann,“ segir Birgitta. Nú eru síðustu forvöð fyrir fólk að drífa sig á sýninguna því einungis eru fjórar sýningar eftir og sú síðasta fer fram sunnudaginn 1. júní. „Síðan er það bara sumarfrí með tilheyrandi ferðalögum.“ *- shs*



Birgitta leikur af krafti með kríli í bumbunni.

# NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í



## LJÓSASALA – **ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**

HÖFUM OPNAÐ RISA LAGERÚTSÖLU
Í SKIPHOLTI 33 (VIÐ HLIÐINA Á VINABÆ)

OPIÐ VIRKA FRÁ 12 - 18, LAUGARDAGA FRÁ 10 - 16

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX



Dögg Hjaltalín í bókabúðinni Skuld á Laugavegi 25.

# Viðskiptabækur í stað kampavíns

Dögg Hjaltalín, viðskiptafræðingur og fjárfestatengill hjá Eimskip, ákvað að söðla um. Í framhaldinu sagði hún starfi sínu lausu hjá Eimskip til að opna eigin bókabúð sem selur aðallega viðskiptabækur. „Mig langaði til að gera eitthvað nýtt. Ég hef alltaf keypt mikið af viðskiptabókum erlendis og því fannst mér vera markaður fyrir sérverslun af því tagi hér heima," segir Dögg. Þegar hún er spurð að því hvort þetta skjóti ekki skökku við í kreppunni segir hún svo ekki vera. „Þegar enginn hefur efni á að drekka kampavín er betra að lesa uppbyggilegar viðskiptabækur sem luma á mörgum góðum lausnum," segir Dögg og þvertekur fyrir að þetta séu einhverjar sjálfshjálparbækur. Bókabúðin ber nafnið Skuld og þótt það hljómi tvírætt segir hún það viðeigandi þar sem það sé vísun í örlaganornirnar þrjár og Skuld var sú sem sagði til um framtíðina. „Mér fannst skipta máli að hafa smá húmor í þessu og þess vegna valdi ég þetta nafn," segir Dögg.

*martamaria@365.is*

## EKKI MISSA AF BRÚÐKAUPI ALDARINNAR



Kvikmyndin Sex and the City verður frumsýnd á Íslandi í dag. Allir aðdáendur vinkvennanna ættu ekki að láta myndina framhjá sér fara. Myndin ku vera óendanlega skemmtileg og ekki er klæðnaðurinn af verri endanum, endalaus lúxus og lekkerheit í bland við hátísku og skemmtilegar fatasamsetningar.

*Sunddrottningin Ragnheiður Ragnarsdóttir æfir fyrir Ólympíuleikana*

# Syndir og farðar

„Ég er að æfa stíft núna fyrir Ólympíuleikana í Kína, en fyrst keppi ég í Barcelona og fer í æfingabúðir þar ásamt sundfélagi KR," segir Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona sem fer í annað sinn á Ólympíuleikana fyrir Íslands hönd í sumar. „Stefnan er að fara fyrst til Singapore í júlí og vera í æfingabúðum þangað til við förum til Kína í byrjun ágúst, svo þetta verður 5 til 6 vikna ferð í heildina," segir Ragnheiður sem vinnur ekki aðeins að undirbúningi Ólympíuleikanna með sundæfingum. „Við sem förum út erum að læra undirstöðuatriðin í kínversku upp í ÍSÍ og fáum einnig fræðslu í kínverskum siðum og venjum, því það er ekki víst að maður geti bjargað sér á ensku á svo fjarlægum slóðum." Aðspurð hvernig ferðalagið leggst í hana virðist Ragnheiður vera öllu vön. „Við fórum á heimsmeistaramótið í Melbourne í Ástralíu í fyrra og vorum þar í heilan mánuð. Svo hef ég líka verið að keppa mikið á vesturströnd Bandaríkjanna og fer reyndar nokkrum sinnum á ári til Barcelona því auk þess sem við keppum þar og æfum, býr besta vinkona mín í borginni. Mér líður rosalega vel þar og er búin að læra spænskuna."

Ragnheiður er þó ekki aðeins hæfileikarík sundkona því nýverið útskrifaðist hún sem förðunarfræðingur frá Snyrtiakademíunni með ágætiseinkunn. En hvenær kviknaði áhuginn á förðuninni? „Mig hefur alltaf langað til að læra förðun og eftir áramót ákvað ég bara að skella mér í námið," segir Ragnheiður sem hefur haft nóg fyrir stafni síðan hún útskrifaðist. „Ég er búin að vera að farða á fullu síðan ég kláraði í apríl, bæði fyrir brúðkaup, veislur og aðeins fyrir sjónvarp. Þetta gengur vel því ég er með sveigjanlegan æfingatíma í sundinu og get því tekið verkefni eftir hentisemi. Það er góð tilbreyting að farða því ég er að kenna sund og íþróttir í Laugalækjaskóla og á því nánast heima í lauginni," segir Ragnheiður og bætir við að förðunin geti komið sér vel á Ólympíuleikunum. „Við stelpurnar sem erum að fara út ættum að vera vel farðaðar á milli þess sem við verðum að keppa," segir Ragnheiður og hlær.

*-ag*



Ragnheiður er útskrifaður förðunarfræðingur og sannkölluð sunddrottning.




Topp 20

SKÍFULISTINN

Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 30. maí - 6. júní 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | ↑ | 100 Eurovisionlög |
| 2 | Eurobandið | ↓ | This Is My Life |
| 3 | Ýmsir | ↑ | Eurovision Song Contest |
| 4 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 46 |
| 5 | Dísa | ↑ | Dísa |
| 6 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 7 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 8 | Hjaltalín | ↓ | Sleepdrunk Seasons |
| 9 | Bob Dylan | N | Modern Times |
| 10 | Sigur Rós | A | Hvarf / Heima |
| 11 | Hjálmar | ↑ | Ferðasót |
| 12 | Bloodgroup | ↑ | Sticky Situation |
| 13 | Madonna | ↓ | Hard Candy |
| 14 | Death Cab For Cutie | N | Narrow Stairs |
| 15 | Bob Dylan | N | Dylan |
| 16 | Super Mama Djombo | N | Air Puro |
| 17 | Portishead | ↓ | Third |
| 18 | Sigur Rós | A | Takk |
| 19 | Creedence Clearwater Revival | A | Chronicle |
| 20 | Ýmsir | N | Rokkland 2007 |



VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Alvin og íkornarnir |
| 2 | Brettin upp |
| 3 | Golden Compass |
| 4 | Latibær 7 |
| 5 | Ratatouille |
| 6 | Rendition |
| 7 | Simpsons Season 10 |
| 8 | Næturvaktin |
| 9 | American Gangster |
| 10 | Lions For Lambs |
| 11 | Skoppa og Skrítla |
| 12 | Mýrin |
| 13 | Doddi þættir 9-16 |
| 14 | Doddi þættir 1-8 |
| 15 | Börn náttúrunnar |
| 16 | Astrópía |
| 17 | Simpsons Season 8 |
| 18 | Veðramót |
| 19 | 3:10 To Yuma |
| 20 | Silk |



S·K·Í·F·A·N

Sérfræðingur frá Auping verður í verslun okkar
**í dag föstudag kl. 9-18 og laugardag kl. 10-16**
og veitir faglegar ráðleggingar um val á rúmum.
Verið velkomin.

auping

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

# 20% AFSLÁTTUR

## AF RÚMUM FRÁ AUPING
## FÖSTUDAG OG LAUGARDAG



# fatastíllinn

*Inga Rósa Harðardóttir rekstrarstjóri NTC*

**1.** Þennan kjól fékk Ingibjörg Rósa í 17. **2.** Þessi hvíti bómullarkjóll var keyptur á götum Parísarborgar fyrir verslunina 17. **3.** Kögurtopparnir eru frá Arrogant Cat en hún sá hann á sýningunni í Kaupmannahöfn í febrúar. Hún er svo heppin að Mæja vinkona hennar starfar hjá Arrogant Cat í Lundúnum og gat því sent henni topp. **4.** „Snákaskinnsskóna fékk ég með 70 prósenta afslætti í Karen Millen fyrir tveimur árum.“ **5.** „Þessir skór eru frá Celia Marco sem er ungur hönnuður sem ég kynntist á sýningu í Mílanó og hef ég sjaldan séð jafn flotta skó. Við keyptum þá og erum að selja línuna hennar í GS skóm.“

# Myndi aldrei fara í bleikan apaskinnsgalla







**Getur þú lýst þínum stíl?** „Ég myndi segja að ég væri algjör rokkaragallabuxna-„stráka“-stelpa.“

**Kaupir þú mikið af fötum?** „Tja, þú getur rétt ímyndað þér.“

**Hverju fellur þú yfirleitt fyrir?** „Ég á aldrei nóg af skóm og gallabuxum.“

**Hvaða flík er í mestu uppáhaldi hjá þér?** „Í augnablikinu eru það Miss Sixty-gallabuxurnar mínar og Firetrap-toppur sem ég var að kaupa mér.“

**Snobbar þú fyrir merkjum?** „Nei, sem betur fer ekki.“

**Hugsar þú mikið um útlitið?** „Nei, myndi ekki segja að ég hafi mikinn tíma til að gera það en ég reyni þó að líta alltaf ágætlega út.“

**Í hvernig fötum líður þér best?** „Í boxer og hlýrabol heima hjá mér.“

**Uppáhaldsverslun?** „Á Íslandi er það að sjálfsögðu 17 en erlendis verð ég að fara í Arrogant Cat í London og á 4. hæðina í Illum á Strikinu.“

**Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?** „Alveg bókað.“

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** „Bleikan apaskinnsgalla.“

*martamaria@365.is*



Ingibjörg Rósa klæðist topp frá Firetrap, Miss Sixty-gallabuxum og skóm úr Zöru.




G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

RAW DEFENDER

marc newson

g-star.com

© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

opið

föstudag 11 - 18.30

laugardag 11 - 17


"POP-UP" VERSLUN E-LABEL
OPNAR Í DAG AÐ LAUGAVEGI 25
OPIÐ 30. MAÍ - 6. JÚNÍ
WWW.E-LABEL.IS

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa

6 mán.
vaxtalausar raðgr.

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar




# útivera

FÖSTUDAGUR 30. MAÍ 2008

## Svifið um loftin

**Félagar í Fisfélagi Reykjavíkur stunda háskalega útivist.**

BLS. 4



## Skotárás í skóginum

**Adrenalínið fer á fullt í ferðum M16.**

BLS. 6






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







Stillanlegt bak



Stækkanleg borð

KORTER

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375





Leki Enzian göngustafir eru ómissandi í vel-heppnaða gönguferð. Þessir fást í Útilífi og kosta 5.990 krónur.

The North Face Terrainius gönguskór frá Útilífi. Þeir eru léttir en sterkir og henta vel fyrir styttri gönguferðir. Skórnir eru vatnsheldir með Goretex öndurnarfilmu. Þeir kosta 14.990 krónur.

# Til í slaginn

**Útivera er holl og góð og eitthvað sem maður gerir ekki nóg af í dagsins amstri. Góður útivistarbúnaður gerir útiveruna þægilega. Ekki er lengur hægt að finna afsakanir út af veðri því til er útivistarfatnaður og fylgihlutir fyrir allar aðstæður. Hvort sem úti er rigning, rok, kuldi eða bongóblíða þá er hægt að fá búnað sem hentar fyrir allar aðstæður.**



Þessi Mammut peysa er einstaklega þunn og hlý og úr efni sem andar. Hún fæst í Everest og kostar 16955 krónur.



The North Face venture jakki. Hann er vind- og vatnsheldur með Hyvent öndurnarfilmu. Hann kostar 19990 krónur.



Töff OR Outdoor Research derhúfa, flott í útiveruna. Fæst í Everest og kostar 3095 krónur.



Didriksons regnbuxur eru vatns-og vindheldar og gerðar úr teygjanlegu efni sem gerir þær enn þægilegri. Regnjakki er seldur með. Settið fást í Ellingsen og kosta 9580 krónur.



Raichle Softshell gönguskór henta vel innanbæjar sem utan. Sólinn er mjúkur og skórinn veitir fætinum góðan stuðning. Þeir fást í Everest og kosta 19795 krónur.

# Stokkið í sjóinn

Árlegir bryggjudagar í Kópavogi fara fram um helgina. Nokkrir áhugamenn um BMX-hjól ætla sér að vera með stórskemmtilega uppákomu á laugardaginn klukkan 15 sem nefnist Bryggjubusl.

Stökkpallar verða settir upp á bryggjunni og ofurhugar ætla að stökkva í sjóinn á hjólunum og gera ýmsar kúnstir í leiðinni. Stökkpallarnir eru tveir og annar er fyrir keppendur sem vilja ná háu stökkvum og hinn pallurinn er fyrir keppendur sem vilja ná sem lengst.

Til gamans má segja frá því að komið verður fyrir skotmarki í sjónum sem keppendur reyna að hitta á í langstökkum sínum. Gefin verða stig fyrir keppendur sem mæta í skemmtilegum búningum. Búningaval er algjörlega frjálst og svo mega keppendur stökkva á öllu því sem er á hjólum svo fremi sem pallarnir þoli farartækið.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og þar eru áhorfendur í dómarasætinu.

Á sama tíma og keppnin fer fram í Kópavogi mun samskonar keppni fara fram í Vestmannaeyjum.

Áhugasamir um þessa stökkkeppni eru hvattir til að mæta á Bakkabraut í Kópavogi klukkan 15 en þeir sem vilja taka þátt verða að hafa náð fimmtán ára aldri.

*- mmr*





Það er oft glatt á hjalla í Útivistarskólanum og er þetta tilvalin leið fyrir ungt fólk að kynnast öðru hressu fólki. MYNDIR/LANDSBJÖRG

# Öruggir unglingar á ferð

**Útivistarskólinn á Gufuskálum á Snæfellsnesi er fyrir ungt fólk á aldrinum fjórtán til átján ára.**

Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur útivistarskólann og er hann opinn öllum á aldrinum fjórtán til átján ára. „Námið byggist á því að krakkarnir læri um almenna ferðamennsku. Þeim er kennd rötun, kennt á kort og áttavita, það er farið í fyrstu hjálp, þau læra að klifra og síga, þau fara í rústabjörgun og við förum á slöngubáta, gönguferðir í nágrenninu og fleira,“ segir Ragna Sif Árnadóttir, leiðbeinandi í Útivistarskólanum.

„Þetta gengur mikið út á að læra að vinna saman í hópi og í þessu felst mikil útivist og hreyfing,“ segir Ragna. Námskeiðin eru frá fimmtudegi til þriðjudags. „Grunnnámskeiðin eru á Gufuskálum og þar er gist inni við góðar aðstæður. Síðan er framhaldsnámskeið sem hægt er að fara á að grunnnámskeiði loknu og þá er farið í vikuútilegu. Í fyrra gengum við Laugaveginn með allt á bakinu og gistum í tjöldum. Það gekk rosalega vel og nú ætlum við að ganga Fimmvörðuháls og vera í Þórsmörk restina af vikunni,“ útskýrir Ragna áhugasöm.

Námskeiðið kostar 32.000 krónur fyrir almenning en félagsmenn í Slysavarnafélaginu Landsbjörg fá afslátt. Allt er innifalið í því verði nema ferðir til og frá Gufuskálum. „Við sköffum allan mat og búnað, gistingu og skemmtun,“ segir Ragna og bætir við að gríðarlega mikil aðsókn hafi verið í skólann. „Það er allt orðið stútfullt hjá okkur í sumar og komast í raun færri að en vilja.“

Námskeiðin eru góð leið til að kynnast skemmtilegu fólki og njóta náttúrunnar. Markmið Útivistarskólans er þó fyrst og fremst að kenna ungu fólki að ferðast á öruggan hátt og bregðast við slysum ef þau gerast. „Þetta er hagnýt kynning á fjallaferðum og fyrstu hjálp en til að fá gráðu þá þarf að halda áfram í björgunarsveitarstarfi,“ segir Ragna en hún er ein af fimm leiðbeinendum, sem eru allir vanir björgunarsveitarstarfi.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 570 5900 eða á heimasíðu Landsbjargar, www.landsbjorg.is.

*- hs*



Í Útivistarskólanum eru unglingum kennd rétt viðbrögð við slysum og leiðir til björgunar.



Oft er glatt á hjalla enda gaman að kynnast nýju fólki.



Ragna Sif er einn af leiðbeinendum Útivistarskólans og er hún alvön björgunarstörfum og fjallaferðum. Fjallið hér í bakgrunni er Hvannadalshnjúkur en myndin var tekin á leið á Hrútafjallstinda.

NÝ SENDING




# SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

| |
|---|
| Gerð: Hrund og Hróbjartur |
| Stærðir: Dömu 36-41 og herra 41-47 |
| Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn |
| Verð: 19.990 kr. |

CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

SPJARAÐU ÞIG

# Með flugvélina í bakpoka



Ágúst Guðmundsson, formaður Fisfélags Reykjavíkur, starfar sem tölvunarfræðingur á daginn en flýgur ýmiss konar flugtækjum í frítíma sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Öll léttari flugtæki eru innan ramma Fisfélags Reykjavíkur en svifvængir eru meðal vinsælustu tækjanna.**

Ýmiss konar flugtæki er að finna í Fisfélagi Reykjavíkur en flestir félagsmenn fljúga fleiru en einu tæki. „Í fyrsta lagi eru það svifdrekar sem menn voru að fljúga þegar félagið var stofnað árið 1978,“ segir Ágúst Guðmundsson, formaður félagsins. „Vinsældir þeirra hafa dalað töluvert en nú hafa svokallaðir svifvængir, eða paraglider, tekið við,“ segir Ágúst. Svifvængir eru svipaðir fallhlíf í útliti nema aðeins stærri, en ólíkt fallhlífum gefur lögun þeirra þeim flugeiginleika svipaða venjulegum flugvélarvængjum. „Paramótorar eru einnig mikið að aukast en það eru svifvængir með mótor,“ segir Ágúst og bætir við að hægt sé að fljúga ótrúlegar vegalengdir með paramótornum. „Í fyrra var sett heimsmet í slíku þegar maður flaug rúma 1.200 km sjóleiðis án þess að stoppa.“ Fjórða farartæki klúbbsins er vélbúin fis en það eru létt, tveggja sæta flugför.



Svifvængir á kvöldflugi við Hafrafell.



Paramótorar við Hrauneyjar.

Ágúst segir félagsmenn vera á öllum aldri. Oft er um heilu fjölskyldurnar að ræða og er hans fjölskylda gott dæmi um það. Svifvængir eru einna vinsælastir og hafa Íslendingar keppt á þeim á ýmsum alþjóðlegum mótum. „Síðan höldum við Íslandsmót ár hvert. Þá hittumst við í félagsheimilinu upp við Úlfarsfell á mótsdaginn og veljum staðsetninguna með tilliti til veðurs. Síðan keyrum við hvert á land sem er sem er ekkert mál þar sem flugdrekinn passar svo auðveldlega inn í bílinn. Þetta eru minnstu flugvélar sem þú finnur, maður setur þær bara ofan í bakpokann,“ segir Ágúst hlæjandi.

Þó að veðráttan á Íslandi sé stopul þá vill Ágúst meina að ekki sé síðra að fljúga hérlendis en annars staðar. „Við höldum alltaf að allt sé svo vont hér en svo er ekki. Veðurfarið er ekki vandamál.“ Til að vera góður í íþróttinni skiptir mestu að geta metið veðuraðstæðurnar. „Maður þarf að nýta sér hitauppstreymið og hlíðarhang, en það myndast þar sem vindurinn kemur að fjalli og fer upp,“ segir Ágúst. „Ef við finnum rétta svæðið getum við flogið upp í 2.000 til 3.000 metra hæð á Íslandi.“

Ekki þarf sérstök réttindi til að fljúga svifvæng en Ágúst segir þó nauðsynlegt að læra undirstöðuatriðin áður en fólk fer af stað. Námskeið eru haldin reglulega en nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.fisflug.is. *mariathora@*






Kajaksiglingar eru skemmtileg leið til að skoða náttúruna frá öðru sjónarhorni. Siglt er um lón við Stokkseyrarfjöru og vatnasvæðið vestan byggðar á Stokkseyri. MYND/KAJAKFERÐIR EHF.

# Róið við Stokkseyri

Kajaksiglingar eru friðsæl afþreying og nýstárleg leið til að skoða náttúruna.

Stokkseyri er einungis í um 55 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík en þar bjóða Kajakferðir ehf. upp á kajaksiglingar. Svæðið er rómað fyrir náttúrufegurð og eru fjaran og skerjagarðurinn friðlýst náttúruvætti.

Róið er á kajökum um sérkennileg lón við Stokkseyrarfjöru og vatnasvæðið vestan byggðarinnar á Stokkseyri. Þar þrífst aragrúi fugla og jurta en gengið hefur verið úr skugga um í samvinnu við Fuglaverndunarfélag Íslands og Náttúruverndarráð að siglingarnar raski á engan hátt tilveru dýra og jurta á svæðinu. Stundum má sjá forvitna seli fylgja eftir kajökunum þegar siglt er á lónunum. Kajaksiglingar eru því skemmtileg leið til að skoða náttúruna frá öðru sjónarhorni auk þess sem þetta er afar friðsæl afþreying og góð hreyfing. Það má því sameina margt með því að skella sér í siglingu.



Kajakferðir ehf. er eina kajakleiga landsins sem býður upp á svo kallaða „sit-on-top“ kajaka sem eru öruggustu kajakar sem völ er á.

Boðið er upp á ýmsa möguleika í ferðum fyrir hópa, fjölskyldur og einstaklinga. Kajakferðir hafa yfir 50 manna bátaflota að ráða og er þetta eina kajakleiga landsins sem býður upp á „sit-on-top“ kajaka sem eru öruggustu kajakar sem völ er á. Þeir hafa á undanförnum árum náð miklum vinsældum í Bandaríkjunum og víðar og eru auk þess notaðir við björgunarstörf erlendis. Kajakleigan á Stokkseyri er enn fremur umhverfisvæn ferðaþjónusta sem leitast við að hafa sem jákvæðust umhverfisáhrif sem felst í því að umgangast náttúruna af virðingu.

Hægt er að kynna sér Kajakferðir ehf. betur á heimasíðu þeirra, www.kajak.is, og panta má ferðir í síma 896 5716 eða með því að senda póst á kajak@kajak.is. *- hs*


Lynx GOLFVÖRUR
GOLFVÖRUR á góðu verði
Pro Quip Silk Touch
Besti gallinn skv.
Todays Golfer.
Jakki aðeins kr. 12.560
Buxur aðeins kr. 8.960
silk touch WATERPROOF
Golfkerrur
Þriggja hjóla kr. 9.520
Venjuleg frá kr. 3.740
Rafmagnsgolfkerra
Powerhouse Freedom
28 AH geymir kr. 39.900
Fjarstýrð kr. 49.900
HIPPO XXL 460
Verðlauna driverinn.
Carbon – titanal haus,
með nýja laginu gefur
beinni og lengri högg.
Verð aðeins kr. 13.515
Barna- og unglingagolfsett
í poka verð frá kr. 9.900
Pútter, kylfa og
kúlur kr. 4.500
Opnunartími mánudaga – föstudaga 11 til 18
HOWSON Attacker Rescue 21°
Margverðlaunaður hálfviti. Herra
og dömu, verð aðeins kr. 4.590
Howson
Golfsett í poka
Heilt sett frá kr. 24.900
Hálft sett í poka frá kr. 14.820
Golfboltar -15%
í heilum kössum
Golfboltar 10 stk, kr. 900
Golfpokar frá kr. 3.400
Golfskór 30 – 60% afsláttur
HIPPO HEX driver
Verðlauna driverinn
Carbon – titanal haus, með nýja
laginu. Gefur beinni og lengri högg.
Verð aðeins kr. 16.915
HIPPO
Golf Outlet
Ármúla 40 • 2.hæð • Sími 553 9800
Full búð af hjólum
SCOTT ASPECT 26”
Vandað og flott fjallahjól,
Ál stell, dempari og Shimano gírar.
Kr. 46.500
GIANT MTX fjallahjól
Vandað fjallahjól með álstelli,
dempara og Shimano gírum.
20” 6-8 ára 23.900
24” 8-11 ára 27.900
Barnahjól
VIVI Sweety barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg
barnahjól með hjálpardekkjum
og fótbremsu.
3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320
Þríhjól m/skúffu
Transporter með skúffu.
Vandað, létt og endingargott
kr. 8.900
Scott Voltage fjallahjól
Super stíft álstell með fram-
dempara fyrir hressa stráka.
21 gíra Shimano
GIANT ROCK fjallahjól
Vandað fjallahjól með álstelli,
fram dempara og Shimano gírum.
Dömu og herra stell í XS - XL.
Kr. 32.900
MARKIÐ
www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40
Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.
Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu.Frí uppherslа fylgir innan tveggja mánaða.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sumri fagnað í Þórsmörk

Á morgun mun Ferðafélag Íslands í samvinnu við Trex-hópferðamiðstöðina fara í dagsferð í eina mestu náttúruperlu Íslands, Þórsmörk. Lagt verður af stað klukkan átta um morguninn frá Ferðafélagshúsinu í Mörkinni 6.

Ekið verður í Þórsmörk sem þegar er farin að skarta sumarskrúða, en þangað verður komið undir hádegið. Deginum verður eytt í gönguferð frá Langadal á vit þjóðsagna og ævintýra, en áætluð heimkoma er klukkan átta um kvöldið. Þátttakendur hafa með sér nesti og eitthvað á grillið, en kynt verður undir kolunum í lok göngunnar.

Bókanir eru hjá Ferðafélagi Íslands í síma 568 2533.

*- mmr*

# Öðruvísi útivera í góðum hóp

**Hópefli, afþreying og adrenalínflæði eru eftirsótt atriði þegar samstarfsfólk skemmtir sér saman. Liðsheildarþrautir með laserbyssum sameina þetta þrennt eins og Lárus Halldórsson hjá M16 Hópefli kann að lýsa.**

„Við skiptum hópum upp í tvær hersveitir og leikirnir reyna á samvinnu og samskipti innan hvorrar sveitar. Stjórn sveitanna er líka grundvallaratriði. Ef menn eru skipulagðir og vinna vel saman er sigurinn nánast öruggur, nema hitt liðið sé enn skipulagðara,“ segir Lárus glaðlega og tekur dæmi um þann lærdóm sem falist geti í leikjunum. „Stjórnandi innan fyrirtækis trúði mér fyrir því að hann væri í stökustu vandræðum því á fundum hjá honum færu allir að tala saman. Svo var hópurinn hans að berjast á móti annarri stoðdeild innan fyrirtækisins og við létum hvern og einn hafa talstöð. Allir fóru að tala í einu og enginn skildi neitt. Stjórnandinn hefur getað vitnað í talstöðvarleikinn á fundum síðan ef honum finnst masið verða of mikið.“

Lárus byrjaði með M16 Hópefli árið 2002 og til hans leita fyrirtæki, skólahópar og íþróttafélög svo nokkuð sé nefnt. Hann segir meira að segja gamla herstöðvaandstæðinga hafa tekið þátt og vera einhverja ánægðustu viðskiptavini sem hann hafi fengið. Yfirleitt fara þrautirnar fram úti í náttúrunni, helst í skóglendi. „Fólk byrjar á að fara í hermannabúninga utan yfir fötin sín, svo fær það byssur og hjálma og litur hjálmanna segir til um hverjir eru saman í liði. Miðað er á hjálma andstæðinganna og geislarnir eru algerlega skaðlausir. Það er hægt að skjóta hvern og einn tíu sinnum og eftir það dettur hann úr leik.“ En skyldi fólk ekkert eiga erfitt með að miða hvað á annað? „Nei og það kemur okkur skemmtilega á óvart hvað stelpur á öllum aldri skemmta sér vel. Þær virðast ekkert hrifnar fyrst af að taka sér byssu í hönd en þegar þær eru byrjaðar fara þær í heilmikið stuð og gefa strákunum ekkert eftir.“

Lárus tekur fram að hann sé ekki hlynntur stríðsrekstri en auðvelt sé að nota leikinn á jákvæðan hátt ef skilaboðin eru rétt. „Margir unglingar segja: „Úff, ég vildi ekki vera í þessu í alvöru,“ þannig að þeir átta sig fyllilega á að það er ekki hættulaust að vera hermaður og vita að hvert skref getur verið manns síðasta.“ Hann kveðst einnig bjóða upp á aðrar þrautir þar sem byssum er sleppt og sumir blandi þessu öllu saman. „Klassískt mynstur er að fólk byrji á að koma til okkar og taka aðeins á því, fari svo í sund og heita potta og fái sér svo einhvers staðar að borða,“ segir hann og kveðst hafa verið í samvinnu við staðarhaldara víðs vegar.

*- gun*


Ýmsum brögðum þarf að beita í leikjunum. MYNDIR/M16


Lárus segir hvern og einn spila leikina á sínum hraða.


Mikilvægt er að skipulagning, undirbúningur og stjórn takist vel.



# Opnum um helgina

# 15%

## Opnunarafsláttur




**Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni**

**Troðfull flöt af uppsettum tjöldum!**



ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42540 05/08



**Como 4ra og 6 manna**
*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum. Fortjald er á milli svefntjaldanna. Tveir inngangar.*
Verð **17.990/19.990** kr.



**Ancona 4ra og 5 manna**
*Braggatjald. Fortjald með dúk sem opnast á tvo vegu.*
Verð **24.990/29.990** kr.



**Malaga 6 manna**
*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.*
Verð **34.990** kr.



**Jasper 5 manna**
*Opnast á tvo vegu. Stórt fortjald með dúk.*
Verð **39.990** kr.



**Andros 6 manna**
*Fjölskyldu-braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk. Öflugar álsúlur.*
Verð **42.990** kr.



**Galaxy 6 manna**
*Braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk á milli svefntjaldanna.*
Verð **44.990** kr.

# Njóttu sumarsins í góðu tjaldi



**Nevada 3ja manna**
*Sígilt kúlutjald.*
Verð **8.990** kr.



**Kira 3ja og 4ra manna**
*Kúlutjald með fortjaldi.*
Verð **10.990/12.990** kr.



**The North Face Rock 2ja og 3ja manna**
*Göngu-kúlutjald.*
Verð **29.990/34.990** kr.



**The North Face Tadpole 2ja manna**
*Göngutjald.*
Verð **49.990** kr.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**


full búð
af nýjum vörum
dömu & herra
bolir
skyrtur
buxur
kvart buxur
zip off buxur
vesti
peysur
flíspeysur
softshell peysur
regnföt
isotex buxur
isotex jakkar
ofl.
TILBOÐSHORNIÐ
- 50-80%
allar barnavörur
anvil bolir
svefnpokar
gönguskór
sandalar
sokkar
göngustafir
bakpokar
isotex kápur
softshell peysur
ofl.
www.utivistogsport.is
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

# klæddu
# enn Íslands

## BJÖRNSSON Í



era sætur og klæðast dýrum
ákaflega einsleitur og ófrum-

ninn á fimmtugsaldurinn er
ngu Diesel-gallabuxunum.
ð hann skipti um stíl, orðið
af því hann er svo sykursæt-
 tilfinninguna að hann fái
t upp með hvað hann sem

alegt og tilgerðar-
rs myndarlega mann.
ætleika sinn örlítið
ga í grófari fötum.“



## BUBBI MORTHENS TÓNLISTARMAÐUR.

„Getur ekki einhver góður maður falið sólgleraugun hans, í það minnsta yfir háveturinn?“
„Tilgerðarlegur stíll. Vinstrisinnaður mammonisti.“
„Hvít skyrta gyrt ofan í gallabuxur, þarf eitthvað að segja meir!“
„Það er hnakkalykt af þessum gamla pönkara sem ég kann ekki við.“



## JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON ATHAFNAMAÐUR.

„Flottur maður en mætti fara í klippingu og fá sér kannski bol í lit innan undir svörtu jakkafötin.“
„Bítlahárið er orðið svolítið þreytt og mætti hressa upp á fataskápinn með líflegri fötum. Margir tónar af svörtum lit ganga ekki upp.“



## BALTASAR KORMÁKUR LEIKSTJÓRI.

„Það getur verið töff að vera sveitó, en hann er alltaf eins og nýdreginn upp úr fjóshaugnum, er það ekki?“
„Getur verið svo flottur og myndarlegur ef hann aðeins myndi taka til í klæðnaði.“



## DR. GUNNI, BLAÐAMAÐUR OG NEYTANDI ÍSLANDS.

„Alltaf mega halló.“
„Það ætti að banna Hawaii-skyrtur með lögum.“

## ZENEGGER, APJÁLFARI OG LIMUR MERZEDES CLUB.

að segja eitthvað?“
innst einhverjum hann flottur?“
„Snjóþvegnar gallabuxur, brúnkusmurður og ber að ofan! Ætlar þetta engan endi að taka?“

# a svæðinu:

## MARSSON, FOR- AGS FATAHÖNN- NNUÐUR ANDERSEN TJÓRNARFORMAÐ- RMIÐSTÖÐVAR ÍS-



a hár og appelsínugula
eildarútlitið á oft annars
sem hann ber.“
ni við starfsheitin.“
en fer bara svo langt yfir
aður, alltof brúnn og ljós-

róa sig í brúnkunni.“
vað kom eiginlega fyrir

emur alltaf á

## UNNARSSON, RITSTJÓRI IS.

andi maður en alveg stíllaus.“
dóttri skyrtu og svörtum eða gráum jakka og
.“
. Flottur maður sem auðveldlega gæti skorið sig
u í klæðaburði bara ef hann myndi þora.“
ú er kominn tími á að klassa kallinn upp.“



hafður í Sjónvarpinu
þess.“

## A, RNANDI.

“
fnast gagngerrar yfir-

út fyrir rammann á
slagið og nota

ra fórn-

kla
t auga

## ÍMANN MAGNÚSSON, EMDASTJÓRI MIÐBORGAR KUR.

vera einhver takmörk fyrir því hversu langt
la má hneppa bleikum skyrtum á almanna-

ð taka hallærisheitin alla leið, þá fyrst gæti
rðið kúl.“
 sig stundum í því að vera öðruvísi.“
 hvað hann reynir þá er alltaf eitthvað hallæris-
 hann.“
að á tilfinningunni að hann daðri hættulega við
nn í sér. Blásið strípað hárið og stundum óeðli-
únt hörundið heillar engan.“
arlegur.“

*klæddi:*
n er yfirleitt mjög flottur í tauinu og er frumlegri
stir í jakkafötunum. Hann á eflaust líka heiður-
ð búningum Stuðmanna í gegnum tíðina.“

gnadóttir fjölmiðlakona, Anna María Ragn-
. dagskrárgerðarmaður og hönnuður, Friðrika



# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*

**1.** Gulli slegnir strigaskór frá Stellu McCartney. **2.** Himinbláar og lokkandi hnébuxur kalla á pallatíma og púl. Þær fást í Adidas búðinni í Kringlunni. **3.** Toppur með smá ermum fyrir þær sem vilja ekki vera með alveg bera handleggi. **4.** Stuttbuxur sem hafðar eru yfir þröngar buxur. **5.** Þessi toppur heldur vel af. Hann er þó alls ekki ætlaður fyrir stórbrjósta konur því brjóststykkið er ekki sérlega stórt. **6.** Jógadýna í stíl við fötin. Er hægt að vera smartari?

*Sláðu um þig í ræktinni í sumar og vertu í Stellu McCartney*

## Fatnaður fagurkerans

Sumarlína Adidas frá Stellu McCartney fær hvern antísportistann á fætur öðrum til að langa til að mæta í ræktina. Það sem er svo sérstakt við þessi íþróttaföt er hvað þau gera mikið fyrir kvenlíkamann. Það er hugsað út í hvert smáatriði og meira að segja breiðustu læri verða löguleg þegar þau eru komin í Stellubuxur. Í ár er litapallettan svört, beigelituð með rauðu og bláu ívafi. Þröngar buxur með flottu rasssniði setja svip sinn á línuna ásamt stuttbuxum úr taftefni sem hafðar eru yfir þröngu buxurnar. Topparnir halda barminum vel niður og hægt er að fá bæði víða og þrönga toppa. Þegar þú ert búin að fá þér flík frá Stellu er engin afsökun fyrir að mæta ekki í ræktina eða í skokkklúbbinn í hverfinu þínu.

*martamaria@365.is*

























BLACK PEARL
ANTI AGE LÍNAN

Snyrtivörulína fyrir líkama og andlit

- Vinnur gegn ótímabærri öldrun
- Eykur blóðflæði til frumna
- Eykur styrkleika húðarinnar

Frábær tilboð í gangi
Komdu til okkar og við hjálpum þér
að setja saman þinn eigin dekurpakka

Fagleg ráðgjöf laugardag 12-17
sunnudag 13-16

Dag- og næturkrem 1.590
Djúphreinsir 1.490
Fegrunarmaski 1.990

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00


SJÓMANNADAGURINN
FLOTTUR Í LANDI
BERTONI jakkafötin
með flottu sniðunum
voru að koma í hús.
Aðsniðnar BERTONI
skyrtur fyrir tálgaða
töffara.
Quart-buxur
og stuttermabolur
frá kr. 6.900.
opið til kl. 17 á laugardag
Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073
Herra
hafnarfjörður
Herra
hafnarfjörður
Herra
hafnarfjörður
PIPAR • SÍA

# heima

*gleði og glysgjörn húsráð*

## LITRÍKIR DRYKKIR

Ef partíið á að vera sérstaklega skemmtilegt er um að gera að hafa drykkina sem litríkasta. Hægt er að fara ýmsar leiðir, hræra saman ávöxtum og alkóhóli í blandara, blanda líkjörum út í áfengið eða einfaldlega að setja nokkra dropa af matarlit. Það ætti ekki að skaða neinn.



*Byrjaðu sumarið í alvöru garðpartíi*

# Arabískt eða marokkóskt þema?

Stoltir garðeigendur ættu að fagna sumrinu með því að slá upp veislu. Það er fátt skemmtilegra en að gleðjast yfir mat og drykk undir berum himni þegar vel viðrar. En hvað skyldi vera til ráða til að gera veisluna ógleymanlega? Á Íslandi er mikilvægt að tjalda í garðinum ef ske kynni að veðrið myndi bregðast. Það er þó óþarfi að leigja eitthvert gímald heldur má lengi bjarga sér með gömlum tjaldsúlum og klemma efni yfir þær. Það er allt í lagi að hafa þetta svolítið heimatilbúið og krúttlegt. Safnaðu púðum heimilisins saman og farðu með út í garð til að hafa sem notalegast. Því næst skaltu setja hátalara út í glugga og vera búin/n að hlaða uppáhaldspartítónlistinni þinni inn á iPodinn. Það er alltaf stemning í því að byrja á lögum sem voru vinsæl þegar gestirnir voru unglingar. Fólk um fertugt kemst til dæmis flest í stuð við góð diskólög og pitsukynslóðin fær ekki nóg af U2 og Ný danskri. Í svona partíi skipta veitingarnar ekki mestu máli, allavega ekki í föstu formi. Til að ekkert klikki er sniðugt að hafa nokkur ullarteppi á stangli ef einhverjum yrði kalt. Klæðnaðurinn í svona boði má gjarnan vera hvítur eða blómamynstraður. Munið að pinnahælar eru á algerum bannlista enda ekki gott að láta Prada-hælana stingast niður í grasflötina þegar líða tekur á nóttina. Hættu nú að lesa og farðu að undirbúa partíið, ekki seinna vænna því gestirnir koma til þín á slaginu sex.

martamaria@365.is















Lifandi rós
Skínandi varir
COLOR FEVER
ROSES
Endingargóður ljómi
þokkafullur varalitur
- Sannur litur rósa fangaður og notaður í geislandi varaliti.
- Mjúk og endingargóð áferð.
heimsæktu Lancome.com
LANCÔME
PARIS
Fallegur töskuspegill fylgir með hverjum keyptum
varalit eða glossi frá Lancôme.*
*gildir á meðan birgðir endast.

# bland

*í gær og á morgun …*

## HELGIN

**FÖSTUDAGUR:**
Ferð án fyrirheits, tónleikar í Íslensku óperunni. Nafnið er sótt í eina af ljóðabókum Steins Steinars, en í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu hans. Söngvararnir KK, Ellen Kristjánsdóttir, Helgi Björnsson, Þorsteinn Einarsson, Hildur Vala og Svavar Knútur munu flytja lög sem samin hafa verið við kvæði skáldsins. Umsjón með tónleikunum hefur Jón Ólafsson. Tónleikarnir hefjast kl. 20.



**LAUGARDAGUR:**
Sæþór Örn Ásmundsson opnar sýningu í Gallerí Verðandi á milli klukkan 14-17, galleríið er staðsett í bókabúðinni Skuld, Laugavegi 51.

## díana mist

**FIMMTUDAGUR 22. MAÍ:**
Mér var boðið á opnun Turnsins í Kópavogi og við vinkonurnar ákváðum að klæða okkur upp og sósa okkur aðeins til. Þarna voru Innlits/útlitssystur Nadia Banine og Þórunn Högnadóttir og pössuðu vel við svart/hvítt innréttaðan veislusalinn, sem og söngkonan Ragnhildur Gísladóttir og spúsi hennar, Birkir Kristinsson. Leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir lét sig ekki vanta sem og Gulla í má mí mó. Stjörnuparið Svava og Bjössi í 17 léku á als oddi en Svava rifjaði upp liðnar stundir með ofurkokkinum Sigga Hall sem virtist afar sáttur við veitingarnar. Við vinkonurnar héldum okkur aftur í drykkjunum eins og Geiri á Goldfinger sem gekk um veisluna eins og hertogi með lífvörð sér við hlið. Við vorum alsælar með þær veigar sem fram voru bornar og bíllinn var því skilinn eftir í Kópavoginum. Við komum okkur saman um að fara í heimahús og horfa á Eurovision-geðveikina. Veigarnar höfðu gert sitt og við ákváðum í ölæði að taka fjögurra manna skrúðgöngu niður Ásvallagötuna með i-podinn á hæsta. Eftir þessa stórkostlegu marseringu okkar sem var hápunktur kvöldsins fór allt niður á við. Endaði heima hjá mér fyrir miðnætti, grá og guggin með maskara út á kinn. Upplitið langt í frá glæsilegt.

**FÖSTUDAGUR 23. MAÍ:**
Svartur dagur. Vaknaði í sófanum í öllum herskrúða gærdagsins. Rétt kom mér í vinnuna og var nær dauða en lífi. Skreið heim til mín og dó uppi í sófa annað kvöldið í röð.

**LAUGARDAGUR 24. MAÍ:**
Mér var boðið til vinkonu minnar í svokallað heimaspa og brúðkaupsáhorf. Klæddumst undirkjólum, skáluðum í kampavíni, smurðum á okkur andlitsmöskum og brúnkukremum til skiptis á meðan brúðkaup Jóakims og Marie fór fram í beinni. Ég hélt endurnærð út í kvöldið, að vísu örltið appelsínugul eftir brúnkusmurningu en hress. Kíkti í bæinn seinna um kvöldið. Stelpurnar úr Amiinu voru á Dillon en þar þeytti Andrea Jónsdóttir skífum af sinni alkunnu snilld. Meðlimir Sigur Rósar héldu sig aftur á Boston sem og snyrtipinninn Þorlákur úr herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og Sammi Jagúar. Ég hitti krútt strák, í litlum stuttermabol og þröngum gallabuxum sem horfði á mig á barnum og sagðist langa til að kyssa mig. Einlægur sjens er ekki eitthvað sem er sjálfgefið í Reykjavíkurborg. Ég gaf honum símanúmerið mitt og hélt brosandi út í nóttina.

**SUNNUDAGUR 25. MAÍ:**
Símtal frá krúttinu sem leit út fyrir að vera ekki deginum eldri en 85-módel. Hann bauð mér á tónleika Bobs Dylan daginn eftir og áður en ég vissi af var ég búin að þakka fyrir boðið.

**MÁNUDAGUR 26. MAÍ:**
Krúttið sótti mig. Ég sá strax að hann var stressaður og skjálfandi á beinunum en reynsluboltinn ég sá um að halda uppi samræðum. Ég sá þó fljótt að ég og krútti litli áttum ekkert sameiginlegt fyrir utan að hafa gaman af kossaflensi og því þakkaði ég guði að vera á leiðinni á tónleika en ekki út að borða með manni sem leit í dagsbirtu út eins og fermingardrengur. Á tónleikunum voru Megas, Björn Jörundur, Egill Helga, Andrea Jóns og Daníel Ágúst og virtust þau njóta hverrar mínútu. Krútti kom allur til og eftir að hann var búinn að teyga nokkra bjóra var hann orðinn fjölþreifinn og innilegur. Ég var fljót að tilkynna honum að ég þyrfti að vakna snemma í fyrramálið þegar ég sá í hvað stefndi. Ágætis kvöld þó þrátt fyrir snertiótt krútt.



## TOPP 10

# Thelma Róbertsdóttir fasteignasali





**Afskorin blóm færa mér kraft. Ég reyni að hafa þau allt í kringum mig.**



**Myndin af dætrum mínum minnir mig á að ég á tvo engla.**



**Ég er veik fyrir fallegum skóm. Þessir eru í uppáhaldi hjá mér þessa dagana því þeir eru svo sumarlegir.**



**Ég fer nánast ekki út úr húsi án maskara.**



**Málaratrönurnar, því þar næ ég innri ró og fæ útrás á striga. Gæti ekki verið án þeirra.**



**Ég hef gaman af því að glugga í litlar bækur sem fá mig tl að brosa.**



**Dagurinn byrjar alltaf á volgu vatni með ferskum sítrónusafa og því get ég ekki lifað án sítrónupressunnar.**



**Ég get ekki fengið nóg af súkkulaði.**



**Lundinn sem maðurinn minn veiddi í Ystakletti í Vestmannaeyjum er sætasti fugl sem til er.**



**Fasteignasalan mín sem ég var að opna, Húsin í borginni, er mér efst í huga en þar ver ég öllum mínum stundum þessa dagana.**




# Nútíma nám

**Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er nýr framsækinn framhaldsskóli, sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík.** Tækniskólinn býður upp á öflugt nám til stúdentsprófs þar sem fjölbreytt úrval tækni- og iðnmenntunar er einnig í boði. Innan skólans eru ellefu skólar, hver með sitt sérsviðs, sem mynda saman einn öflugasta framhaldsskóla landsins.

Umsóknarfrestur er til 11. júní

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

zetor

www.tækni.is


OPNUNARTILBOÐ
10-30% AFSLÁTTUR!
Á SVEFNSÓFUM!
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM
Höfum opnað einn stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.
Opnunartilboð á svefnsófum af öllum stærðum og gerðum.
ÁVALLT FYRIRLIGGJANDI Í MÖRGUM LITUM
TILBOÐ! SOPHIA Svefnsófi Áður 65.800 kr. NÚ 49.900 kr.
TILBOÐ! T160 Svefnsófi Áður 159.000 kr. NÚ 135.200 kr.
TILBOÐ! CLOVE Svefnsófi Áður 75.900 kr. NÚ 59.000 kr.
TILBOÐ! T160 Svefnsófi - leður Áður 263.800 kr. NÚ 184.900 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

# EFOY efnarafall

## hljóðlaus - umhverfisvænn - fisléttur

## Bylting í framleiðslu rafmagns fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi og sumarhús.



Verið frjáls og óháð í ferðalaginu.







Alltaf til taks, allan sólarhringinn.



Rafmagnsvandamál úr sögunni.

**RAFORKA, ALLTAF, ALLSSTAÐAR**

- Fullkomin, alsjálfvirk hleðslustýring sem stöðugt vaktar rafgeyma og sér um að halda þeim í hleðslu allt árið.
- Notar metanól til rafmagnsframleiðslu.
- Vinnur mjög vel með sólarrafhlöðum
- Ísetning afar einföld og auðveld.

**Þýsk hágæða framleiðsla**



Njótið allra þæginda að heiman, í ferðalaginu.

## Fjarorka.is

## Við eigum allan rafbúnað sem þig vantar í ferðavagninn



**Hágæða, þýskar sólarrafhlöður.**
Fáanlegar í setti með öllu tilheyrandi.




**AGM Rafgeymar.**
Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.



**12V í 230V spennubreytar**
230 Volta SINUS spenna fyrir öll 230V raftæki.



**Hleðslutæki**
**Mælar/rofar**
og margt fleira.

# Fjarorka ehf.

*Græn orka er okkar fag*

**Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnes, sími 5785566**



2 skemmtilegri
VISA
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ
Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa Visa í boðgreiðslu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.
STELPU
SUMAR
Á STÖÐ 2 Í JÚNÍ
SÉRVALIÐ EFNI
FYRIR STELPURNAR Í JÚNÍ
So You Think You Can Dance - íslensku dansararnir leggja allt undir
Cashmere Mafia - frá framleiðendum Sex and the City
Traveler - hörkuspennandi þættir í anda 24 og Prison Break
Women's Murder Club - frábærir þættir í anda Cold Case
The Moment of Truth - magnaðir þættir sem slógu í gegn í Bandaríkjunum
The Riches
It's Always Sunny in Philadelphia
Cold Case
Grey's Anatomy
Notebook
Devil Wears Prada
Wedding Crashers
Music and Lyrics
Failure to Launch
In Her Shoes
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Am.Cocker Spaniel hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ. Tegundin er blíð og henta vel sem fjölskylduhundar. Uppl á www.draumora.com eða í S.696 4488.



Boxer hvolpar til sölu, afhendast ættbókfærðir frá Íshundum og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606 & 869 7612. skessa126@simnet.is myndir inná boxer.bloggar.is Erum í Rvk.



Þessi gullfallegi Siberian Husky rakki er til sölu. Hann er fæddur 24. mars sl. og er tilbúinn til afhendingar. Heilsufarsskoðaður, örmerktur, bólusettur og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 557 7241 & 899 5241.

Tvo 11 vikna bröndótta kettlingastráka vantar heimili. S. 825 2515.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Ferðalög

Tenerife 15.-29. júlí Ferð fyrir hjón með 1. barn á íbúðahóteli á Costa Adeje ströndinni. s. 661-9599

### Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

### Hestamennska



Leðurjakkar kr. 29,950 svartir og brúnir. Leðurbuxur kr. 23.500 og kr. 23.950 svartar og brúnar.
Tito.is - Súðarvogi 8 - Gsm 861-7388

### Ýmislegt







Útsölumarkaður Inn X - Faxafeni 8 Losum út vörur frá BoConcept, skrifstofuhúsgögn, stóla f/ eldhúsið og skrifstofuna. Einnig ýmsar einingar í innréttingar o.fl.



Jarðskjálfti suðvestur af Selfossi, um 6,3 á Richter...

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, stórviðburðir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

VISIR.IS
...ég sá það á visir.is



## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði




husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

Rúmgott herbergi til leigu í Hlíðunum með aðgangi að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Leigutími er 1. júní til 15. ágúst. Nánari upplýsingar í síma 6952882.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# AUGLÝSING UM KYNNINGU DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í GARÐABÆ

**Endurbirting vegna villu í auglýsingu sem birtist í fjölmiðlum 18. maí sl. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 30. júní en ekki 30. maí.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

**Miðhraun 24.**
Með tillögunni er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Hækkun bygginga fer að hluta í 10,5 m og að hluta í 13,0 m vegghæð í stað mænishæðar
- Aðalaðkoma verður einnig frá Álftanesvegi til bráðabirgða.
- Lóð stækkar um 1145,0 m² til suðurs og verður 13.886 m².
- Farið er út fyrir byggingarreit á tveimur stöðum, með vörumóttöku á neðri hæð og með N-A horn byggingar á efri hæð.
- Aðeins farið að hluta í bindandi byggingarlínu á suðurhlið.
- Kvöð um gróður innan lóðar færist samhliða stækkun lóðar til suðurs.

Tenging lóðarinnar Miðhraun 24 við Álftanesveg er bráðabirgðatenging sem mun verða endurskoðuð þegar Álftanesvegur verður lagður í endanlegri útfærslu.

Fyrirhugað byggingarmagn er 7,100 m² – Nýtingahlutfall 0,51.

Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,60 skv. gildandi skilmálum.

Fjöldi bílastæða er 259 eða 1 stæði pr. 27 m² en samkvæmt gildandi skilmálum eru kröfurnar 1 stæði pr. 50 m².

Að öðru leyti gilda núverandi skilmálar frá júlí 1997. Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 19. maí til og með 30. júní 2008. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 30. júní 2008. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

**Tækni- og umhverfissvið**

## Skrifstofuherbergi til leigu

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi í 101,
10 - 25 fermetrar á góðum stað.
Verð 40 - 70 þús allt innifalið
**Upplýsingar í gefur Sverrir í S 661-7000**

## VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

FASTEIGNIR

## Hafnarstræti 100

Akureyri
Penthouse í miðbænum

**Stærð: 94,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1946**
**Brunabótamat: 14.250.000**
**Bílskúr: Nei**








**Opið hús Lau. 31/5 milli kl. 14 og 15**

**Verð: 24.300.000**

RE/MAX Miðlun kynnir glæsilega 94,7fm, þriggja herbergja þakhúsíbúð á tveimur hæðum í Miðbæ Akureyrar. Eignin skiptist í: forstofu/hol, tvö svefnherbergi ,tvö baðherbergi, eldhús og rúmgóða stofu með góðri lofthæð. Tvennar svalir eru á íbúð. Húsið var mikið endurnýjað fyrir um 10 árum Einkar vel staðsett íbúð í hjarta bæjarins. Upplýsingar veita Ingi Þór s:698-4450 eða Gunnar s:662-2939

RE/MAX Miðlun

Gunnar
Sölufulltrúi
**662-2939**
gunni@remax.is



Ingi Þór
Sölufulltrúi
**698 4450**
ingi@remax.is



Arnar
Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
arnarg@remax.is



**RE/MAX Miðlun - Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri - Sími: 412 1600 - www.remax.is**

Fasteignablaðið
Sími:
**512 5469**
**694 4103**



Ruth Bergs
ruth@365.is

ÁS FASTEIGNASALA

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–17**

**OPIÐ HÚS LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI KL. 14 & 16**





Frum

Sérlega fallegt sumarhús ásamt gestahúsi á vægast sagt frábærum stað í litilli sumarhúsabyggð við Þingvallavatn. Sér smábátalægi og sérlega fallegt útsýni og staðsetning. Það eru ekki margar svona til. **Óskað er eftir tilboðum.**
***Jóna verður á staðnum og sýnir, uppl. í síma 660 8505***
**KEYRT ER NESJAVALLAVEG ÞANGAÐ TIL KOMIÐ ER AÐ BÆNUM VILLINGAVATNI, BEYGT ÞAR INN OG EKIÐ SEM LEIÐ LIGGUR ÞANGAÐ TIL KOMIÐ ER INN Í ÞETTA HVERFI. ÞETTA ER SÍÐASTA HÚSIÐ VIÐ ENDA VEGARINS.**
*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

STÓRHÚS FASTEIGNASALA Þóroddsstöðum

Sigurberg Guðjónsson hdl.
lögg.fasteignasali
Þóroddstaðir,
Skógarhlíð 22,
105 Reykjavík.
**Sími: 534 2000**



*Hrafnhildur Bridde*
*löggiltur fast.sali*
**GSM 821 4400**

## EGILSGATA, 101 RVK.

**FALLEG OG VEL SKIPULÖGÐ 100 FM ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ (EFSTU), AUK 28,4 FM BÍLSKÚRS Á BAKLÓÐ**

Frum





Tvö svefnherb. og tvær góðar stofur. Lítið vinnuherb. Bað-herb. m/ sturtuklefa og innrétt-ingu. Eldhús m/snyrtilegri innréttingu og borðkrók. Sér geymsla í kjallara. Bílskúr m/grifju. Sér bílastæði á baklóð.
**VERÐ 38,9 MILLJ. ÁHV. GOTT LÍFEYRISSJ.LÁN**

ATVINNA

ÞJARKUR
VINNUFÖT

## Starfsmaður óskast

Leitum að starfsmanni á lager, útkeyrslu, merkingar o.fl
Vinnutími 8-17 virka daga
um framtíðarstarf er að ræða
Viðkomandi þarf að vera hraustur og samviskusamur. Gerum kröfur um stundvísi, áreiðanleika, bílpróf og tölvukunnáttu.
**Umsóknarfrestur er til 1. júní**
Umsóknum skal skilað á netfangið:
thjarkur@thjarkur.is

vísir.is
*"...ég sá það á vísi"*

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla

**Laus er staða aðstoðarskólastjóra Laugalækjarskóla**

Laugalækjarskóli er unglingaskóli með nemendur í 7. - 10. bekk. Nemendur í skólanum eru um 290 í 13 bekkjardeildum. Í Laugalækjarskóla hefur í mörg ár verið unnið mikið þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi með áherslu á námsmöppur. Lögð er áhersla á aukna ábyrgð nemenda á eigin námi, samvinnu nemenda og góðan vinnuanda. Lögð er mikil áhersla á þverfaglegt starf í upplýsingaveri skólans. Í Laugalækjaskóla er tungumálaver sem heldur m.a. utan um norsku- og sænskukennslu á landinu.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

**Leitað er eftir einstaklingi sem býr að:**

- kennaramenntun og kennslureynslu.
- stjórnunarhæfileikum og reynslu af stjórnun grunnskóla.
- ánægju af kennslu og öðru starfi með unglingum.
- reynslu af þróunarstarfi í skólum, t.d. teymisstarfi og sjálfsmati.
- reynslu af samstarfi við foreldra.
- lipurð og færni í mannlegum samskiptum.
- þekkingu á hagnýtingu upplýsingatækni í skólastarfi.
- metnað til að veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2008. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

**Umsóknarfrestur er til 27. júní 2008.**

Sótt skal um á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Upplýsingar gefa Björn M. Björgvinsson, skólastjóri, bjornb@laugalaekjarskoli.is í síma 588 7500 og Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is, sími 411 7000

Laun eru skv. kjarasamningi LN og SÍ.

Frekari upplýsingar um Laugalækjarskóla er að finna á heimasíðu skólans http://www.laugalaekjarskoli.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

B NUS B NUS B NUS

# RLÆTIS SAMLOKU




98

Bónus túnfiskssalat
200g 98 kr.




98

Bónus smyrill
300g 98 kr.




1798

Bónus hangiálegg
1798 kr./kg.

# ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT



998

Bónus kryddlegnar svínakótilettur
aðeins 998 kr./kg.




898

Bónus bajonskinka úr læri
aðeins 898 kr./kg.




40%
AFSLÁTTUR

Íslandsgrís kryddleginn svínavöðvi
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR./KG.



998

Bónus kryddlegnar svínahnakkasneiðar
aðeins 998 kr./kg.




98

KJARNAFÆÐI




98

KF hrásalat
350g 98 kr.

KF kartöflusalat
350g 98 kr.

B NUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS




ALLTAF FERSKT OG NÝBAKAÐ Í BÓNUS



189
Bónus sérbökuð vínabrauð
með hnetum
4 stk. 198 kr.

198
Bónus rúnstykki með osti
*(kjallarabollur)*
4 stk 198 kr.

159
Bónus snúður
súkklaði og karamellu
159 kr./stk.

198
Bónus kleinuhringir
súkkulaði og karamellu
198 kr. 2 stk.




179
Bónus ís 2 ltr.
súkkulaði og vanilu 179 kr.




Gillette Fusion Power rakblöð
8 stk 2498 kr.
u.þ.b. fimm mánaða birgðir 500 kr.pr.mán.
Gillette Fusion Manual rakblöð
8 stk. 2298 kr.
u.þ.b. fimm mánaða birgðir 460 kr.pr.mán.




2298
Pampers bleiur megapakk
Allar gerðir aðeins 2298 kr.




179
Bónus ís bragðarefur
1 ltr. 179 kr.




498
Bónus íspinnakassi
24 stk. aðeins 498 kr.




359
Neutral þvottaefni 2 kg
359 kr. kassinn.

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

# Eru Íslendingar „verstir“?



Eftir Helga Áss Gretarsson

Margsigldur Íslendingur sagði mér eitt sinn sögu af samningaviðræðum sínum við sölumann á götumarkaði í Íran um kaup á persnesku teppi. Teppið var fagurlitað og vel ofið en eyjarskegginn vildi fyrir enga muni greiða uppsett verð. Samningar um verð drógust á langinn en hægt og sígandi gaf sölumaðurinn eftir og Íslendingurinn gerði hagfelld kaup. Þegar kaupin voru um garð gengin sagði Persinn glettnislega en í skapvonskulegum tón: „Gyðingar eru slæmir, Armenar eru verri en Íslendingar eru verstir!“

Hin tilvitnuðu ummæli skil ég svo að Íslendingar séu almennt snjallir samningamenn og harðir í horn að taka í viðskiptum. Það er ekki ólíklegt að sannleikskorn sé að finna í þessari alhæfingu – í öllu falli hef ég það ósjaldan á tilfinningunni að margir íbúar þessa lands vilji bæði borða og halda kökunni sem á boðstólum er. Almenn þjóðmálaumræða ber stundum keim af þessu þegar rætt er um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB).



### Stjórnarskráin og ESB

Að flestra mati hefur EES-samningurinn allar götur síðan 1993 þjónað íslenskum hagsmunum vel. Frelsi til að flytja fólk, fjármagn, þjónustu og vörur hefur ásamt aukinni samkeppni breytt íslensku samfélagi verulega. Þegar litið er til þróunar EES vaknar stundum sú spurning í huga lagamannsins hvort fullveldi íslenska ríkisins hafi í reynd verið afsalað án viðhlítandi heimildar samkvæmt stjórnarskrá. Sú spurning er e.t.v. lítt áhugaverð að sinni en hún afhjúpar a.m.k. þá óskhyggju að ekki sé þörf á að breyta stjórnarskrá áður en gengið er inn í ESB. Skýra má þetta nánar. Í íslensku stjórnarskránni er m.a. kveðið á um að Alþingi fari með löggjafarvaldið ásamt forseta. Verði Ísland aðili að ESB hefðu ótal reglur sambandsins lagagildi hér á landi án formlegs atbeina íslenska löggjafarvaldsins. Að mínu mati yrði þá afsal löggjafarvalds til ESB svo mikið að slíkt bryti í bága við gildandi ákvæði stjórnarskrárinnar.

### Eðli ESB og auratalning

Undirstaða áhrifa eins ríkis innan ESB er vægi þess í sambandinu og möguleikar þess að vinna saman með öðrum ríkjum. Þróunin er sú að ESB líkist æ meir ríkjasambandi með þeim kostum og göllum sem því fylgja. Að sjálfsögðu hefur hvert ríki forræði sinna mála á mörgum sviðum en möguleikar þess til að stýra þróun mála upp á sitt einsdæmi í mikilvægum málaflokkum eru takmarkaðir. Taka verður fullt tillit til skipana sem koma frá Brussel.

Þegar reiknað er út í krónum og aurum hvort hagstæðara sé fyrir íslenskt samfélag að vera innan eða utan ESB er flókið að ímynda sér að öllu leyti þann veruleika sem yrði eftir að gengið væri inn. Ákvörðun um aðild getur því vart oltið á reiknikúnstum heldur verður hún að grundvallast á pólitísku mati þar sem til sögunnar koma álitaefni er lúta að sjálfsmynd samfélagsins og framtíðarsýn þess.

### Lykilspurningar

Áður en hafinn verður undirbúningur að töku þeirrar ákvörðunar að ná samningum við ESB um aðild verður að svara a.m.k. tveim lykilspurningum: 1) Vilja menn áframhald EES-samningsins og jafnvel þróa hann eða vilja menn ganga lengra og lúta þeim leikreglum sem fylgja ESB-aðild? 2) Hver á að vera framtíðarskipan gjaldeyris- og myntmála og hvaða aðili á að hafa forræði yfir því að setja reglur um auðlindanýtingu?

### Það verður ekki bæði sleppt og haldið

Verði gripið til þess ráðs að hefja aðildarviðræður við ESB er ólíklegt að hægt sé beygja samningamenn ESB í duftið eins og Íslendingurinn gerði við teppasölumanninn í Íran. Það er ekki hægt til lengri tíma að semja við ESB á þá lund að grundvallarreglur sambandsins víki fyrir meintri sérstöðu Íslendinga. Af því leiðir að svara verður lykilspurningum og taka um það pólitíska ákvörðun hvert íslensk samfélag skuli stefna í framtíðinni. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

*Höfundur er lögfræðingur.*

# Flöggum Grænfánanum sem víðast

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Snælandsskóli í Kópavogi fær afhentan Grænfánann í dag og bætist þar með í fríðan hóp skóla sem dregið hefur fánann að húni hér á landi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða um heim sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Í lok liðins árs voru yfir 21.000 skólar þátttakendur í verkefninu, flestir í Evrópu.

### 30.000 þátttakendur

Landvernd stýrir Grænfánaverkefninu hér á landi en það er styrkt af umhverfisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu. Það var árið 2001 sem Landvernd hóf að kynna verkefnið fyrir skólum hér á landi og vorið 2002 voru þrír fyrstu Grænfánarnir dregnir að húni hér á landi. Nú eru 117 skólar þátttakendur í verkefninu og í þeim starfa samanlagt 30.000 manns. Þátttökuskólarnir eru 66 grunnskólar, 45 leikskólar, fjórir framhaldsskólar, einn vinnuskóli og einn háskóli.

### Skrefin sjö

Til þess að fá að flagga Grænfánanum verða skólar að stíga sjö skref. Fyrsta skrefið er að skipa umhverfisnefnd skólans sem í sitja fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks og foreldra. Næsta skref er að meta stöðu umhverfismála í skólanum. Þar er horft til fjölmargra þátta svo sem orkunotkunar, innkaupa og sorpflokkunar. Þriðja skrefið er að umhverfisnefndin setur skólanum markmið og gerir áætlun um aðgerðir til að ná settum markmiðum. Fjórða skrefið felst í að sinna eftirliti til þess að tryggja að aðgerðirnar miði að settum markmiðum. Fimmta skrefið er að nemendur fái markvissa umhverfismennt og að viðeigandi námsefni er bætt inn í skólanámskrá. Í sjötta skrefi eru skólar hvattir til að vekja áhuga annarra á umhverfismálum. Sjöunda skrefið að Grænfána er að skólinn setji sér umhverfissáttmála, móti framtíðarsýn og heildarstefnu fyrir skólann í umhverfismálum og umhverfismennt.

### Eflir umhverfisvitund

Það er ljóst í mínum huga að skóli sem er með virka umhverfisstefnu hefur áhrif út á við, á heimili, sveitarstjórnir, fyrirtæki og samfélagið allt. Þess vegna tel ég Grænfánaverkefnið mjög mikilvægt framlag við að efla vitund þjóðarinnar um umhverfismál. Ég óska Landvernd og nemendum og starfsfólki Snælandsskóla til hamingju með daginn og hvet um leið aðra skóla til að setja markið hátt og gerast þátttakendur í Grænfánaverkefninu.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*






*Elskulegur sonur minn, faðir og bróðir,*

**Kristján Ingi Bragason**
(Stjáni)

varð bráðkvaddur á heimili móður sinnar 21. maí. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 3. júní kl. 13.00.

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigrún Ýr Kristjánsdóttir**
**og bræður hins látna.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Björgvin Björgvinsson**

bifvélavirki frá Tálknafirði, Tröllaborgum 17, Reykjavík, sem lést á líknardeild LHS fimmtudaginn 22. maí, verður jarðsunginn í dag frá Grafarvogskirkju kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans er bent á reikning til styrktar konu hans og börnum í Byr, nr. 1175 05 762008, kt. 130779-5149.

**Telma Magnúsdóttir**
**Aldís Jóna Björgvinsdóttir**
**Sölvi Leó Björgvinsson**
**Björgvin Sigurjónsson** **Sædís Magnúsdóttir**
**Guðlaug A. Björgvinsdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Sigurjón Björgvinsson** **Rakel Magnúsdóttir**
**Magnús Matthíasson** **Ragna Jóna Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Magnússon** **Borghildur Kristjánsdóttir.**



*Hjartkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hanna Ragnarsdóttir**
Sóltúni 11,

lést 28. maí á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

**Guðmundur Einarsson**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Vignir Einar Thoroddsen**
**Ásdís Guðmundsdóttir** **Þórarinn V. Þórarinsson**
**Árni Guðmundsson** **Hrönn Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vinarhug við andlát og útför elskulegrar mömmu minnar, unnustu, dóttur okkar, systur og mágkonu,*

**Elísabetar Arnórsdóttur.**

**Betsý Ásta Stefánsdóttir** **Valtýr Sævarsson**
**Arnór L. Pálsson** **Betsý Ívarsdóttir**
**Páll Arnórsson** **Sigríður Rut Hallgrímsdóttir**
**Ágúst Arnórsson** **María Veigsdóttir**
**Jóhanna Steinsdóttir** **Þorkell Guðmundsson**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Hafdís Bára Guðveigsdóttir**

andaðist hinn 22. maí sl. á Hátúni 12. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju hinn 2. júní kl. 13.00.

**Magnús Hafliði Guðnason**
**Jóhannes Jósepsson** **Sigurbjörg Birgisdóttir**
**Þorsteinn Jósepsson** **Herdís Johannessen**
**Ingibergur Guðveigsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við fráfall og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Svavars Einars Einarssonar**
Sauðárkróki.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deilda 3 og 5 á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fyrir góða umönnun.

**Helena J. Svavarsdóttir** **Reynir Barðdal**
**Marta Svavarsdóttir** **Sigurður J. Sigurðsson**
**Magnús E. Svavarsson** **Ragnheiður Baldursdóttir**
**Sigríður Svavarsdóttir** **Kristján B. Halldórsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Árnason**
áður til heimilis að Brekkugerði 34 Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. maí, 2008. Útförin fer fram frá Grensáskirkju, mánudaginn 2. júní kl. 15.00.

**Árni Árnason** **Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Aðalsteinn Árnason** **Þórný H. Eiríksdóttir**
**Helga Lára Guðmundsdóttir** **Björn Guðmundsson**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Lúðvíg Lárusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,*

**Jón Rósant Þorsteinsson**

sem lést að kvöldi föstudagsins 23. maí á Grund, verður jarðsunginn frá Útskálakirkju laugardaginn 31. maí kl. 14.00.

**Benedikt Jónsson** **Guðný Árnadóttir**
**Guðjón Benediktsson**
**Ingibjörg Benediktsdóttir**
**Sigríður Elísabet Benediktsdóttir** **Hrafn Helgason**
**og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún A. Ingimarsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli, 25. maí sl. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Daði Tómasson**
**Ingimar Magnússon**
**Tómas Magnússon**
**Hildur Magnúsdóttir**
**Sigurjón Magnússon**
**Friðrik Magnússon**
**tengdabörn og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunnfríður Ólafsdóttir**
Ánahlíð 12, Borgarnesi,

sem andaðist föstudaginn 23. maí verður jarðsungin frá Borgarneskirkju mánudaginn 2. júní kl. 14.00.

**Særún Helgadóttir** **Jóhann B. Hjörleifsson**
**Ólafur Helgason** **Sigríður I. Karlsdóttir**
**Hrönn Helgadóttir** **Indriði Jósafatsson**
**Friðborg Helgadóttir** **Árni Guðmundsson**
**ömmu- og langömmubörnin.**

**WYNONNA JUDD KÁNTRÍSÖNGKONA ER 44 ÁRA.**

*„Ég hef alltaf haft unun af að búa til tónlist og að fá bréf frá aðdáendum mínum sem segjast hafa gift sig eða eignast börn við tónlistina mína.“*

***Wynonna kom fyrst fram árið 1980 ásamt móður sinni, Naomi Judd, í kántríhljómsveitinni The Judds. Þær gáfu út 23 smelli á árunum 1983 til 1991. Wynonna hóf sólóferil sinn árið 1991.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is




**DÍVA DAGSINS** Linda segir mikla en ánægjulega vinnu liggja að baki velgengni Baðhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## BAÐHÚSIÐ HEILSULIND: 15 ÁRA

# Fyrsta lindin

Baðhúsið hélt svokallaðan dívudag síðastliðinn laugardag í tilefni þess að fimmtánda starfsár heilsulindarinnar er hafið.

Einnig eru tíu ár síðan Baðhúsið flutti í stórt og gott húsnæði að Brautarholti 20. Mikið var um dýrðir fyrir kvenkyns gesti Baðhússins en heilsulindin er aðeins fyrir konur.

Til sýnis var betrumbætt aðstaða en búið er að taka allt húsnæðið í gegn. „Við vorum með starfsemina á fjórum hæðum en nú er allt komið á tvær hæðir. Móttakan og búningsklefarnir voru tekin í gegn, tækjasalurinn er nýr, svo og annar eróbikksalurinn okkar,“ segir Linda Pétursdóttir, stofnandi Baðhússins.

Baðhúsið var stofnað árið 1994 í 300 fermetra húsnæði í Ármúla og voru starfsmenn þá aðeins þrír. Fjórum árum síðar fluttist starfsemin í tvö þúsund fermetra húsnæði að Brautarholti og eru starfsmennirnir orðnir yfir hundrað talsins. Á þeim tíma var um frumkvöðla starfsemi að ræða því heilsulindir eða spa voru þá ekki til hérlendis. „Hugmyndina fékk ég á ferðum mínum erlendis. Mér fannst vanta gott og vandað umhverfi þar sem einungis konur gátu komið og ræktað líkama sinn og sál í rólegu umhverfi,“ útskýrir Linda.

Starfsemin fór hægt af stað og að sögn Lindu töldu margir að fyrirtækið myndi ekki ganga, sérstaklega þar sem heilsulindin einskorðaði sig við kvenfólk. „Við náðum að afsanna þá kenningu,“ segir Linda og hlær. Hún bendir á að áherslan á heilsurækt hafi ekki verið jafnmikil fyrir fimmtán árum. „Mikið hefur breyst, fólk hugsar meira um heilsuna í dag og þetta er hreinlega hluti af lífsstíl margra.“

Á stöðina koma daglega rúmlega þúsund konur og margar þeirra hafa fylgt Baðhúsinu frá upphafi. „Í grunninn hefur lítið breyst hjá okkur því áherslurnar eru enn þær sömu. Munurinn er aðallega sá að þetta er allt orðið stærra og starfsfólk er orðið fleira,“ útskýrir Linda og segir tímann frá opnun Baðhússins hafa verið skemmtilegan en að mikil vinna liggi að baki. „Ég hefði aldrei enst í þessu ef þetta væri ekki gaman,“ segir Linda, sem er afar þakklát þeim konum sem komið hafa í Baðhúsið frá opnun og býður þær og nýjar velkomnar. **klara@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Friðþjófs Í. Gunnlaugssonar**
skipstjóra, Hamarsstíg 33, Akureyri.

**Vilhjálmur Friðþjófsson** **Herdís Eyþórsdóttir**
**Steinunn Erla Friðþjófsdóttir** **Björn Ingólfsson**
**Hallveig Friðþjófsdóttir** **Tonni Christensen**
**Jóna Lísa Þorsteinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

# Vinsælustu
## eldhústækin í Hagkaupum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



4.490kr GOTT VERÐ

**Philips kaffikanna** HD4778HV
- 1000w kaffivél
- 1,3 lítra
- Dropastoppari



2.490kr GOTT VERÐ

**Melissa kaffivél** 645112
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 Bollar
- Dropastoppari



2.990kr GOTT VERÐ

**Melissa ketill** 645083
- 2200w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus



4.990kr GOTT VERÐ

**Exido Blandari** 718850
- 500w blandari
- 1,5 l glerkanna
- Snúrulaus
- Innbyggður öryggisrofi




**Nýtt Hagkaupsblað komið út!**



4.990kr GOTT VERÐ

**Ideline heilsugrill** 743179
- 800w
- 6 Hitastillingar
- Safnar fitu og safa í bakk



1.490kr GOTT VERÐ

**Melissa brauðrist** 643070
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofan á fyrir lítil brauð
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki



2.990kr Verð áður 4.990,-

**Exido brauðrist** 243003
- 950w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofan á fyrir lítil brauð
- Hægt að rista öðrum eða báðum megin
- Alltaf köld viðkomu
- 5 tímastillingar
- Mylsnubakki



5.990kr GOTT VERÐ

**Melissa tvöfalt vöfflujárn** 643105
- 1200w
- Býr til tvær vöfflur í einu



2.990kr GOTT VERÐ

**Melissa vöfflujárn** 643104
- 850w
- Lætur vita með ljósi þegar vafflan er tilbúin



2.490kr GOTT VERÐ

**Melissa samlokugrill** 643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar

Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmiðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrúin

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Afreksíþróttir
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

**Starfsbraut**

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

**Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti er á netinu eða á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00 og lýkur 11. júní.**

**Námsráðgjafar verða til viðtals þriðjudaginn 10. júní og miðvikudaginn 11. júní frá 12:00 - 16:00.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

**www.fb.is**


# STUÐ MILLI STRÍÐA Hinn séríslenski sjarmi

**KJARTAN GUÐMUNDSSON** VELTIR VÖNGUM YFIR ÍSLENSKRI KNATTSPYRNU



Boltinn rúllar nú á iðagulgrænum völlum landsins. Er það vel, því fátt er sumarlegra en upphafsspark Íslandsmótsins í knattspyrnu. Þó bregst ekki að um fjórum mínútum eftir að flautað hefur verið til fyrsta leiks byrja að heyrast óánægjuraddir fjölmenns hóps knattspyrnuunnenda. Vor eftir vor er viðkvæði fólksins hið sama; það er svo erfitt að venjast klunnalegum íslenskum fótbolta, eftir að hafa glápt á gæðaknattspyrnu frá Evrópu vetrarlangt. Nú þræti ég ekki fyrir þann klassamun sem er á áhugamannaboltanum okkar og þeim sem leikinn er við betri aðstæður, meiri áhuga og skrilljón sinnum meira peningaflæði annars staðar í álfunni. Ég fagna því hins vegar að íslenski boltinn sé frábrugðinn öðrum. Íslensk knattspyrna býr ekki í sama sólkerfi og Evrópuboltinn. Boltinn okkar er séríslenskur. Þess vegna er hann svona skemmtilegur.

Engu að síður þykir mér annar hópur fólks helst til jákvæður í garð íslenskra knattspyrnuliða, svo jaðrar við Pollýönnuveiki. Þess varð ég var á KR-vellinum, þegar Breiðablik kafsigldi mína menn á fyrstu mínútum leiksins. Kunnuglegar stellingar tóku yfir, ég fól andlitið í höndum mér og bölvaði milli samanbitinna tanna, þegar ég varð þess áskynja að nokkrir ungir menn, stríðsmálaðir og vopnaðir bumbum, hófu að syngja við raust „Standið upp fyrir stórveldið!“ Sem fastagestur á leikjum KR í tuttugu ár hef ég margoft staðið upp fyrir stórveldið og haft gaman af, en ekki þegar KR er 0-2 undir gegn Breiðabliki á heimavelli, strákar! Ég sakna þeirra daga þegar áhorfendur í Frostaskjóli létu velþóknun sína í ljós þegar raunveruleg ástæða var til og voru þögulir þess á milli, fyrir utan einstaka „hlauptu, drengandskoti!“ eða „dæmdu, sauðurinn þinn!“ sem bergmálaði í þögninni. Those were the days.

Þetta eru góðir, söngelskir piltar sem gengur gott eitt til. En ég hef einfaldan smekk. Ég vil kaffið mitt heitt, bjórinn minn kaldan og KR-ingana mína fúla og vanþakkláta.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E8300 - 45nm
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

## AMD TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

49.950

## INTEL TÖLVA 2

- Intel Core2Duo E4500
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 8400GS
- Windows Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

69.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD Sempron LE-1150
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB WD - 7200RPM
- 256MB Geforce 6100

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

29.950

## RAZER LEIKJAMÚS

Razer DeathAdder 3G Infrared Mögnuð leikjamús fyrir leikjaspilarann, Optical 1800dpi

6.450

## RAZER MÚSAMOTTA

Keppnis músamotta frá Razer Mantis Speed er 44x35cm, mögnuð í leikina

2.950

## CREATIVE A300

Creative A300 er 2.1 hátalarakerfi með 2 öflugum hátölurum og stóru bassaboxi

CREATIVE

5.950

## SENNHEISER HD 201

SENNHEISER

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

2.450

## 20" ACER AL2016WB

acer

Acer 20" viewable AL2216WB TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 800:1 í skerpu og 5ms

23.950

## MSI GEFORCE 9600GSO

MSI Geforce N9600GSO-OC, 384MB 1800MHz DDR3, 600MHz core, 192 bit, DX-10, 2x DVI

15.950

## ASPIRE X-TELSTAR

Aspire X-Telstar glæsilegur turnkassi með mælum, ljósum og hliðarglugga

12.950

## ACER ASPIRE 5715Z

- Intel Core Duo T2330
- 2GB DDR2 667MHz
- 120GB SATA 5400rpm
- 384MB Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

acer

77.950

## 500GB ICYBOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

13.950

## 100GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

9.950

## COOLERMASTER HYPER 212

Frábær örgjörvakæling frá coolermaster, ultra hljóðlát 120mm vifta með bláum ljósdíóðum á risa kæligrilli

4.950

## XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120mm vifta, ATX ver. 2.2

XILENCE

6.950

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox MP303 margmiðlunarspilari, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICY BOX

27.950

## SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

5.950

## MSI EX600

- Intel Core 2 Duo T7100
- 2GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 15.4" WideScreen skjár

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

MSI

104.950

# @tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700




**965** kr/kg. áður 1.379 kr/kg.
Goða lambahryggur- Frosinn

## Tilvalið




**251** kr/pk. áður 359 kr/pk.
Weetos heilhveitihringir - 375 gr.




**454** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar - 2 X 175 gr.




**254** kr/stk. áður 339 kr/stk.
Sacla bruschettin




**209** kr/pk. áður 299 kr/pk.
Mentos Gum

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 29. maí til 1. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**á grillið**

**1.622** kr/kg. áður 2.704 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur




**1.945** kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Goða roastbeef - kryddað




**899** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Goða lambalæri - Frosið




**479** kr/stk. áður 599 kr/stk.
Ben & Jerry´s ís




**89** kr/stk. áður 179 kr/stk.
Fanta - 2 ltr.

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn





# Færa Íslendingum afrískan hita

**Hljómsveitin Super Mama Djombo kemur frá Gíneu-Bissá og heldur tvenna tónleika á Listahátíð í Reykjavík í kvöld og annað kvöld. Karyna Silva Gomes, söngkona sveitarinnar, hlakkar til að spila fyrir Íslendinga.**


**KARYNA SILVA GOMES** Önnum kafin söngkona Super Mama Djombo. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Super Mama Djombo á langan og farsælan starfsferil að baki. Hljómsveitin átti sitt blómaskeið á áttunda áratug síðustu aldar, í kjölfar sjálfstæðis Gíneu-Bissá frá Portúgal, en við þau tímamót fékk menning innfæddra tækifæri til að blómstra og dægurlög sungin á kreól, tungumáli sem sameinar hin ólíku þjóðarbrot sem byggja landið, nutu mikilla vinsælda.

„Um þessar mundir skipa þrjár kynslóðir tónlistarmanna hljómsveitina; upprunalegir meðlimir og aðrir sem gengu til liðs við hljómsveitina á níunda áratugnum. Svo hafa nýverið bæst við ungir tónlistarmenn; ég gekk til að mynda sjálf til liðs við hljómsveitina í fyrra. Þessi kynslóðaskipti hafa að sjálfsögðu sín áhrif á tónlistarstefnu hljómsveitarinnar þar sem hver kynslóð á sína áhrifavalda. Uppistaðan í tónlistinni hjá okkur er hefðbundin tónlist þjóðarbrota Gíneu-Bissá sem við blöndum svo þáttum úr vestrænni tónlist, til að mynda djassi. En með tilkomu nýrra hljómsveitarmeðlima verða áhrifavaldarnir fleiri og tónlistin fjölbreyttari,“ útskýrir Karyna. Super Mama Djombo á gríðarlegum vinsældum að fagna í heimalandi sínu; ef heimfæra ætti stöðu hennar upp á Ísland mætti segja að hér séu komnir Stuðmenn þeirra Gíneu-Bissábúa. Það má því áætla að það sé heldur gaman að vera boðin innganga í þessa virtu sveit, eða hvað? „Ég varð afar upp með mér þegar mér var boðið að vera með, enda hafði ég alist upp við að hlusta á hljómsveitina,“ segir Karyna brosandi. „Söngferill minn hófst þegar ég var í námi í Brasilíu og ég hélt söngnum svo áfram þegar ég flutti aftur heim. Atchutchi, forsprakki Super Mama Djombo, heyrði mig syngja á tónleikum og bauð mér í kjölfarið að ganga til liðs við sveitina. Þannig hófst ævintýrið fyrir mig.“

Hljómsveitin kom, sem kunnugt er, til Íslands í nóvember síðastliðnum og tók upp plötu í hljóðveri hér. Karyna segir upptökurnar hafa gengið vel og hljómsveitina hafa kunnað vel við sig í þessu fjarlæga landi. „Menningin hér er frábrugðin því sem við eigum að venjast heima, en Íslendingar eru afar hlýtt og almennilegt fólk og tóku okkur opnum örmum. Það eina sem við kunnum ekki við var kuldinn, honum gátum við ekki vanist! En við erum afskaplega spennt fyrir því að halda tónleika hér; við ætlum að færa Íslendingum dálítinn afrískan hita.“

Karyna sinnir starfi á vegum Unicef auk þess að syngja með vinsælustu hljómsveit Gíneu-Bissá. Það er því yfirdrifið nóg að gera hjá henni flesta daga. „Ég vinn fyrir Unicef heima og við erum í góðu samstarfi við Unicef hér á Íslandi. Framlög Íslendinga hafa mikil áhrif á lífsgæði barna í Gíneu-Bissá, sérlega á sviði menntunar og heilsugæslu,“ segir Karyna. „Til að mynda hafa framlög héðan gert okkur kleift að dreifa moskítónetum, sem hafa dregið verulega úr dauðsföllum barna af völdum malaríu. Hvert moskítónet kostar aðeins fáar krónur og því er ljóst að hvert framlag, sama hversu lítið það er, skiptir máli. Af hverju ekki að leggja góðum málstað lið þegar svo lítið þarf til að láta gott af sér leiða?“ vigdis@frettabladid.is

# Spriklandi bögglauppboð

Kraftarnir á bak við Nútímadanshátíð Reykjavíkur ætla að vera með uppboð á dansi í húsi Hljómalindar á Laugaveginum í Reykjavík í dag á milli kl. 16 og 18. Í boði verða dansgjörningar ýmiss konar sem gangandi vegfarendur sem og gestir kaffihússins geta notið gegn vægu gjaldi. Þessi uppákoma kemur ekki til af góðu. Nútímadanshátíðin hefur um nokkurt skeið verið eini vettvangurinn sem danshöfundar utan við áhugasvið Íslenska dansflokkins hafa átt vísan og hafa fengið til þessarar hátíðar smávægilega styrki, bæði frá borg og ríki. Í síðustu úthlutun Leiklistarráðs bar svo við að styrkur til hátíðarinnar var felldur niður: „Ástæða þessarar uppákomu er að vekja athygli á því að Danshátíð Reykjavíkur fékk engan styrk frá menntamálaráðuneytinu í ár, það er leiklistarráði,“ segir Sveinbjörg Þórhallsdóttir, einn þeirra höfunda sem hafa sýnt danssmíðar sínar á hæðinni. „Hátíðin býr því við mikinn óstöðugleika og hefur gert síðan hún var stofnuð 2002. Okkar ósk er því að menntamálaráðuneytið geri við okkur samstarfssamning þannig að hægt sé að vera með fastan starfsmann og öfluga starfsemi til að sinna og hlúa að þessu vaxandi listformi.“


**SVEINBJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR, DANSHÖFUNDUR**

Í dag er Nútímadanshátíð Reykjavíkur eini vettvangurinn fyrir danshöfunda að koma sínum verkum á framfæri og þess má geta að 40 dansverk hafa nú þegar verið flutt á hátíðinni frá 2002. Mikill áhugi er fyrir hátíðinni erlendis og íslenskum danshöfundum hefur verið boðið að sýna verk sín á erlendum hátíðum í kjölfar heimsókna erlendra prógrammera. „Því er brýnt að finna hátíðinni farsælan farveg,“ segir Sveinbjörg.

Áhugamenn um frjálsa danshópa geta stutt framtíð listdansins með því að mæta á þetta sérstaka bögglauppboð. pbb@frettabladid.is

# Eldri borgarar bæjarins

Hafnarborg, lista- og menningarstofnun Hafnarfjarðar, einbeitir sér að ljósmyndum um þessar mundir. Þar var opnuð nýverið sýning af ljósmyndum frá 100 ára sögu bæjarins og á sunnudaginn verður opnuð sýning á ljósmyndum Árna Gunnlaugssonar, hæstaréttarlögmanns og áhugaljósmyndara. Árni hefur verið ötull í að mynda Hafnfirðinga og hefur hann mikið tekið myndir af eldri borgurum bæjarins, sem margir hafa búið þar lengi.

Á sýningunni eru um 440 ljósmyndir af eldri Hafnfirðingum, sem teknar voru á árunum 1960-92 og eru allar svart/hvítar. Af þeim 580 eldri borgurum sem koma við sögu á myndunum eru 35 á lífi í maí 2008. Myndirnar eru úr þremur bindum bókar Árna, „Fólkið í Firðinum“, en þar er að finna ýmsan fróðleik um fólkið og húsin, sem sjást á myndunum. Haustið 1979 hélt Árni sýningu í Góðtemplarahúsinu á myndum úr fyrsta og öðru bindi nefndrar bókar. Við hvert myndspjald eru upplýsingar um fæðingarár þeirra sem á myndunum eru, hvaða ár myndin er tekin og dánarár þeirra sem fallnir eru frá.


**HAFNARBORG** Hýsir áhugaverða ljósmyndasýningu Árna Gunnlaugssonar.

Sýning Árna stendur til 21. júlí. - vþ








Ali
Gott íslenskt hráefni á grillið
METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA
SÍÐAN 1944
100% ÍSLENSKT
Þú veist hvar það er framleitt
kótilettur
HUNANGS
mareneraðar og léttreyktar
Grill
Leggir & læri
Full eldað
Svínakjöt
Alltaf jafn gott!
Tilvalið á grillið eða á pönnuna!
Mexikókryddað svínakjöt
Jurtakryddað svínakjöt
Barbeque kryddaðar
svínakótelettur
Babyback
Tilvalið á grillið eða í ofninn!
Krydduð svínarif
TILBÚIÐ
Spareribs
GRILLPYLSUR
BABYBACK Grísarif
með barbequesósu


MÚGSEFJUN


NEIL DIAMOND

> Í SPILARANUM

Múgsefjun - Skiptar skoðanir
Bang Gang - Ghosts from the Past
Mates of State - Re-Arrange Us
Wolf Parade - At Mount Zoomer
Neil Diamond - Home Before Dark

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Æfingar í Austurbæ

Hljómsveitin Sigur Rós hefur leigt Austurbæ til æfingahalds fyrir komandi tónleikaferð sína um heiminn. Fyrstu tónleikarnir verða í borginni Guadalajara í Mexíkó 5. júní og verður þetta í fyrsta sinn sem þeir félagar spila á þeim slóðum. Eftir þrenna tónleika í Mexíkó verður förinni heitið til Bandaríkjanna þar sem fernir tónleikar eru fyrirhugaðir. Eftir það tekur við spilamennska víðs vegar um Evrópu þar sem sveitin mun spila á fjölda tónlistarhátíða. Strengjakvartettinn Amiina og blástursveit Samúels J. Samúelssonar verða með í för í sumar en í haust ætla fjórir meðlimir Sigur Rósar að halda tónleikaferðinni áfram einir á báti.

Sigur Rós er að fylgja eftir sinni fimmtu breiðskífu, Með suð í eyrum við spilum endalaust, sem kemur út 23. júní. Opnunarlagið Gobbledigook er þegar komið út á netinu og þykir það lofa mjög góðu um það sem koma skal.


SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós undirbýr sig fyrir tónleikaferð um heiminn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



> Plata vikunnar

Dísa - Dísa

★★★★

„Þessi fyrsta plata Dísu er mjög vel heppnuð. Tónlistin er mikið unnin og nútímaleg, en platan er líka bæði fjölbreytt og persónuleg.“ TJ



TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# Vestur-afrísk stórsveit í bænum

Í kvöld og annað kvöld leikur vestur-afríska stórsveitin Super Mama Djombo á Nasa. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Það er mikið gleðiefni að afrískar sveitir komi hingað til lands til tónleikahalds og það er hægt að bóka það að það hitnar í kolunum á Nasa þegar Super Mama Djombo stígur á svið.

Super Mama Djombo er frá Gíneu-Bissá sem liggur á milli Gíneu og Senegal á vesturströnd Afríku. Sveitin var stofnuð í drengjaskátabúðum seint á sjöunda áratugnum, en náði fyrst miklum vinsældum eftir að Gínea-Bissá fékk sjálfstæði frá Portúgal árið 1974. Hljómsveitin tók upp margrómaða plötu á einum degi í Lissabon árið 1980, en leystist svo upp í kjölfar valdaráns árið 1986. Meðlimir hennar héldu samt áfram að starfa að tónlist og gefa út efni.


GÓÐIR GESTIR Diskurinn Ar Puro með Super Mama Djombo er nýkominn út hjá Smekkleysu. Sveitin spilar á Nasa í kvöld og annað kvöld.

Endurvakin Super Mama Djombo kom svo til Íslands síðasta haust og tók upp plötu með nýju efni í Sundlaug þeirra Sigur Rósar-manna í Mosfellsbæ. Sú plata er nú nýkomin út á vegum Smekkleysu. Fín plata sem sver sig í ætt við eldra efni sveitarinnar. Þetta er hrynríkt Afríkupopp með smá kúbverskum áhrifum. Heit og sumarleg tónlist.

Útgáfa nýju plötunnar sem heitir Ar Puro telst merkileg fyrir nokkurra hluta sakir. Í fyrsta lagi er þetta fyrsta platan með nýju efni frá Super Mama Djombo í langan tíma. Í öðru lagi er þessi afríska stórsveit gefin út af íslensku plötufyrirtæki og í þriðja lagi syngur Egill Ólafsson á íslensku með sveitinni í laginu No Festa …

Super Mama Djombo mun leika bæði nýtt efni og gamalt á tónleikunum í kvöld.


Í SUNDLAUGINNI Hljómsveitin tekur upp með Birgi Jóni Birgissyni í hljóðveri Sigur Rósar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ


# Bankað upp á hjá dauðanum

**Hljómsveitin ómmikla Spiritualized hefur sent frá sér nýja plötu sem nefnist Songs in A&E. Litlu munaði að platan kæmi aldrei út, eins og Steinþór Helgi Arnsteinsson komst að raun um.**

Frá upphafi hefur Spiritualized meira eða minna verið einmenningssveit tónlistarsnillingsins (og sérvitringsins) Jason Pierce, sem oft er nefndur J. Spaceman. Sveitin var stofnuð upp úr rústum hinnar ódauðlegu sveitar Spaceman 3 sem gegndi algjöru lykilhlutverki í tónlistarsögu Breta undir lok 9. áratugarins. Pierce hafði þá lent harkalega saman við hinn máttarstólpa Spaceman 3, Peter „Sonic Boom“ Kember, (og lent í alvarlegum eiturlyfjavandamálum) og úr varð Spiritualized. Sveitin var reyndar formlega stofnuð af „hinum“ meðlimum Spaceman 3 sem vildu síðan ólmir vinna áfram með Pierce frekar en Kember. Hið ógnarstóra sjálf Pierce hagaði hlutunum þó þannig að auðvitað varð Spiritualized að engu öðru en hljómsveitinni hans og ekki leið á löngu áður en upprunalegu meðlimirnir hlupust á brott. Síðan þá hafa mannabreytingar verið tíðar í sveitinni og í dag hleypur meðlimalisti Spiritualized á einhverjum tugum.

### Ólíkum stefnum blandað saman

Með tilkomu Songs in A&E eru hljóðversbreiðskífur Spiritualized orðnar sex talsins. Meistaraverk sveitarinnar er og verður ætíð platan Ladies and Gentlemen We Are Floating in Space frá árinu 1997. Á plötunni var arfleifð frá jafn ólíkum kvíslum og shoegaze-rokki, Wall of Sound kerfi Phil Spectors og gospeli fléttað saman og úr varð heillandi hljóðheimur.

Síðasta plata Spiritualized, Amazing Grace, kom út árið 2003 og þar voru gospel- og blúsáhrifin jafnvel enn meira áberandi en áður. Platan lagðist misvel í bæði aðdáendur og gagnrýnendur og þótti sveitin vera komin á leiðarenda.

### Dó tvisvar

Þegar Pierce var svo kominn á fullt skrið með nýja plötu hrundi tilveran. Pierce veiktist allharkalega og lá við dauðans dyr í nokkrar vikur á bráðamóttökunni. Pierce þjáðist af alvarlegri og sjaldgæfri bakteríusýkingu og í ofanálag gerði lungnabólga vart við sig. Svo alvarleg voru veikindi Pierce að tvisvar þurfti að lífga hann við frá dauðum.

Songs in A&E er þess vegna óður til tímans á bráðamóttökunni (A&E stendur fyrir Accident and Emergency Ward); „Verk djöfulsins … með smá leiðbeiningum frá mér,“ útskýrir Pierce, minnugur þess hversu nálægur hann var manninum með ljáinn.


SPIRITUALIZED Forsprakkinn Jason Pierce var nær dauða en lífi við gerð nýjustu plötunnar.

### Fékk andlegan styrk

Í fyrstu ætlaði Pierce sér reyndar ekki að klára plötuna enda hafði hann misst nærri fjórutíu kíló í veikindum sínum og var þjakaður af reynslu sinni. Hann var hins vegar hvattur áfram af kvikmyndagerðarmanninum Harmony Korine (gerði handritið að Kids og leikstýrði til dæmis myndinni Gummo) en á sama tíma vann Pierce að tónlist fyrir mynd Korine, Mr. Lonely. Á Songs in A&E má svo finna nokkra millikafla sem Pierce tileinkar Korine sérstaklega (heita Harmony 1 til 6).

### Dauði eða ekki dauði

Upprunalegt þema plötunnar var samband Pierce við fjölskyldu sem ekki var hans eigin. Þegar hann svo sneri sér aftur að gerð plötunnar fannst honum eins og hann hefði sjálfur verið forspár um nálægð sína við dauðann í textunum.

Sem betur fer hljómar platan ekki eins og upphafið að endanlegum dauða Spiritualized. Platan, ásamt endurhljóðblöndun á lagi Yoko Ono, Walking on Thin Ice, frá því í fyrra, er það langbesta sem Pierce hefur sent frá sér í heilan áratug. Megi hann lengi lifa.

# Perla tekur upp í Chicago

Hljómsveitin Perla tekur upp sína fyrstu plötu í Chicago í ágúst með upptökustjóranum Neil Kernon. Hann hefur á farsælum ferli sínum unnið með þekktum flytjendum á borð við Peter Gabriel, Judas Priest og dauðarokkssveitinni Cannibal Corpse.

„Þetta er mikið tækifæri fyrir okkur og bara draumi líkast,“ segir Davíð Sigurgeirsson, meðlimur Perlu. „Félagi okkar sem er tónleikahaldari sendi Kernon demó með okkur. Hann var svo hrifinn að hann vildi endilega fá okkur út þannig að við ákváðum bara að slá til. Það er mikill spenningur í okkur og núna erum við að semja á fullu og reyna að klára demó af plötunni.“

Perla var stofnuð árið 2006 og vann á sínum tíma hljómsveitakeppnina Battle of the Bands. Spilaði hún í framhaldinu á hinum virta tónleikastað London Astoria. Áður en sveitin heldur til Chicago, þar sem upptökur standa yfir í tæpar þrjár vikur, spilar hún á tónlistarhátíðinni North by Northeast í Toronto um miðjan júní. „Það er greinilega litið stórt á okkur þar því við vorum á forsíðunni á heimasíðunni þeirra,“ segir Davíð. Vinnuheiti nýju plötunnar er „Í tregafullum hljóm“ og er hún væntanleg í búðir í haust. - fb


PERLA Hljómsveitin Perla tekur upp sína fyrstu plötu í Chicago í ágúst.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SHADOW PARADE** Hljómsveitin Shadow Parade spilar á Organ á laugardagskvöld.

# Rokk gegn fordómum

Tónleikarnir Rokkað gegn rasisma verða haldnir á Organ á laugardag á vegum Félags anti-rasista. Félagið hefur staðið fyrir tveimur tónleikum til þessa og á þá síðustu mættu fjögur hundruð manns.

Dane Magnússon og Einar Thor hafa staðið að undirbúning tónleikanna á laugardaginn og hefur fyrirtæki Einars, Thor´s Hammer Wristbands, útbúið sérstakt styrktararmband í tilefni kvöldsins. Hefur armbandið fengið nafnið Ísland án fordóma. Á meðal hljómsveita sem koma fram á tónleikunum verða Agent Fresco, Vicky Pollard og Shadow Parade. Miðaverð er 1.000 krónur og er húsið opnað klukkan 22.



**LOOPTROOP** Sænska hljómsveitin Looptroop spilar á tvennum tónleikum í Tunglinu hinn 16. júní.

# Looptroop til Íslands í júní

**Sænska hiphop-sveitin Looptroop spilar á tvennum tónleikum á Tunglinu hinn 16. júní ásamt XXX Rottweiler. Fyrri tónleikar verða fyrir þrettán ára og eldri og standa yfir frá kl. 18 til 21. Þeir seinni verða fyrir tuttugu ára og eldri og hefjast klukkan 23.**

**Þetta er í fimmta sinn sem Looptroop kemur hingað til lands enda á hún stóran aðdáendahóp hér á landi. Forsala miða á tónleikana hefst mánudaginn 2. júní. Verð í forsölu er 2.000 krónur en almennt miðaverð er 2.500 krónur.**




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is

Pósthúsið


# Tindersticks á Íslandi

Enska hljómsveitin Tindersticks heldur tónleika á Nasa í Reykjavík 11. september næstkomandi. Þetta eru góðar fréttir fyrir unnendur vandaðrar popptónlistar. Hægt er að líkja bandinu við kappa eins og Nick Cave, Leonard Cohen og Scott Walker – þetta er dramatísk og melódísk tónlist sungin af hinum dimmraddaða Stuart Staples – en Tindersticks hefur þó alltaf verið sér á parti og í sinni eigin deild.



**HLJÓMSVEITIN TINDERSTICKS** Spilar á Nasa 11. september.

Sveitin var stofnuð í Nottingham 1991 og gaf út sína fyrstu plötu 1993. Hún heitir eftir bandinu. Önnur platan kom 1995 og heitir líka eftir bandinu en þær hafa verið kallaðar I og II til einföldunar. Báðar þessar plötur vöktu mikla athygli, sem og sú þriðja, Curtains, sem kom út 1997. Sjöunda plata sveitarinnar, The Hungry Saw, er nýkomin út, og þykir gríðargóð. Þá hefur sveitin gert tónlist við tvær kvikmyndir Claire Denis og gefið út á plötum, og Stuart söngvari hefur gert tvær sólóplötur.

# Rokkar með Start



**EIRÍKUR HAUKSSON** Eiríkur og félagar í hljómsveitinni Start spila á Players um helgina.

Hljómsveitin Start með Eirík Hauksson í fararbroddi spilar á Players í kvöld og annað kvöld og í þetta sinn skartar sveitin nýjum trommara, Ingólfi Sigurðssyni. Á meðal þekktustu laga Start eru Sekur og Seinna meir og verða þau vitaskuld spiluð ásamt ýmsum smellum frá Eiríki.

„Þetta steinliggur held ég," segir Eiríkur, sem kom til landsins í fyrradag og verður fram á mánudag. „Það er næstum því ár síðan við spiluðum síðast á Players. Stemningin var mjög góð þá og við erum bara bjartsýnir. Við verðum með þrusuþétt prógram og þetta verður rokk fyrir góða rokkara á öllum aldri," segir hann.

Nóg verður að gera hjá Eiríki við tónleikahald í júní og ágúst en í júlí verður hann að mestu í sumarfríi. „Júlí verður rólegur eins og vanalega. Ég reyni að taka sem minnst af tónleikum þá. Síðan tekur haustið við og þá verður ýmislegt í deiglunni." Meðal annars mun Eiríkur syngja með Ken Hensley úr rokksveitinni Uriah Heep á tónlistarhátíðinni Sweden Rock Festival í Svíþjóð hinn 7. júní. - fb




> **KONAN YFIRGEFUR BILL MURRAY**

Jennifer Butler Murray, eiginkona leikarans Bill Murray, hefur sótt um skilnað eftir tæplega ellefu ára hjónaband. Segir hún að Murray hafi beitt sig ofbeldi auk þess sem hann sé háður bæði marijúana og áfengi. Jennifer býr nú ein með fjórum börnum þeirra hjóna. Talsmaður Murrays segir að hann sé afar leiður yfir skilnaðinum.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Svali Frakkinn mætir í ágúst

Hinn eitursvali og æðislegi Sébastien Tellier leikur með hljómsveit sinni í Reykjavík 28. ágúst. Frakkinn vakti mikla athygli í Eurovision þar sem hann flutti lag sitt „Divine“ fyrir Frakkland. Hann reið reyndar ekki feitum hesti frá keppninni, lenti í 19. sæti með 47 stig. En þótt hann hafi verið of svalur fyrir Evrópu kveikti hann í Íslendingum, sem gáfu honum átta stig. Það er því eflaust himnasending fyrir marga hér að fá að sjá meistarann í návígi.

Lagið í keppninni er af plötunni Sexuality, sem Sébastien lýsir sem „ellefu laga hugleiðslu um ástaratlot“. Kynþokkinn drýpur af hverjum tóni á plötunni og það var sjálfur Guillaume Emmanuel Paul de Homem-Christo, annar helmingur Daft Punk, sem verkstýrði henni. Þetta er þriðja sólóplata Sébastien. Sú fyrsta, L'incroyable Vérité (Hinn ótrúlegi sannleikur), kom út 2001. Í kjölfarið hitaði hann upp fyrir Air á miklu tónleikaferðalagi um heiminn og lagið „Fantino“ heyrðist í mynd Sofiu Coppola, Lost in Translation. Önnur platan, Politics, kom út 2005 og fjallaði hún um stjórnmál. Á plötunni er hið epíska meistaraverk „La Ritournelle“. Í því tekur Tony Allen, trommari og hljómsveitarstjóri Fela Kuti, virkan þátt. Það lag sló í gegn svo um munaði og vakti athygli alls heimsins á þessum sérvitra snillingi.

Nánari upplýsingar um miðasölu og staðsetningu tónleikanna verða tilkynntar síðar.



**SLÓ Í GEGN HJÁ ÍSLENDINGUM Í EUROVISION** Sébastien Tellier spilar á Íslandi 28. ágúst.

# Borko fagnar sumrinu

„Við gerum þetta til að fagna sumrinu, lífinu, prófiokum og mánaðamótum,“ segir tónlistarmaðurinn Borko um tónleika sína á Organ í kvöld. Hann gaf út plötuna Celebrating Life í marsmánuði og hefur hún fengið skruggugóðar viðtökur.

Borko til halds og trausts á tónleikunum í kvöld er hljómsveitin Reykjavík! sem tekur sér frí frá upptökum á nýjustu plötunni til að gleðjast með Borko. Sögusagnir herma að nýja platan hafi vinnuheitið Rokkí. Fyrsta smáskífan af plötunni er nú þegar komin í spilun og heitir „Æjiplís!“.

Að auki kemur hljómsveitin FM Belfast fram, en sú sveit spilar nú á Íslandi eftir langt hlé. Smáskífa og plata eru jafnframt á leiðinni frá þeirri hljómsveit.

Einnig kemur fram sérstakur leynigestur og diskar og bolir verða seldir á sérstöku tilboðsverði. Eins og áður segir fer veislan fram á Organ og hefst upp úr kl. 22. Miðaverð er einungis 1.000 kall.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

**Amerískir GE kæliskápar**

**GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir**

GCE21LGWFS – Stærð: h 176 x b 90,9 x d 60,7 sm – **Með ryðfríum stálhurðum**
381 ltr. kælir og 173 ltr. frystir – **Orkunotkun: A**

General Electric

**TILBOÐ kr.: 219.900***

*Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is



**ÓLAFUR GUNNARSSON** Er nú í óða önn við að skipuleggja landsmót Cadillac-manna sem verður á Hótel Hvítá við Skálholt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kadda-kaddlar klárir á landsmót

**Fyrsta landsmót Íslenska Cadillac-klúbbsins nálgast. Ólafur Gunnarsson rithöfundur bíður spenntur.**

„Við Cadillac-menn hyggjumst halda í hópakstur 8. júní frá Geithálsi við Suðurlandsveg og aka sem leið liggur að Hótel Hvítá við Skálholt þar sem ég mun setja landsmótið,“ segir Ólafur Gunnarsson Cadillac-maður og rithöfundur.

Senn líður að fyrsta landsmóti Íslenska Cadillac-klúbbsins sem Ólafur stofnsetti nýverið ásamt fleirum svo sem Einari Kárasyni rithöfundi og hinum kunna bifvélavirkja Steina í Svissinum. Ólafur er nú önnum kafinn við skipulagningu og vekur á því athygli að öllum er heimil þátttaka á landsmótinu þótt ekki sé verra ef menn eiga Cadillac. Ekki er um neitt þátttökugjald að ræða. Ólafur er nú að skrá menn í klúbbinn og tekur við skráningum á icecad@gmail.com.

Eins og marga rekur minni til fóru þeir Einar og Ólafur í ferð til Bandaríkjanna eftir Route 66 sumarið 2006 á Cadillac í fylgd Jóhanns Páls útgefanda og Steina í Svissinum. Þeir rituðu um það bók sem kom út þá um haustið og bar heitið Úti að aka. Með í för var Sveinn M. Sveinsson hjá Plúsfilm sem gerði heimildarmynd um reisuna. „Já, nú spyrja sig margir hvenær sú mynd verði sýnd en það hefur nokkuð dregist hjá Plúsfilm að gera hana klára,“ segir Ólafur spenntur að sjá afraksturinn.

jakob@frettabladid.is

# Anita á Skjá einum

Íslensk dagskrárgerð á Skjá einum má muna sinn fífil fegri síðan Árni Þór og Kristján Ra fóru á kostum á upphafsárum stöðvarinnar. Íslensk framleiðsla hefur aldrei verið jafn lítil og síðasta vetur og enn dregst hún saman því enginn íslenskur þáttur verður á dagskránni í sumar. Tveir Íslendingar munu þó sjást á Skjánum, Anita Briem, sem fer með eitt aðalhlutverkið í spennuþáttunum The Evidence, og Huggy Ragnarsson, sem er einn dómaranna í Britain´s Next Top Model.

Anita Briem hefur að undanförnu reynt fyrir sér í Hollywood og leikur í sumar eitt aðalhlutverkanna á móti Brendan Fraser í stórmyndinni Journey to the Center of the Earth 3D. Í spennuþáttaröðinni The Evidence leikur hún lögreglukonuna Emily Stevens sem fæst við flókin sakamál í San Francisco. Þrátt fyrir að leikarinn Martin Landau léki í þáttunum náðu þeir ekki þeirri fótfestu sem að var stefnt og hætt var að framleiða The Evidence eftir átta þætti. Þættirnir voru upphaflega sýndir í Bandaríkjunum árið 2006.

Öllu nyrra efni er fjórða syrpa Britain's Next Top Model sem Skjárinn býður upp á í sumar. Íslenski ljósmyndarinn og fyrrverandi fyrirsætan Huggy Ragnarsson sér um dómgæslu í þættinum ásamt öðrum og verður því fulltrúi Íslands á Skjá einum í sumar ásamt Anitu.

- glh



**LÖGREGLUKONAN EMILY STEVENS** Anita Briem er ekkert lamb að leika sér við.

# Heimboð í Hafnarfjörð

## Afmælishátíð 29. maí - 1. júní

**Fjölmargir leggja leið sína í Hafnarfjörð nú um helgina. Vinsamlegast kynnið ykkur upplýsingar um lokanir, bílastæði, rútuferðir og almenningssamgöngur til Hafnarfjarðar. Nánari upplýsingar eru á www.hafnarfjordur.is.**

**Vinsamlegast kynnið ykkur lokanir á akstursleiðum og hvar hentugt er að leggja bílum á www.hafnarfjordur.is.**

**BOÐIÐ UPP Á RÚTUFERÐIR FRÁ NÁGRANNASVEITAFÉLÖGUM**

Ábendingar um lokanir í miðbæ Hafnarfjarðar á meðan afmælishátíðin varir:

| | |
|---|---|
| **Fimmtudagur**<br>**29.05.2008** | **Lokað frá kl. 08:00 – 16:00**<br>Strandgata frá Lækjargötu að Reykjavíkurvegi. |
| **Föstudagur**<br>**30.05.2008** | **Lokað frá kl. 10:00 – 18:00**<br>Strandgata frá Lækjargötu að Reykjavíkurvegi. |
| **Laugardagur**<br>**31.05.2008.** | **Lokað frá kl. 07:00**<br>**Reykjavíkurvegur við Flatahraun.**<br>**Vesturgata við Herjólfsgötu.**<br>**Lækjargata við Suðurgötu.**<br>**Strandgata við Flensborgartorg.** |
| **Vegna tónleika á Víðistaðatúni** | **Lokað frá kl. 11:00**<br>**Hjallabraut við Skjólvang.**<br>**Flókagata, Herjólfsgata og Vesturgata.**<br>**Hraunbrún við Reykjavíkurveg.** |
| **Sunnudagur**<br>**01.06.2008** | **Lokað kl. 08:00**<br>Strandgata milli Linnetstígs og Lækjargötu<br><br>**Lokað kl. 10:00**<br>Fornubúðir við Hvaleyrarbraut.<br>Óseyrarbraut við Stapagötu |




**Stoppistöðvar rútuferða – Boðið er upp á rútuferðir frá aðalbyggingum HÍ, HR, Borgarholtsskóla, Salaskóla og Fjölbraut í Garðabæ**

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 3, 6 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 6 | 12 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE FORBIDDEN KINGDOM | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN THE TIME OF... | kl. 5:30 - 8 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:40 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 3 - 5:30 | L |
| IRON MAN | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 3 | 10 |
| VALLEY OF ELAH síð. sýn. | kl. 8:15 | 16 |
| THE HUNTING PARTY síð. sýn. | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 4D -6:30D-9D-11:30D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 11:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 4 | L |
| U2 3D síðast sinn | kl. 3:20/3D | L |
| IRON MAN | kl. 6:30 - 9 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HAROLD AND KUMAR 2 | kl. 6 - 8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:50 | 12 |
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 11:00 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 8 - 10.50 | |
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 5.20 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 3.50 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 3.50 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Nokkrir bílar hægðu á sér

Bassaleikarinn Grímur Atlason var ekki fyrr orðinn bæjarstjóri á Bolungarvík en hann var kominn í hljómsveit fyrir vestan. Hljómsveitin fékk nafnið Grjóthrun og með Grími í bandinu eru þúsundþjalalæknirinn Lýður Árnason, bæjarstjórnarmaðurinn úr Vogunum Jón Elíasson og Húsvíkingurinn og fyrrum meðlimur Rotþróarinnar, Haraldur Ringsted. Lykilmaður sveitarinnar er svo rótarinn og dansarinn Falur Þorkelsson. Nú er fyrsta plata Grjóthruns komin út og heitir einfaldlega Grjóthrun. Í tilefni af útgáfunni tróð hljómsveitin upp í Óshlíðinni á miðvikudaginn.

„Það var sól og blíða þegar við komum en svo var ískalt í skugga fjallsins,“ segir Grímur. „Ég hélt ég myndi ekki hafa þetta af. Við spiluðum sex lög. Nokkrir bílar hægðu á sér og fólk vinkaði, en bara einn stoppaði. Það reyndist vera orkubússtjóri Vestfjarða sem fékk disk að launum. Við ætluðum að gefa fleiri en náðum ekki að stoppa fleiri bíla.“


**ÍSKALT Í SKUGGA FJALLSINS** Grjóthrun tekur lagið í Óshlíðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Grjóthrun spilar kröftugt rokk með ádeilutextum þar sem málefni líðandi stundar eru krufin; kvótakerfið, fólksflutningar, auðsöfnun og framtíðarhorfurnar, svo eitthvað sé nefnt. „Grjóthrun er gleðiband og við reynum að hafa ádeiluna fyndna,“ segir Grímur. Þótt hann hafi hrakist úr bæjarstjórastólnum nýlega segir hann hljómsveitina Grjóthrun komna til að vera. „Lýður er kominn í fæðingarorlof og hefur því tíma fyrir bandið. Hann eignaðist son 1. maí, sem er auðvitað kallaður Verkalýður. Svo á ég mitt hús á Bolungarvík og verð þar með annan fótinn. Við Lýður hittumst oft til að glamra, enda báðir Bítlaaðdáendur. Það eru ný lög farin að hlaðast inn, til dæmis eitt þar sem textinn er „Mellur og mógadon? Hvorugt, bara Mugison við og við“.“

Tilkynnt verður síðar um útgáfutónleika Grjóthruns en platan ætti að vera komin í allar alvöru plötubúðir.

- glh

# Sex mánaða tónleikaferð

**Ólafur Arnalds er á leiðinni í sex mánaða tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir frumburði sínum Eulogy for Evolution, sem kom út hérlendis á síðasta ári, sem og EP-plötunni Variations of Static sem er nýkomin út.**

„Ég hlakka bara til. Ég var að hætta í skólanum og mun verða á ferðalögum næsta vetur,“ segir Ólafur, sem stundar tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands.

Með honum í för verður strengjakvartett og verður troðið upp á alls konar stöðum. „Þetta er allt frá því að vera kirkjur upp í leikhús eða bíósali en svo eru þetta líka venjulegir tónlistarklúbbar,“ segir hann og bætir því við að hann sé einnig bókaður á átta tónlistarhátíðir í Evrópu í sumar.

Fyrstu tónleikar Ólafs verða í kirkju í Dortmund í Þýskalandi á laugardag og eftir það tekur hvert Evrópuríkið við á fætur öðru áður en ferðinni verður heitið til Norður-Ameríku og Asíu. Á tónleikunum spilar Ólafur á píanó og notast einnig við rafræna hljóma.

## Tölva sem tjáir tilfinningar

Ólafur tók nýju plötuna, Variations of Static, upp í nóvember og segir hana nokkuð frábrugðna þeirri fyrstu. „Þetta voru lög sem ég átti til og langaði að gefa út áður en þau yrðu of gömul. Þessi plata er aðeins minna epísk og mínimalískari en hin. Síðan er ég byrjaður að nota elektróník líka,“ segir hann.

Athygli vekur að Ólafur notast við tölvurödd á plötunni en hún er hluti af hugmyndafræðinni á bak við hana. „Þarna er tölva að tala um mannlegar tilfinningar, sem er svolítið súrrealískt. Hvaðan kemur þetta sem við köllum sál og tilfinningar og af hverju er það svona skrítið fyrir okkur að tölvur gætu haft svoleiðis líka ef þær væru jafnfullkomnar og mannslíkaminn?“ segir Ólafur.

## Frábærir dómar

Fyrsta plata hans fékk frábærar viðtökur þegar hún kom út í Evrópu í fyrra, þar á meðal hjá bresku tímaritunum Clash Magazine og Drowned in Sound. Lenti hún jafnframt ofarlega á mörgum topplistum í lok ársins. „Ég gerði bara plötu og sendi frá mér. Ég bjóst við að hún fengi góða dóma en kannski ekki svona dóma,“ segir hann.


**ÓLAFUR ARNALDS** Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds er á leiðinni í tónleikaferðalag um heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ólafur, sem er aðeins 21 árs, er með útgáfusamning við tvö erlend plötufyrirtæki, Progressive Records og Erase Tapes, sem sjá um að gefa plötur hans út víðs vegar um heiminn. Hann gefur aftur á móti nýju plötuna sína út sjálfur hér heima en 12 Tónar sjá um dreifingu.

freyr@frettabladid.is


SparBíó 550kr í dag föstudag

SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS



FORBIDDEN KINGDOM kl. 3 í Álfabakka og kl. 6 á Akureyri
SEX AND THE CITY kl. 5 í Kringlunni og í Keflavík
INDIANA JONES 4 kl. 3 í Álf., kl. 4 í Kri., kl. 5:30 á Self. og Í Keflavík
IRON MAN kl. 3 í Álfabakka
NIMS ISLAND kl. 3 í Álfabakka og kl. 4 í Kringlunni
DRILLBIT TAYLOR kl. 3 í Álfabakka


Harpa
Litafræðingur og klippari

Erum komin yfir á 101 hárhönnun

Bjóðum alla velkomna í stólinn til okkar.

Sími: 551-3130


Fannar
klippari


Hulda
Klippari


3 DAGA
TILBOÐ
Á ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
2 DAGAR EFTIR
ÞÚ SPARAR 20.000
20.000 KR AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
Tilboð gilda dagana 29-31 maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
2 DAGAR EFTIR
FÖSTUDAGUR
10:00 - 18:30
LAUGARDAGUR
11:00 - 16:00

## > Atvik umferðarinnar

Rauða spjaldið hjá Stefáni Þórðarsyni. Stefán fékk réttilega gult spjald í upphafi leiks ÍA og Keflavíkur. Annað spjald hans var þó umdeilt og hefur uppskorið mikið fjaðrafok síðan. Þjálfari ÍA var ómyrkur í máli í garð dómarans eins og má meðal annars lesa um hér fyrir neðan.

## > Bestu ummælin

„Ég vildi fá að sjá þrektölur hjá dómaranum, ég vildi fá að sjá fituprósentuna hjá honum, ég vildi fá að sjá úthaldstölurnar hans,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, við Stöð 2 Sport eftir 3-1 tap í Keflavík. Hann var ósáttur með störf Ólafs Ragnarssonar í leiknum.



# sport

sport@frettabladid.is

**4. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: HASARINN HELDUR ÁFRAM**

## *Sterkar skoðanir og markaveisla*

FH-ingar sýndu styrk sinn í fjórðu umferðinni og héldu sigurgöngu sinni á KR gangandi. FH hefur spilað afar vel og er í öðru sætinu á eftir Keflavík sem situr eitt á toppnum. FH vann í stórleik umferðarinnar en leikur Keflavíkur og ÍA var sá umtalaðasti.

Guðjón Þórðarson liggur sjaldan á skoðunum sínum og eru ummæli hans eftir leikinn nú til skoðunar hjá aganefnd KSÍ. Guðjón sakaði dómara um að stimpla Skagamenn, og sérstaklega Stefán Þórðarson sem fékk rautt spjald í leiknum. KSÍ neitar því staðfastlega.

Annar athyglisverður leikur var stórsigur Grindvíkinga á Blikum. Fimm mörk Suðurnesjaliðsins í fyrri hálfleik voru ótrúleg sjón hjá liði sem hafði aðeins skorað eitt mark í þremur leikjum.

Valsmenn buðu til veislu á Vodafone-vellinum og fóru með sigur á nýliðum Fjölnis. Þóttu þeir heppnir að taka öll stigin gegn frísku Fjölnisliði sem sýndi enn og aftur að það er til alls líklegt.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 19, Keflavík
**Flest skot á mark:** 10, Grindavík
**Fæst skot:** 4, Fram
**Hæsta meðaleink.:** 7,0 Grindavík
**Lægsta meðaleink.:** 3,86, Breiðab.
**Grófasta liðið:** 23 brot, ÍA
**Prúðasta liðið:** 7 brot, Fylkir
**Flestir áhorf.:** FH-KR, 2.249
**Fæstir áhorf.:** Breiðab.-Grin., 965
**Áhorfendur alls:** 8.800

**> Besti dómarinn:** Garðar Örn Hinriksson fékk níu í einkunn fyrir frammistöðu sína í Kaplakrika. Hann dæmdi leik FH og KR og stóð sig með miklum sóma.

# Ekkert í Grindavík nema fótboltinn

**Tomasz Stolpa átti stórleik fyrir Grindavík gegn Breiðabliki og er maður 4. umferðar Landsbankadeildarinnar. Hann er atvinnumaður hér á landi og líkar vel þrátt fyrir takmarkað skemmtanalíf í Grindavík.**

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar sýndu loksins að þeir kunna alveg að spila fótbolta í 6-3 sigrinum á Blikum á mánudag. Tomasz Stolpa og Scott Ramsey báru af, sá fyrrnefndi skoraði tvö og lagði upp eitt og er maður 4. umferðar Landsbankadeildarinnar hjá Fréttablaðinu.

Stolpa kom til Íslands frá Svíþjóð þar sem hann spilaði síðast með Gefle en þar áður Enköping. Hann viðurkennir sjálfur að hann hafi ekki alltaf verið á skotskónum en hann var þó markahæsti leikmaður 2. deildar í Póllandi, heimalandi sínu, áður en hann fór til útlanda á vit ævintýra.

Nú er hann kominn til Íslands. „Mig langaði að spila reglulega í níutíu mínútur og sá Ísland sem kjörinn vettvang fyrir það. Tilboðið frá Grindavík var mjög gott og bar skjótt að. Ég tók mér ekki langan umhugsunarfrest og ákvað að stökkva á þetta. Ég vissi ekki neitt um landið eða fótboltann hérna,“ sagði Stolpa, sem gerði fimm mánaða samning. Hann hefur spilað í öllum leikjum Grindavíkur til þessa.

Hann kemur til Íslands í atvinnumennsku. Stolpa býr í Grindavík og fékk íbúð og bíl við undirskrift. „Þetta er mjög lítill bær, hér er ekki neitt að gera. En þetta er ágætt, Reykjavík er nokkuð nálægt. Ég hef annars ekki mikið að gera hérna. Ég var reyndar að koma úr Bláa lóninu, sem var fínt. Ég þarf að finna mér eitthvað að gera, kannski fer ég að veiða,“ sagði Stolpa glaðbeittur og bætti við að hann prófaði kannski golf.

Á vefsíðu Grindavíkurbæjar er tekið fram að helstu skemmtanirnar séu við höfnina, hestaleigan og gönguleiðirnar sem upplýsi um leyndardóma hraunsins sem umkringir bæinn.

Stolpa segist hugsa vel um sjálfan sig og er ánægður með að geta einbeitt sér að fótboltanum. „Ég hef nægan tíma til að hugsa um mig og fótboltann, það er jákvætt,“ segir atvinnumaðurinn. Hann segir launin á Íslandi vera ágæt en erfitt sé að bera þau saman við launin á Norðurlöndunum, þau séu þó áberandi hæst í Noregi.

Gæði fótboltans á Íslandi koma Stolpa einnig á óvart. „Deildin er miklu betri en ég hélt, hér eru góð lið og margir góðir leikmenn. Sumir hafa spilað í mjög góðum liðum. Það er þó erfitt að bera deildirnar á Norðurlöndunum saman.“

Leikmenn Grindavíkur hafa boðið Stolpa velkominn en hann er einn nokkurra erlenda leikmanna hjá félaginu. „Strákarnir eru skemmtilegir og meira að segja stjórnin hefur verið að hjálpa mér að koma mér fyrir. Það hefur hjálpað mér mikið. Allir eru að bjóða mér heim til sín í kaffi,“ sagði framherjinn.

Stolpa segir að Grindavíkurliðið sé betra en taflan gefi til kynna. „Við erum með gott lið, óheppnin hefur elt okkur. Vonandi náum við að halda þessu áfram eftir sigurinn gegn Breiðabliki,“ sagði Tomasz Stolpa.

hjalti@frettabladid.is



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Grindavíkur flykkjast að Stolpa eftir fyrra mark hans gegn Breiðabliki í 6-3 sigri Grindavíkur á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KOMINN HEIM** Birkir skrifaði undir þriggja ára samning. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Birkir Ívar Guðmundsson:

## Skrifaði undir hjá Haukum

**HANDBOLTI** Birkir Ívar Guðmundsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við Hauka. Þetta staðfesti Aron Kristjánsson, þjálfari liðsins, í gær.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Birkir myndi skrifa undir hjá Haukum, svo lengi sem ekkert annað erlendis kæmi upp. Birkir sagði þá að Haukar hefðu alltaf verið sinn fyrsti kostur, svo framarlega sem félagið vildi hann aftur. Mikill áhugi reyndist fyrir því.

Birkir kemur heim í heiðardalinn en hinn 32 ára gamli markmaður lék með liðinu áður en hann gekk í raðir Lübbecke í Þýskalandi árið 2006. - hþh




Markaskorari Wales vissi ekki hvar Ísland var:

## „Þetta var algjört heppnismark hjá mér“

**FÓTBOLTI** Ched Evans, hinn nítján ára gamli leikmaður Manchester City sem skoraði sigurmarkið í leiknum gegn Íslandi, viðurkenndi tvennt eftir leikinn á miðvikudag. Í fyrsta lagi að um algjört heppnismark hefði verið að ræða og að hann hefði ekki haft hugmynd um hvar Ísland var áður en hann kom í leikinn. Markið skoraði Evans með skemmtilegri hælspyrnu.

„Þetta var algjört heppnismark hjá mér, ég er ekki vanur að reyna svona hluti en ég er ánægður með að það borgaði sig,“ sagði Evans kampakátur. „Hann stal senunni og á allan rétt á því að vera ánægður,“ sagði John Toshack, þjálfari Wales, við BBC.

Með sinni fyrstu snertingu með landsliði Wales tryggði hann Wales þriðja sigurleikinn í röð en hann skrifaði nýverið undir nýjan þriggja ára samning við City. „Þessir landsleikir eru ekki jafn auðveldir og þeir líta út fyrir að vera,“ gantaðist Evans.

Liðsmenn Wales voru afar ungir og viðurkennir Evans að sér hafi liðið eins og hann væri að spila landsleik með 21 árs liði landsins. „Þetta var frábært af því ég á svo marga vini í þessu liði. Þetta var eins og að spila fyrir U21 árs liðið og ég fann því ekki fyrir jafn mikilli pressu, auk þess sem ég þekkti svo marga liðsfélaga mína,“ sagði markaskorarinn Ched Evans.

Toschack hrósaði Evans í hástert eftir leikinn. „Þetta er ástæðan fyrir því að City samdi við hann aftur,“ sagði þjálfarinn en Evans var lánaður til Norwich á síðasta tímabili. - hþh



**HEPPNISMARK** Evans fagnað eftir sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**FÆRIR SIG UM SET** Gylfi Gylfason skrifaði undir tveggja ára samning við Minden. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gylfi Gylfason skiptir um lið:

## Kominn til Minden

**HANDBOLTI** Handknattleikskappinn Gylfi Gylfason hefur ákveðið að ganga til liðs við þýska úrvalsdeildarliðið Minden. Hann lék áður með Wilhelmshaven, sem féll úr úrvalsdeildinni á nýafstöðnu keppnistímabili.

Samkvæmt heimasíðu Minden samdi Gylfi til tveggja ára við félagið. Annar Íslendingur, Einar Örn Jónsson, hefur sem kunnugt er leikið með Minden undanfarin ár en hann heldur heim á leið í sumar og mun leika með Haukum næsta vetur.

„Liðið náði að halda flestum af sínum bestu leikmönnum en það þarf þó að sýna stöðugari leik en áður. Ég hef fulla trú á því að það verði raunin,“ sagði Gylfi við heimasíðu Minden. „Ég er maður liðsheildarinnar og geri allt fyrir liðið,“ bætti hann við. - óþ

GEGGJUÐ TILBOÐ • NOTAÐ • NÝTT • LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐ • SUMAR ÚTSALAN ER AÐEINS Í VERSLUN TÖLVULISTANS NÓATÚNI 17, REYKJAVÍK

# ÓTRÚLEG TILBOÐ • TAKMARKAÐ MAGN

# SUMAR ÚTSALA

Nú færðu ekki ódýrari ljósmyndaprentara
FRÁ 4.990

Flottar fartölvur á geggjuðu tilboði
FRÁ 29.900

Örgjörvar til að auka afl og afköst í græjunni
FRÁ 1.990

Móðurborð til að uppfæra gömlu græjuna almennilega
FRÁ 990

5.1 surround hátalarakerfi á fáránlegu verði
FRÁ 3.990

Hýsingar utan um harða diska á tilboðsverði
FRÁ 990

Minniskort fyrir myndirnar þínar
FRÁ 990

Harðir diskar á ótrúlegu tilboðsverði
FRÁ 2.990

Flottar mýs á besta verðinu
FRÁ 990

Nú er tíminn til að stækka vinnsluminnið í tölvunni þinni
256MB DDR2 fartölvuminni verð frá 490
512MB DDR2 fartölvuminni verð frá 990
1GB DDR2 fartölvuminni verð frá 1.990
512MB DDR2 borðtölvuminni verð frá 990
1GB DDR2 borðtölvuminni verð frá 1.990
256MB DDR borðtölvuminni verð frá 990
512MB DDR borðtölvuminni verð frá 1.990

Úrval af heyrnatólum á sérstöku útsöluverði
FRÁ 790

Flottir DVD skrifarar á rugl verði
FRÁ 1.990

Turnkassar í miklu úrvali allar stærðir einstakt verð
FRÁ 1.990

Þráðlaus netkort á frábæru verði
FRÁ 990



Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • ALDREI AÐ VITA HVAÐ ÞÚ FINNUR

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Verðhrun

LAGERSALA
síðustu dagar



30-80% AFSLÁTTUR



VASKAR
HELLUBORÐ
MATVINNSLUVÉLAR
INNBYGGÐIR
ÍSSKÁPAR
FRYSTISKÁPAR
OFNAR
HÁFAR
VIFTUR

vilborga@centrum.is



Lagersala Eirvíkur að Suðurlandsbraut 20

OPNUNARTÍMAR:
kl. 10-18 fimmtudag 29. maí
kl. 10-18 föstudag 30.maí
kl. 11-15 Laugardag 31. maí

Einstakt tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.

smeg hönnun og gæði | elica Collection | magimix | Roblin | LIEBHERR | Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



**ÞJÁLFARARNIR** Guðmundur Guðmundsson sést hér stýra æfingu í Wroclaw í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HENRY BIRGIR

# Stilli upp mínu sterkasta liði

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari lítur ekki á leikinn gegn Argentínu sem einhverja hvíld heldur ætlar hann að keyra af fullum krafti í dag.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið kom til pólsku borgarinnar Wroclaw frá Magdeburg í gær. Strákarnir tóku sína fyrstu æfingu í hinni glæsilegu Hala Stulecia-höll í gær og gekk æfingin ágætlega. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var nokkuð brattur eftir æfinguna.

„Við erum fullir eftirvæntingar. Það er mjög góður andi í hópnum og mér finnst vera gott jafnvægi. Nú þurfum við að koma með það góða úr Spánverjaleikjunum og þétta vörnina. Við ætlum okkur að ná takmarki okkar hérna,“ sagði Guðmundur eftir æfinguna. Hann sagði ástandið á hópnum vera nokkuð gott en einna helstu áhyggjurnar eru af Alexander Petersson, sem er slæmur í ökklunum.

Guðmundur valdi í gær fjórtán manna hóp sem mun spila þessa þrjá leiki og þeir þrír sem eru utan hans eru Björgvin Páll Gústavsson, Bjarni Fritzson og Hannes Jón Jónsson. Guðmundur má kalla einn þeirra inn meiðist einhver í liðinu en þarf þá að sýna fram á læknisvottorð fyrir manninn sem hann tekur meiddan út.

Þó svo að andstæðingur dagsins sé fyrir fram talinn vera frekar veikur ætlar Guðmundur ekki að falla í þá gryfju að vanmeta Argentínumenn og stefnan er ekki að ná einhverri hvíld í leiknum.

„Það verður keyrt á verkefnið af fullum krafti. Argentína er sýnd veiði en ekki gefinn og við vitum það. Ef við mætum ekki af fullum krafti þá getur hæglega farið illa. Ég krefst algjörrar einbeitingar og menn eiga ekki að spara orku. Ég mun stilla upp mína sterkasta liði frá byrjun og keyra á þá af fullu gasi,“ sagði Guðmundur ákveðinn á svip.

„Ég ætla kannski ekki að sýna alla ásana mína í þessum leik og ég er með ákveðið plan sem ég vil ekki endilega tala of mikið um núna. Svo er að sjá hvort við náum að halda því. Þetta hús er annars stórkostlegt og það verður verulega gaman að spila hérna um helgina,“ sagði Guðmundur en hann sagðist aðspurður ekki geta svarað því hvort hann vildi að Svíþjóð eða Pólland ynni á morgun.

„Ég vil bara hugsa um okkur. Það skiptir öllu máli.“



UNDANKEPPNI ÓL
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Póllandi
henry@frettabladid.is

Ísland hefur leik í undankeppni ÓL gegn Argentínu:

## Fyrsta lotan léttust

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið hefur leik í undankeppni Ólympíuleikanna í Wroclaw í Póllandi í kvöld. Ísland er í ákaflega sterkum riðli en aðeins tvær þjóðir af fjórum munu vinna sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Peking sem fram fara í ágúst.

Móthterjar Íslands í riðlinum eru Svíþjóð, Pólland og Argentína og fyrsta verkefni strákanna okkar er Argentínumenn, sem eru ekki þekktir fyrir mikil afrek á handboltasviðinu en eru þó með eitt öflugasta liðið í Suður-Ameríku. Nokkur hefð er fyrir handbolta í grunnskólum þar á bæ en þegar skólaskyldu lýkur fara flestir í fótbolta eða snúa sér að öðru.

Argentínumenn hafa sífellt verið að bæta sig í greininni og komust til að mynda í heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi árið 2006. Þeir riðu ekki feitum hesti frá því móti; töpuðu fyrir Pólverjum, 29-15, sem og Þjóðverjum, 32-20, en lögðu granna sína frá Brasilíu, 22-20.

Í keppni neðstu liðanna lagði Argentína lið Kúvæt, 28-25, en tapaði naumlega fyrir Úkraínu, 23-22. Úkraína lagði einmitt íslenska liðið í riðlakeppninni en komst þrátt fyrir það ekki áfram. Frækinn sigur Íslands á Frakklandi sá til þess.

Argentínumenn tóku þátt í alþjóðlegu móti á Spáni fyrr á árinu gegn sterkum þjóðum og árangurinn þar gefur ágæta mynd af styrkleika liðsins, sem tapaði fyrir Spánverjum, 31-25, og var kjöldregið af Frökkum, 29-15. Það lagði aftur á móti lið Svartfellinga, 25-16.

Ef við förum í klisjurnar má segja að Argentína sé sýnd veiði en ekki gefin. Íslenska liðið verður að mæta rétt stemmt til leiks og klára þennan leik, sem á að vera skyldusigur. Mæti liðið aftur á móti til leiks með sama hugarfari og gegn Úkraínu 2006 gæti farið illa.

- hbg



**HAUSINN VERÐUR AÐ VERA Í LAGI** Róbert Gunnarsson og félagar geta ekki leyft sér neitt kæruleysi líkt og gegn Úkraínu 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsliðsfyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir skoðar aðstæður hjá dönsku félagi:

# Frederikshavn eða Stjarnan?

**HANDBOLTI** Rakel Dögg Bragadóttir mun fara til Danmerkur eftir leikina gegn Rúmeníu með íslenska landsliðinu til að skoða aðstæður hjá danska félaginu Frederikshavn. Félagið féll úr dönsku úrvalsdeildinni á vordögum og leikur því í næstefstu deild á næsta tímabili.

Rakel hefur verið í sambandi við félagið en það hefur enn ekki boðið henni samning. „Ég mun skoða þetta betur eftir verkefnið með landsliðinu, ég er algjörlega að einbeita mér að því núna," sagði Rakel. „Ég mun taka ákvörðun eftir að ég fer út að skoða þetta."

Rakel segir að það komi ekkert annað til greina en þetta lið úti og ef hún semji ekki við það verði hún áfram í herbúðum Stjörnunnar. „Það er bara þetta lið eða Stjarnan."

Rakel varð Íslandsmeistari með Stjörnunni en í Danmörku gæti hún hitt fyrir Guðbjörgu Guðmannsdóttur, sem leikið hefur undanfarin tvö ár með Frederikshavn. Félagið komst upp í úrvalsdeildina árið 2006 en fór beint niður aftur í ár. Það endaði í neðsta sæti deildarinnar og vann fimm leiki af 22. **- hþh**



**MEISTARAR** Rakel fagnar Íslandsmeistaratitilinum. Hún gæti verið á leiðinni til Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HÓPURINN

**Markmenn:**

| | |
|---|---|
| Berglind Hansdóttir | (Valur) |
| Íris Símonardóttir | (Grótta) |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir | (Grótta) |
| Arna Sif Pálsdóttir | (HK) |
| Dagný Skúladóttir | (Valur) |
| Hanna Stefánsdóttir | (Haukar) |
| Hildigunnur Einarsdóttir | (Valur) |
| Hrafnhildur Skúladóttir | (SK Århus)* |
| Karen Knútsdóttir | (Fram) |
| Rakel Dögg Bragadóttir | (Stjarnan) |
| Rut Jónsdóttir | (HK) |
| Sara Sigurðardóttir | (Fram) |
| Sigurbjörg Jóhannsdóttir | (Fram) |
| Sólveig Kjærnested | (Stjarnan) |
| Stella Sigurðardóttir | (Fram) |
| Sunna María Einarsdóttir | (Fylkir) |
| Þórey Rósa Stefánsdóttir | (Fram) |

*Hrafnhildur Skúladóttur leikur landsleiki númer 99 og 100 gegn Rúmenum.*

Íslenska kvennalandsliðið:

## Þrjár tæpar vegna meiðsla

**HANDBOLTI** Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, valdi sautján leikmenn fyrir leikina gegn Rúmeníu í undankeppni EM. Fyrri leikurinn er hér heima á sunnudag en sá síðari um aðra helgi ytra.

Karen Knútsdóttir er eini nýliðinn en hún er ein fjögurra leikmanna sem eiga við smávægileg meiðsli að stríða. Júlíus valdi því sautján leikmenn í stað sextán.

Auk hennar hafa Arna Sif Pálsdóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir glímt við meiðsli en allar verða þær væntanlega til í slaginn fyrir fyrri leikinn á sunnudag. **- hþh**



**HÆTTUR** Marcus Ahlm var einn besti leikmaður Svía. NORDICPHOTOS/GETTY

Sænska landsliðið:

## Ahlm ekki með

**HANDBOLTI** Einn besti línumaður heims, Marcus Ahlm sem leikur með þýska meistaraliðiu Kiel, er ekki í leikmannahópi Svía um helgina.

Ahlm hefur lagt landsliðsskóna á hilluna en það er mikið áfall fyrir Svía enda Ahlm lykilmaður bæði í vörn og sókn. **- hbg**



**95 ÁRA** Höllin í Wroclaw hefur séð tímanna tvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/HENRY BIRGIR

Leikstaðurinn í Póllandi:

## Höllin frá 1913

**HANDBOLTI** Hala Stulecia-höllin þar sem leikið verður um helgina er stórglæsileg.

Húsið var byggt á árunum 1911-1913 þegar Wroclaw var hluti af Þýskalandi.

Húsið er með háu þaki og hátt upp í loft. Áhorfendur sitja allan hringinn en húsið tekur alls 6.400 manns í sæti. Húsið hefur látið verulega á sjá að utan en er einstaklega glæsilegt að sjá að innan og er með sérstakari íþróttahöllum sem undirritaður hefur séð. **- hbg**



**TEYGJUR OG ARMBEYGJUR** Björgvin Páll Gústavsson og Einar Hólmgeirsson á æfingunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HENRY BIRGIR

Meiðsli íslenska landsliðsins:

## Ekkert alvarlegt

**HANDBOLTI** Leikmannahópur íslenska liðsins er í tiltölulega góðu standi og eru engar stórvægilegar áhyggjur að mati landsliðsþjálfarans.

Alexander Petersson er slæmur í báðum ökklum og svo eru Arnór Atlason og Sigfús Sigurðsson að glíma við smávægileg hnémeiðsli. Aðrir eru algjörlega klárir í slaginn.

„Það er sem betur fer ekki mikið að gera og ég vona að það breytist ekkert," sagði Brynjólfur Jónsson, læknir landsliðsins. **- hbg**





## > Audrey Tautou

Franska leikkonan Tautou vakti fyrst athygli í hlutverki Amélie í samnefndri kvikmynd. Eftir það mynd fékk hún fjölda tilboða frá Hollywood en ekkert sem henni fannst spennandi. Hún hélt því áfram að leika í frönskum kvikmyndum, þar til henni var boðið að leika í myndinni The Da Vinci Code sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HORFÐI Á SEVEN AGES OF ROCK

# *Í fullorðinna manna tölu með Axl Rose*

Rokkið fæddist þegar The Who leyfði sviðinu og áhorfendum að éta hljóðfærin hennar og Bob Dylan sagði áhorfendum að fara til fjandans þegar hann steig á sviðið, vopnaður rafmagnsgítar. Áhorfendur töldu að þarna hefði alþýðuhetjan svikið málstaðinn og gengið í lið með markaðsöflunum og hikuðu ekki við að kalla Dylan Júdas. Rolling Stones flutti fagnaðarerindið með Satisfaction og Sympathy for the Devil og unga fólkið breyttist úr hlýðnum skólabörnum í uppreisnargjarnt hugsjónafólk.

Þetta kom fram í heimildarmyndinni Seven Ages of Rock sem sýnd var á RÚV síðastliðið miðvikudagskvöld. Óneitanlega leit þessi tími út fyrir að vera rómantískur og maður hálföfundaði bæði mömmu og pabba sem fengu þarna tækifæri til að upplifa „alvöru" breytingar í kringum sig.

Sjálfur kynntist maður rokkinu eftir að hafa hlustað á Herreys og Jackson af barnslegri einlægni



við fermingu. Eldri bróðirinn taldi nefnilega að krossar, sálmabækur eða kirkjulegri athöfn færðu mann ekki í fullorðinna manna tölu heldur væri slík vígsla fólgin í tónlist. Þegar fermingargjöfin var opnuð blasti hvorki við diskur með James Taylor né nafna hans Gallway heldur tveir diskar með Guns N' Roses. Veislugestum svelgdist því heldur betur á þegar Axl Rose hóf upp raust sína með ákaflega þéttu og vönduðu lagi úr annarri Terminator-myndinni, You Could Be Mine. Ég bíð því spenntur þegar þeirri sukksömu sveit verða gerð skil í rokkþættinum og mun því vonandi upplifa sömu nostalgíu og eldri kynslóðin hefur vafalítið upplifað á miðvikudagskvöldið.

## EKKI MISSA AF



▶ **15.45** Ísland - Argentína SJÓNVARPIÐ



▶ **19.15** World's Strongest Man STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.55** America's Got Talent STÖÐ 2



▶ **20.45** Twenty Four 3 STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Svalbarði SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

▶**15.45 Landsleikur í handbolta** Ísland-Argentína. Bein útsending frá Wroclav í Póllandi.
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 Bangsímon, Tumi og ég** (22:26)
**18.15 Ljóta Betty** (6:23) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Simone** Bandarísk bíómynd frá 2002. Þegar kvikmyndastjarna hættir skyndilega störfum bregður leikstjórinn á það ráð að búa til staðgengil fyrir hana í tölvu. Sú tölvugerða slær rækilega í gegn og allir halda að hún sé alvörumanneskja. Aðalhlutverk: Al Pacino, Winona Ryder, Jay Mohr, Catherine Keener, Evan Rachel Wood og Rachel Roberts.
**22.10 Húrra hóra!** Sænsk verðlaunamynd frá 2004. Sofie, 13 ára, fær á sig óorð eftir að hún drekkur sig fulla og drepst í partíi og strákar taka af henni djarfar myndir. Leikstjóri er Teresa Fabik og meðal leikenda eru Amanda Renberg, Björn Kjellman, Ellen Fjæstad og Linn Persson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.40 Fé án hirðis** (Double Take) Bandarísk bíómynd frá 2001. Eftir að ungur maður flettir ofan af grunsamlegri peningafærslu flækist fólkið í kringum hann í háskalegan blekkingavef og ekki er gott að átta sig á því hverjum er treystandi. Aðalhlutverk: Orlando Jones, Eddie Griffin, Gary Grubbs og Garcelle Beauvais. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 The Da Vinci Code**
**08.40 D.E.B.S.**
**10.10 Home for the Holidays**
**12.00 Over the Hedge**
**14.00 D.E.B.S.**
**16.00 Home for the Holidays**
**18.00 Over the Hedge**
**20.00 The Da Vinci Code** Dularfullt morð tengist fornri leynireglu, leitinni að hinum heilaga gral og leyndardómnum á bak við Maríu Magdalenu.
**22.25 Cyper**
**00.25 The Island**
**02.40 My Name Is Modesty**
**04.00 Cyper**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Oprah**
**08.45 Kalli kanína og félagar**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Homefront**
**10.55 Matur og lífsstíll** (10:12)
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Punk'd** (7:16)
**15.25 Bestu Strákarnir** (30:50) (e)
**15.55 Galdrastelpurnar** (10:26)
**16.18 The Fugitives**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 Ben 10**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons** (10:20) Nítjánda þáttaröðin um gulustu fjölskyldu í heimi. The Simpsons hefur fyrir alllöngu síðan skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu.
▶**19.55 America's Got Talent** (5:12) Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafin enn á ný, nú ennþá veglegri og skemmtilegri en síðast. Dómararnir Pierce Morgan og David Hasselhoff hafa fengið frábæran liðsstyrk því Sharon Osbourne hefur bæst í hópinn. Kynnir þáttanna er Jerry Springer. Hér er á ferð hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
**21.00 So I Married an Axe Murderer** Gamanmynd með Mike Myers í aðalhlutverki.
**22.30 Days of Thunder** Tom Cruise leikur kokhraustan ökuþór sem slasast illa í keppni. Á sjúkrahúsinu heillast hann af ungum heilaskurðlækni, leiknum af Nicole Kidman.
**00.15 Radioland Murders** (e)
**02.00 Fled**
**03.35 Heartlands**
**05.05 The Simpsons** (10:20)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA-körfuboltinn -** San Antonio - LA Lakers
**17.25 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.20 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin og tímabilið framundan skoðað.
**18.45 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
▶**19.15 World's Strongest Man** Nú er röðin komin að keppninni 1986. Jón Páll var sterkastur 1984 en varð að sætta sig við annað sæti árið eftir. Íslenski víkingurinn mætti öflugur til leiks, staðráðinn í að endurheimta titilinn.
**20.15 NBA-körfuboltinn** San Antonio - LA Lakers
**22.15 No Limit Hold ´Em** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.05 7 Card Stud**
**23.55 Timeless** Íþróttahetjur af öllum stærðum og gerðum.
**00.25 NBA körfuboltinn** Detroit - Boston Bein útsending.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Bestu leikirnir** Tottenham - Reading
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 Football Rivalries** Liverpool v Man. Utd. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Liverpool og Man. Utd innan vallar sem utan og einnig skoðaður rígur Benfica og Porto.
**21.30 10 Bestu** Fyrsti þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en í þessum þætti verður fjallað um Pétur Pétursson og hans feril.
**22.20 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**23.20 PL Classic** Matches Tottenham - Man. Utd., 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**23.50 PL Classic** Matches Arsenal - Leeds, 02/03. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Snocross** (e)
**16.55 Leiðin að titlinum** (e)
**17.45 Rachael Ray** Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 One Tree Hill** (e)
**20.10 Survivor: Micronesia** (13:15) Nú eru það aðdáendur þáttanna sem spreyta sig gegn keppendum úr fyrri Survivor-seríum.
▶**21.00 Svalbarði** (9:10) Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur.
**22.00 Ungfrú Ísland 2008** Bein útsending frá Broadway þar sem Fegurðardrottning Íslands 2008 verður krýnd.
**00.00 Secret Diary of a Call Girl** Bresk þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Vinir og vandamenn halda að Hannah sé í virðulega starfi en kúnnarnir þekkja hana sem Belle de Jour. (e)
**00.30 The Eleventh Hour** (5:13) Þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni.
**01.20 Professional Poker Tour** (22:24) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir. Í hverju móti er hálf milljón dollara í pottinum.
**02.50 Brotherhood** (e)
**03.50 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**04.40 World Cup of Pool 2007** (e)
**05.30 C.S.I.** (e)
**06.10 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





## VINSÆLUSTU DAGSKRÁRLIÐIRNIR 19.-25. MAÍ*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | SJÓNVARPIÐ | Eurovision úrslit (laugardag) | 91.4% |
| 2 | SJÓNVARPIÐ | Eurovision forkeppni (fimmtudag) | 85.4% |
| 3 | SJÓNVARPIÐ | Eurovision forkeppni (þriðjudag) | 73.0% |
| 4 | SJÓNVARPIÐ | Skyndiréttir Nigellu (Nigella Express) | 37.8% |
| 5 | SJÓNVARPIÐ | Á kvennavistinni (Sorority Boys) | 37.4% |
| 6 | STÖÐ 2 SPORT | Meistaradeildin - úrslitaleikur | 37.2% |
| 7 | SJÓNVARPIÐ | Fréttir (meðaltal) | 37.0% |
| 8 | SJÓNVARPIÐ | Konuilmur (Scent of a Woman) | 36.8% |
| 9 | SJÓNVARPIÐ | Sjávarlífið (The Life Aquatic) | 32.9% |
| 10 | SKJÁREINN | Eureka | 30.2% |

SJÓNVARPIÐ TAKK FYRIR AÐ HORFA

*Samkvæmt rafrænum áhorfsmælingum Capacent. Uppsafnað áhorf 12-80 ára.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 00.25
### Detroit-Boston BEINT



Það verður hart barist í viðureign Detroit og Boston í nótt en með sigri tryggir Boston sér sæti í úrslitum NBA-körfuboltans. Staðan í einvíginu er 3-2 fyrir Boston og þarf Detroit því að sigra í kvöld til að tryggja sér oddaleik. Liðin hafa skipst á að sigra í einvíginu og ef slíkt heldur áfram má búast við oddaleik í þessari frábæru rimmu. Ef Detroit ætlar sér sigur í kvöld er ljóst að liðið þarf að stöðva Ray Allen, Kevin Garnett og Paul Pierce sem eru algjörir lykilmenn í liði Boston. Aftur á móti þarf Detroit á því að halda að Chauncey Billups og Richard Hamilton haldi áfram að draga vagninn því annars er ekki von á góðu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ungfrú Ísland 2008 BEINT
### SKJÁR EINN kl. 22.00

Bein útsending frá Broadway þar sem fegurðardrottning Íslands 2008 verður krýnd. Stúlkurnar munu koma fram í tískusýningu, á baðfötum og í síðkjólum þar sem glæsileikinn skín í gegn. Áhorfendur geta tekið þátt í valinu í símakosningu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Smásaga: Marcel vegabóndi
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Listahátíð í Reykjavík 2008
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Wildfire** (10:13)
**17.45 Twenty Four 3** (1:24) (e)
**18.30 The Class** (8:19) Nýr gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í tuttugu ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Wildfire** (10.13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
▶**20.45 Twenty Four 3** (1:24) Þrjú ár eru liðin frá baráttu leyniþjónustumannsins Jacks Bauer við hryðjuverkamenn sem ætluðu að sprengja Los Angeles í loft upp. Hafi Bauer gert sér vonir um náðugri daga getur hann gleymt öllu slíku. (e)
**21.30 The Class** (8:19)
**22.00 Bones** (9:15) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.45 Moonlight** (2:16) Nýr rómantískur spennuþáttur með yfirnáttúrulega ívafi. Mick St. John er sjarmerandi, dáleiðandi og ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles.
**23.30 ReGenesis** (13:13)
**00.20 Rock School** (4:4)
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust. Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir.
**21.00 Skoðanaskipti** Í þættinum verður rætt um borgarmenningu Umsjón: Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi.
**21.30 Íslands Safari** Umræður um fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag. Umsjón: Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## DR 1

**8.00** Nyheder fra Grønland **8.30** Med lov skal land bygges **9.00** Danskernes Krønike **9.30** Formiddag med Nis Boesdal **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Ærlig talt **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Asfaltblomster **11.50** Forandring på vej **12.20** Elsker dig for evigt? **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** That's So Raven **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Award '08 **19.00** TV Avisen **19.30** The Patriot **22.10** Anklaget **22.50** Boogie Listen

## NRK 1

**7.15** I kveld **7.45** Fra fastfood til fest **8.10** Redaksjon EN **8.40** Hagen i Hune **9.10** Naboer **9.35** Naboer **10.00** NRK nyheter **10.10** Tinas mat **10.40** Columbo **11.50** Hekta på opera **12.35** Giro d'Italia direkte: 19. etappe **15.30** Oddasat - Nyheter på samisk **15.45** Historien om _ **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mille og Martin **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **18.00** Ville og vakre Kina **18.50** 20 spørsmål **19.15** OL-kvalifisering håndball, menn: Norge-Spania **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen: Kalde spor **22.55** Freddie Mercury - et magisk liv **23.40** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**8.00** Anaconda **8.30** Ramp **9.00** Vadå handikappad... **9.50** All rätt i världen **10.00** Rapport **10.05** Minnenas television **12.15** Glasklart **13.15** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** I trädgården med Camilla Plum **15.30** Plus sommar **16.00** Bolibompa **16.30** Rasmus på luffen **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Handboll: OS-kval **19.45** Angel Eyes **21.25** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.50** Morgonsoffan **22.20** Elephant **23.40** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég fer á Á næstu grösum á Laugaveginum eða á Grænan kost. Síðan fer ég öðru hvoru á Mann lifandi. Ég borða meira af grænmeti en kjöti því líffræðilega hentar það mér betur. Ég borða kjöt á hátíðarstundum en bara lambakjöt og kjúkling.“*

Jónatan Garðarsson fjölmiðlamaður.



**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, 6. hæð, 8. segi upp, 9. hlemmur, 11. guð, 12. frárennsli, 14. ról, 16. í röð, 17. slagbrandur, 18. ennþá, 20. 950, 21. betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, 3. tveir eins, 4. tengingur, 5. keyra, 7. niðurnuminn, 10. sönghópur, 13. lærir, 15. óhreinka, 16. húðpoki, 19. átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. örva, 6. ás, 8. rek, 9. lok, 11. ra, 12. skólp, 14. kreik, 16. hí, 17. slá, 18. enn, 20. lm, 21. snap.
**LÓÐRÉTT:** 1. háls, 3. rr, 4. verpill, 5. aka, 7. sokkinn, 10. kór, 13. les, 15. káma, 16. hes, 19. na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Sigurður Ragnar Eyjólfsson.
2. Hljómar.
3. Bobbys Kiosk.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Þorsteinn J. umkringdur varnartröllum

„Mér finnst þeir bara hafa mjög skemmtilega afstöðu til fótboltans,“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson, sem stjórnar upphitunar- og eftirmálsþáttum um Evrópumótið í knattspyrnu í sumar. Hann hefur fengið varnartröllin Pétur Hafliða Marteinsson úr KR og Auðun Helgason frá Fram til liðs við sig í þáttinn. Sjálfur var Þorsteinn bakvörður á sínum yngri árum og komst aldrei framar á völlinn en sem „framliggjandi“ miðvörður.

Spurður hvort þetta væri þá ekki aðeins of varnarsinnaður þáttur sagði Þorsteinn að leikmenn á aftasta hluta vallarins hefðu góðan leikskilning, þeir sæju allan völlinn á meðan sóknarmenn sæju bara markið. „Annars fæ ég líka til mín góða gesti og þar hljóta að slæðast inn í einhverjir senterar.“

EM í Sviss og Austurríki er fjórða stórmótið sem Þorsteinn er viðloðandi en hann byrjaði með „óhefðbundna“ umfjöllun um mótið í kringum HM í Frakklandi árið 2002 ásamt Snorra Má Skúlasyni. Þá voru þeir félagar á Sýn en færðu sig síðan yfir á RÚV þegar EM var í Portúgal 2004. „Síðan var þátturinn mjög stór í sniðum á Sýn fyrir tveimur árum þegar HM í Þýskalandi var og þá var maður öfundaður töluvert fyrir að „þurfa“ að horfa á alla leikina og sjá sex þeirra í Þýskalandi.“

Þorsteinn er nú kominn aftur yfir á RÚV og því kannski eðlilegt að velta því fyrir sér hvort hann liggi á hurðarhúnum sjónvarpsstjóranna þegar stórmót í knattspyrnu standa fyrir þrifum? „Nei, reyndar ekki, ég hef verið svo heppinn að menn hafa beðið mig um þetta en ekki öfugt.“

- fgg



**VARNARSINNAÐUR ÞÁTTUR** Þorsteinn Joð hefur fengið þá Auðun Helgason, til vinstri, og Pétur Hafliða Marteinsson til að aðstoða sig við EM-þáttinn sinn.



**GLÆSILEGT EN ÓHREYFT** Dýrasta grill landsins kostar tæpar þrjú hundruð þúsund krónur og margir hafa látið sig dreyma um þessi herlegheit. Enginn hefur hins vegar keypt það. Kristján Ágúst, verslunarstjóri í Ellingsen, bíður eftir fyrsta viðskiptavininum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRISTJÁN ÁGÚST: GASGRILL Á 300 ÞÚSUND HEFÐI SELST Í FYRRASUMAR

# Dýrasta og flottasta grill landsins selst ekki í kreppu

„Ég hefði ekki slegið hendinni á móti því ef þetta grill hefði verið til sölu í fyrra. Núna, eins og efnahagsástandið er, þá standa menn hins vegar bara og dást að því og láta sig dreyma. Við höfum sem sagt ekki selt eitt einasta en bíðum eftir þeim fyrsta. Hann verður þá væntanlega grillkóngur Íslands,“ segir Kristján Ágúst Baldursson, verslunarstjóri Ellingsen, sem hefur tekið til sölu dýrasta gasgrill landsins. Ferlíkið var ekki til sölu í fyrra þegar góðærið stóð sem hæst en nú, þegar krepputal umlykur allt, hafa menn lítinn áhuga á slíkum lúxus.

Herlegheitin eru frá Coleman og kostar grillið tæpar þrjú hundruð þúsund krónur. Reyndar er grillið með smá afslætti um þessar mundir en sá afsláttur dugar skammt til að svipta grillið titlinum „dýrasta grill Íslands“. „Menn þurfa að hafa ansi góða verönd til að koma því fyrir svo vel sé,“ útskýrir Kristján Ágúst. Hann hefur orðið mikið var við að menn komi inn í verslunina og staldri við í dágóða stund fyrir framan grillið, virði það fyrir sér með stjörnur í augum en láti það vera að rífa upp veskið fyrir ferlíkið. Menn sem vilji vera flottir á því kaupi sér grill fyrir „aðeins“ hundrað þúsund krónur en vinsælast sé að festa kaup á þessu þarfaþingi sem gasgrill er fyrir sléttar fimmtíu þúsund. En að Rolls Royce hins íslenska grillara. Það er hlaðið margvíslegum aukabúnaði og þar má kannski helst nefna pitsuofninn sem er í skúffu undir ofninum. Hann er tengdur í rafmagn og getur svalað matarfíkn ungra og matvandra Íslendinga sem vilja ekki sjá grillaðan lax eða lamb heldur bara margarítu að hætti hússins. Grillið er með fjóra innrauða brennara og snúningstein ef menn vilja grilla lambalæri eða svín í heilu lagi. „Þetta er kannski ekki alveg rétti tíminn fyrir svona grill en hver veit, kannski langar einhvern í svona og þá er hann velkominn.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sverrir Stormsker** er einn þeirra sem eru skráðir til leiks í pílagrímsförina miklu til Liverpool á vegum FTT í dag. Sverrir fer eigin leiðir og flýgur ekki til Liverpool eins og hinir í hópnum heldur kemur akandi til leiks frá London. Ástæðan er sú að hann var að skemmta þar á Eurovisionhátíð mikilli sem fram fór á vegum Íslendingafélagsins ásamt **Öldu Ólafsdóttur** söngkonu. Hefur aldrei verið eins mikil mæting á skemmtan félagsins og nú var en alls mættu um 250 manns í organdi og veinandi stemmningu.



**Dísa**, söngkonan unga, hélt utan í gær til tónleikahalds í Danmörku. Hún fer ásamt hljómsveit sinni Moses High Tower og heldur tónleika í Svenborg, Árhúsum og víðar auk þess sem hún kemur meðal annars fram á hinu þekkta Sportfestivali um næstu helgi. Plata Dísu hefur hlotið mjög góðar viðtökur hér og nú er að sjá hvernig baunanum líkar.



Frétt Fréttablaðsins í gær af uppboði antíksalans **Jónasar Ragnars Halldórssonar** í Hafnarfirði á laugardaginn vakti mikla athygli. Rigndi fyrirspurnum til blaðamanns í kjölfarið en hann þótti spyrja út í aukaatriði svo sem uppboðið en ekki nánar út í það hvernig Jónas fór að því að losa sig við 73 kíló. Nú, Jónas skipti algerlega um lífsstíl, hætti að borða sykur og brauð og fór að stunda Sundlaugina í Hafnarfirði. Losaði sig þannig við 30 kíló og hafði þar með unnið sér inn rétt til að fara í magahjáveituaðgerð á Reykholti sem hann og gerði nánar tiltekið þann 9/11 árið 2006.



- jbg

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ BESTA HJÁ OKKUR

úrval fiskrétta, lúðu, skötusel, lax
signa grásleppu, kinnar og margt fleira.



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

512 50 50
Auglýsingasími
Mest lesið

# Auddi brjálaður út í Séð & heyrt

„Nei, við Hemmi Gunn erum bestu vinir og horfum saman á United-leiki þegar tækifæri gefst til. Þeir á Séð & heyrt eru bara að búa til eitthvert leiðindamál,“ segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal.

Á forsíðu nýjasta heftis tímaritsins þykir Auðuni vera gefið í skyn að slest hafi upp á vinskap þessara sívinsælu kappa og að hann hafi sært hjarta Hemma. Auðunn vísar þessu alfarið á bug en viðurkennir að hafa kannski sagt misheppnaðan brandara í útvarpsþætti nýverið. Forsagan er sú að spákonan Ellý Ármanns hafði verið að spá fyrir Auðuni hjá Jóa og Simma á Bylgjunni. Þar hafi Ellý séð það fyrir að Auðunn yrði næsti Hemmi Gunn og Auðunn svaraði því til að þá yrði hann bara alltaf fullur. „Þetta var illa ígrundaður djókur. Ég bað Hemma afsökunar á honum enda var ég meira að gera grín að sjálfum mér en honum,“ útskýrir Auðunn og tekur skýrt fram að Hermann Gunnarsson sé og verði fyrirmynd hans. „Ef það er einhver sem ég vildi líkjast þá er það Hemmi Gunn.“

- fgg



**VINUR AUDDA** Hemmi Gunn og Auðunn Blöndal horfa saman á leiki Manchester United.



**SVEKKTUR** Auðunn segist ekki hafa ætlað að særa Hemma Gunn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

viking
Guaranteed waterproof footwear




**2.999**

Pirat stígvél
Bleik, rauð og svört
St. 21-33

# ÁREIÐANLEGA ÞURR
## Í VIKING STÍGVÉLUM OG SKÓM



Stígvél - Fish & Ocean 2.999
Bleikt og blátt, st. 19-26



Stígvél - Splash 2.499
Rautt og blátt, st. 21-33



Stígvél - Billy/Kunto Verð frá 2.999
Billy, st. 29-47/Kunto m/spennu, st. 24-47



Gúmmískór Verð frá 1.499
Svartur/New Camo, st. 25-47



Gúmmískór Verð frá 1.899
New Flower, st. 19-41/New Shark, st. 19-35



Gúmmískór 1.699
Blár, st. 21-41/rauður, st. 19-41

Fáanlegt í öllum verslunum Hagkaupa

J.S. GUNNARSSON ehf.
FOSSALEYNIR 10,
112 REYKJAVÍK

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar

## Krafin svars

Í vetur spjallaði ég við leikskólakennara sem tjáði mér að hún ætti stundum í stökustu vandræðum með að svara spurningum barnanna þegar eilífðarmálin bæri á góma. Henni fannst hún ekki hafa neinn rétt til að segja börnunum frá afstöðu sinni í þeim efnum, í því fælist trúarleg innræting sem hún mætti alls ekki gerast sek um. Sjálf missti hún móður sína þegar hún var barn. Þegar börnin spyrja hana hvar móðir hennar sé nú finnst henni hún ekki geta svarað þeim samkvæmt sannfæringu sinni að hún sé engill á himnum og bíði hennar þar.

**ÞEGAR** við erum spurð svörum við, hvort sem við gerum okkur grein fyrir því eða ekki. Það er svarað með þögninni og því að fara undan í flæmingi. Það eru kannski verstu svörin sem börnin geta fengið. Í því felast þau skilaboð að spurningin hafi verið óviðurkvæmileg, börnin hafi gert eitthvað af sér án þess að þau hafi neinar forsendur til að vita hvað. Er betra að innræta þeim það?

**BÖRN** búa nefnilega yfir þrákelkni í ríkum mæli. Þau finna svör við spurningunum sem leita á þau. Ef þau fá ekki svörin hjá foreldrum sínum eða kennurum leita þau þeirra annars staðar, hjá jafnöldrum eða fólki sem hikar ekki við að deila skoðunum sínum með hverjum sem er. Oft vegna þess að í huga þess eru skoðanir þess ekki skoðanir heldur staðreyndir. Ég held að börn hafi gott af því að vita að það eru ekki allir á einu máli um þetta, að þau sjái að þótt pabba og mömmu finnist eitt, kennaranum annað og foreldrum félaganna jafnvel enn annað, þá komi öllu þessu fólki vel saman og sýni hvað öðru virðingu.

**BÖRN** eru einlæg og heiðarleg. Þau eiga heimtingu á að vera svarað jafnheiðarlega og af sömu einlægni, óháð því hverjar hugmyndir okkar um framhaldslíf eða skort á því eru. Hvort sem við trúum því að látnir ástvinir okkar bíði okkar í einhvers konar handantilveru, þeir séu endurfæddir í nýjum líkama eða jafndauðir og síld í tunnu og horfnir að eilífu, þá ættum við að vera óhrædd að ræða þá trú okkar, við börn vitaskuld af þeirri nærgætni sem sýna ber þeim.

**HINS** vegar er líka nauðsynlegt að bæta við: „En þetta er bara það sem ég trúi. Um þetta verður ekkert vitað með vissu. Þú verður sjálf(ur) að ákveða hverju þú vilt trúa – og hvers vegna."



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 30. maí, 152. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.27 | 13.25 | 23.25 |
| Akureyri | 2.40 | 13.09 | 23.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Brisa Sol - Albufeira**



Snyrtilegt, fjölskyldurekið íbúðahótel með fallegum og vönduðum íbúðum. Sundlaugargarður og góð aðstaða fyrir börnin.

Verðdæmi: **69.904,-**

m.v. 2 með 2 börn í íbúð m/svefnherb. og stofu í 2 vikur 19. og 26. júní. Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 2 vikur 19.og 26. júní 97,948,-

**Marina Club Suites - Lagos**



Nýtískulega innréttuð og vel búin herbergi og íbúðir við höfnina. Barnalaug, barnaleiksvæði, líkamsrækt, sauna og heilsulind.

Verðdæmi: **88.644,-** á mann með morgunverði

m.v. 2 með 2 börn í íbúð m/svefnherb. og stofu í 2 vikur 26. júní Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 2 vikur 26. júní 123,544,-

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Á sólríkum ströndum Algarve í Portúgal finnur þú paradís sóldýrkenda í landi andstæðna og fjölbreytni; líf og fjör á ströndinni, hljóðlát þorp í fjöllunum þar sem lífið gengur sinn vanagang. Fjölmargir íslenskir ferðalangar þekkja Albufeira í Algarve-héraðinu en nú hefur bæst við nýr áfangastaður, Lagos; fjörlegur baðstrandabær sem á eftir að slá í gegn. Margir góðir golfvellir eru á svæðinu og úrval af vatnasporti. Svo er auðvitað stutt til höfuðborgarinnar Lissabon og Sevilla á Spáni.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS